og umsvifum á landsbyggðinni. Með sameiningu Fjarðalax og Arnarlax á sunnanverðum Vestfjörðum, undir merkjum Arnarlax, varð til eitt stærsta fyrirtæki Vestfjarða með yfir 100 starfsmenn og 6 milljarða króna veltu á þessu ári. Þá má einnig nefna mikla uppbyggingu sem á sér stað í Dýrafirði og gera má ráð fyrir í Ísafjarðardjúpi. Á Austfjörðum er einnig umsvifamikild laxeldi í Berufirði og í undirbúningi er eldi í bæði Fáskrúðsfirði og Reyðarfirði.

Atvinnuuppbygging á landsbyggðinni

Fiskeldi er atvinnugrein sem krefst mannafla og mikillan stöðþjónustu. Þess vegna fylgir eldinu mikil atvinnuuppbygging sem glöggst sér merki á sunnanverðum Vestfjörðum þar sem ásynd atvinnulífsins er nú gjörbreytt frá því sem áður var, einmitt vegna uppbyggingar laxeldisins. Um þessar mundir eru rúmlega 400 bein störf í fiskeldi á Íslandi og á næsta ári verða þau að líkindum orðin 500. Öll uppbyggingin hefur átt sér stað á landsbyggðinni. Þá á sér einnig stað uppbygging í stöðgreinum fiskeldisins þar sem ýmis tækifæri er að finna. Má þar nefna fódurframleiðslu og flutninga á bæði aðföngum og afurðum, nótaþvott, köfun og aðra þjónustu við sjókvíastöðvarnar. Þá er einnig stöðug og vaxandi þörf fyrir þjónustu tækni- og iðnaðarmanna auk þjónustu menntastofnana sem þegar eru farnar að laga sig að aukinni eftirspurn eftir sérmenntuðu

starfsfólki. Atvinnugreinin skapar því fjölmörg spennandi tækifæri fyrir ungt fólk þegar kemur að framhaldsmenntun.

Að lokum má nefna örfáar alþjóðlegar staðreyndir um þá atvinnugrein sem fiskeldið er.

Meira en 50% af öllu sjávarfangi sem neytt er í heiminum kemur frá eldi. Samkvæmt skýrslu Sameinuðu þjóðanna þarf að auka fiskeldi í heiminum um 50 til 80 milljónir tonna á næstu tveimur áratugum eigi að koma í veg fyrir skort á sjávarfangi. Til að framleiða 1 kg af laxi þarf 900 lítra af vatni. Sambærilegar tölur fyrir hrisgrjón eru 3.500 lítrar og kílóid af nautakjöti tekur til sín 15 þúsund lítra af vatni. Á sama tíma búa 1,8 milljarðar íbúa jarðar við vatnsskort. (Heimild: UN) Ekkert eldisdýr kemst nálægt laxfiskum í lágmarkum umhverfisáhrifa og kolfnisfótsþors þegar kemur að fódurstuðli því að meðaltali er notað 1 kg af fódri til að framleiða 1 kg af laxi. Kjúklingarækt krefst tveggja kílóa af fódri til framleiðslu á einu kíló af kjóti og nautgriparækt þarf 10 kg af fódri til að framleiða 1 kg af kjóti.

Það eru sterk rök, í senn efnahagsleg, samfélagsleg og siðferðileg, með áframhaldandi þróun sjókvíaldis hér við land á þeim takmörkuðu svæðum sem atvinnugreininni hefur verið úthlutað, fjarrí villtum laxastofnum. Þeir frumkvöðlar sem synt hafa á móti stráumnum og byggt upp samfélagslega mikilvæg fyrirtæki í greininni hafa sýnt og sannað að þetta er hægt á Íslandi sé rétt að málum staðið.

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is





HARPA

VERIÐ VELKOMIN Í ÆVINTÝRAHÖLLINA OKKAR ALLRA

5 ára afmælishátíð Hörpu á Menningarnótt



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS



ÍSLENSKA ÓPERAN

STÓRSVEIT
REYKJAVÍKUR

Á Menningarnótt eru 5 ár liðin frá vígslu Hörpu. Af því tilefni bjóðum við upp á einstaklega metnaðarfulla dagskrá þar sem íbúar hússins, **Sinfóníuhljómssveit Íslands**, **Íslenska óperan** og **Stórsveit Reykjavíkur**, verða áberandi.

Jafnframt munu góðir heimilisvinir láta ljós sitt skína. Þar má nefna **Múlan jazzklúbb**, **Bliktrommuna** og **Upptakt** auk þess sem **Perlur íslenskra sönglaga** og **Reykjavík Classics** kynna starfsemi sína. Þá fá gestir innsýn í dagskrá **Sígilda sunnudaga**, nýrrar tónleikaraðar sem hefst í vetur. **Diddú** og **Bergþór** syngja auk þess sem hægt verður að leika á ljósaorgel á glerhjúpnum.

Heilmikil dagskrá verður fyrir börnin, þar á meðal stórkostleg **barna-leiksýning frá Kína**, **Sirkus Íslands**, gjafir frá **Maxímús Músíkús** og góðgæti í boði konditori Veisluþjónustu Hörpu.

Um kvöldið verður bein útsending í Silfurbergi frá **tónleikum á Arnarhóli**.

Mættu í húsið þitt og fagnaðu með okkur á Menningarnótt!

Kynntu þér alla dagskrá Menningarnætur í Hörpu á harpa.is/menningarnott

www.harpa.is

#harpa

[f](#) [@](#) [t](#) [s](#) [v](#) [e](#) [@harpareykjavik](#)

Harpa tónlistar-
og ráðstefnuhúsið
í Reykjavík

Austurbakki 2
101 Reykjavík
528 5000



Andri Rafn Yeoman, leikjahæsti leikmaður Blika í efstu deild frá upphafi, á heimavellinum í Smáranum. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

Hættur að vera vanmetinn

Andri Rafn Yeoman náði þeim merka áfanga á mánudaginn að verða leikjahæsti leikmaður Breiðabliks í efstu deild, þrátt fyrir að vera aðeins 24 ára gamall. Andri tók metið af þjálfara sínum, Arnari Grétarssyni.

Ingví Þór
Sæmundsson
ingvithor@365.is



FÓTBOLTI Sigur Breiðabliks á Þrótti á mánudaginn fer kannski ekki í neinar sögubækur. Hann var þó merkilegur fyrir einn leikmann öðrum fremur, Blikann Andra Rafn Yeoman. Leikurinn gegn Þrótti var 144. leikur Andra í efstu deild og hann er því orðinn leikjahæsti leikmaður Breiðabliks í efstu deild frá upphafi, aðeins 24 ára gamall.

„Ég rak augun í þetta um daginn, að það færi að stytast í þetta,“ sagði Andri í samtali við Fréttablaðið, aðspurður hvort hann hafi verið meðvitaður um að hann væri að nálgast leikjameitið. „Þetta var ekkert sem ég hugsaði um á hverjum degi en ég vissi af þessu.“

Það sem gerir þennan áfanga kannski merkari en ella er að Andri tók leikjameitið af þjálfara sínum, Arnari Grétarssyni. Leiðir þeirra tveggja lágu fyrst saman tímabilið 2009 sem var það fyrsta hjá Andra í meistaraflökki og það síðasta hjá Arnari. Í síðasta leik tímabilsins, bikarúrslitaleiknum gegn Fram sem Blikar unnu í vítakeppni, kom Andri, sem var 17 ára, svo inn á fyrir Arnar sem er 20 árum eldri en hann.

Arnar ekki fúll

„Á mínu fyrsta ári í meistaraflöknum er Ólafur Kristjánsson þjálfari og Arnar spilandi aðstoðarþjálfari. Það er mjög skemmtilegt að maður taki metið af honum þegar hann er þjálfarinn,“ sagði Andri sem efast um að Arnar sé brjáláður út í hann. „Það held ég nú ekki. Hann er

einn af þeim fáu sem gátu komið í veg fyrir þetta. Hann getur þá bara sjálfum sér um kennt,“ bætti Andri við og hló.

Frá því að Andri kom inn í meistaraflökkin hefur hann nánast ekki misst úr leik. Það mætti líkja miðjumanninum snjalla við traust þýskt raftæki: bilar aldrei og er afar endingargóður.

„Þetta hefur gengið nokkuð vel, þó svo að leikirnir hafi verið færri í upphafi og ég hafi tekið minni þátt í leikjunum,“ sagði Andri sem spilaði framarlega á vellinum fyrstu árin sín í meistaraflökki. En síðustu ár hefur hann leikið á miðjunni, stöðu sem hann spilaði í yngri flokkunum.

„Það tók mig smá tíma í meistaraflökkin að komast í þá stöðu sem mér líður best í. Ég hef alltaf verið miðjumaður og frekar spilað aftar en hitt,“ sagði Andri.

Þrátt fyrir að hafa verið lykilmáður í sterku Blikaliði undanfarin ár og varla misst úr leik ber oft ekki mikið á Andra og það fer ekki mikið fyrir honum í umræðunni.

Líður vel utan sviðsljóssins

„Maður heyrir oft talað um hvað maður sé vanmetinn og þá er maður eiginlega hættur að vera vanmetinn, er það ekki? Hinn almenni áhugamaður tekur kannski ekki mikið eftir manni en þeir sem hafa meira vit á þessu og velja í liðið vita hvað til þarf þegar þú setur ellefu menn saman á fótboltavöll,“ sagði Andri sem segir að umræðan, eða skortur á henni, trufla hann lítið.

„Nei, alls ekki. Það er frekar öfugt. Þetta er vöð þægilegt, að horfa á samherjana blómstra. Það gefur manni mikið,“ sagði Andri. Hann

Spilar nánast alla leiki

● Frá því Andri lék sinn fyrsta leik í efstu deild 13. júlí 2009, í 1-0 tapi fyrir Grindavík, hefur hann leikið **144** af **159** leikjum Blika. **Það gerir 90,5% leikja.**

● Síðustu fimm tímabil hefur Andri leikið **98** af **103** leikjum Blika, þar af 90 í byrjunarliði. **Það gerir 95,1% leikja.**

● Andri hefur leikið **7.794** af þeim **9.270** mínútum sem voru í boði síðustu fimm tímabil í Pepsi-deildinni.



Maður heyrir oft talað um hvað maður sé vanmetinn og þá er maður eiginlega hættur að vera vanmetinn, er það ekki?

Andri Rafn Yeoman

er nokkur sáttur við frammistöðu sína í sumar.

„Já, sérstaklega framan af og nú undanfarið. Heilt yfir held ég að ég geti verið nokkuð sáttur. En maður vill auðvitað alltaf gera betur og ná meiri stöðugleika.“

En hvert stefnir þessi leikjahæsti leikmaður Breiðabliks í efstu deild í framtíðinni?

„Meðan maður hefur gaman af

þessu heldur maður áfram. En það er líka ýmislegt annað sem maður gerir á daginn og vill gera betur,“ sagði Andri sem stundar verkfræðinám við Háskóla Íslands. En er draumurinn um atvinnumennsku til staðar?

Ekki hinn týpiski ungi leikmaður

„Bæði og, ég er kannski ekki hinn týpiski ungi leikmaður á Íslandi sem er með einhverja háleita drauma um það. En auðvitað væri gaman að reyna sig á stærra sviði. Ég tala nú ekki um þegar maður er kominn á þennan aldur, að komast í nýtt umhverfi og sjá hvað kemur út úr því,“ sagði hann.

Andri segist hafa hugsað mest um atvinnumennskuna þegar hann spilaði með U-21 árs landsliðinu í undankeppni EM 2015.

„Maður var kannski uppteknari af þessu þegar leikmennirnir sem voru með manni í liði voru að fara í erlend félög. En ég veit ekki hvort það er rétta leiðin til að komast lengra, að vera of upptekinn af þessu,“ sagði Andri.

Þrátt fyrir brösótt gengi í sumar eru Blikar aðeins fimm stigum á eftir toppliði FH. Draumurinn um annan Íslandsmeistaratilinn í sögu félagsins er því enn til staðar.

„Þetta eru ekki meira en fimm stig og það hefur í raun ekkert lið náð þeim stöðugleika sem til þarf til að slíta sig algjörlega frá pakkanum. Meðan það breytist ekki dugar að setja saman nokkra sigurleiki og þá er staðan orðin allt öðruvísi,“ sagði Andri sem heldur að öllum líkindum áfram að bæta leikjameitið sitt á morgun þegar Blikar sækja KR heim í 17. umferð Pepsi-deildarinnar.

Nýjast

Enska úrvalsdeildin

Man Utd - Southampton 2-0

1-0 Zlatan Ibrahimovic (36.), 2-0 Zlatan, viti (52.).

Zlatan Ibrahimovic skoraði bæði mörk United í fyrsta heimaleiknum undir stjórn José Mourinho.

Inkasso-deild karla:

Fjarðabyggð - Selfoss 0-0

DAGUR EKKI Í ÚRSLIT

Dagur Sigurðsson var hársbreidd frá því að koma þýska handbolta-landsliðinu í úrslit á Ólympíuleikum. Þjóðverjar töpuðu með eins marks mun, 29-28, fyrir Ólympíumeisturum Frakka í gær. Daniel Narcisse skoraði sigurmark franska liðsins þegar þrjár sekúndur voru eftir af leiknum. Hinum undanúrslitaleiknum, milli Dana og Pólverja, var ekki lokið þegar blaðið fór í prentun.

FANNEY EVRÓPUMEISTARI

Kraftlyftingakonan Fanney Hauksdóttir varði í gær Evrópumeistaratitil sinn í bekkpressu í -63 kg flokki. Fanney lyfti mest 155 kg. Auk þess að vera tvöfaldur Evrópumeistari í bekkpressu er Fanney heimsmeistari í greininni.

Í dag



Enska úrvalsdeildin:

11.35 Stoke - Man City Sport
13.50 Burnley - Liverpool Sport
16.20 Leicester - Arsenal Sport
18.00 Watford - Chelsea* Sport 2
18.15 Tottenham - Palace* Sport 3
18.30 Swansea - Hull* Sport
19.40 WBA - Everton* Sport 2
**frumsýning á viðkomandi leik*

Fótbolti karla, bronsleikur:

16.00 Nígería - Hondúras Sport 2

Fótbolti karla, úrslitaleikur

20.30 Brasilía - Þýskaland Sport

Aðrir viðburðir á dagskrá:

13.00 Golf kvenna Sport 4/Golfst.
16.10 Barcelona - Betis Sport 3
19.00 Wyndham Champ. Golfst.
02.00 UFC: Diaz - McGregor Sport

Inkasso-deild karla:

14.00 Haukar - Leiknir F. Ásvellir
14.00 Grindavík - HK Grindavík
14.00 Fram - Keflavík Laugardalsv.

Á morgun



Enska úrvalsdeildin:

12.20 Sunderland - Boro Sport
14.50 West Ham - Bournem. Sport

Körfulbolti karla, bronsleikur:

14.30 Spánn - Serbía/Ástral. Sport 2

Körfulbolti karla, úrslitaleikur:

18.30 BNA - Serbía/Ástralía Sport 2

Aðrir viðburðir á dagskrá:

10.55 Ipswich - Norwich Sport 2
15.50 KA - Leiknir R. Sport 3
17.00 Wyndham Champ. Golfst.
17.30 KR - Breiðablik Sport
18.10 Sociedad - R. Madrid Sport 3

Pepsi-deild karla:

18.00 Víkingur Ó. - Fjölnir Ólafsvík

Inkasso-deild karla:

16.00 Huginn - Þór Seyðisfjörður

Stærsti og öflugasti dísiljeppinn í sínum flokki



NÝR FORD **EDGE AWD**

Vertu á undan. Farðu ótroðnar slóðir

- Ford Edge veitir þér frelsi til að fara lengra. Framúrskarandi aksturseginnleikar, kraftmikið útlit og fyrsta flokks tækni setja Ford Edge fremstan í sínum flokki. Hann er fjórhjóladrifinn, búinn 210 hestafla dísilvél og kemur á 19" Titanium álfelgum.

Þú nýtur þess að ferðast í nýjum Ford Edge. Hann er gríðarlega rúmgóður enda er hann stærsti jeppinn í sínum flokki, rúmir 4,8 m. Dráttargetan er mikil eða 2.000 kg og veghæðin er rúmir 20 cm undir lágsta punkt.

Hann er jafnframt hlaðinn búnaði og notendavænni tækni sem eykur bæði þægindi og akstursánægju. Meðal staðalbúnaður er:

- SYNC II samskiptakerfi með Bluetooth og neyðarhringu í 112
- 8" snertiskjár
- Íslenskt leiðsögukerfi
- Bakkmyndavél
- Veglínuskynjari
- Umferðaskiltalesari
- Rafdrifinn afturhleri með skynjara
- Upphitanleg Quickclear framrúða
- Leðurklætt upphitanlegt stýrishjól
- Ford MyKey
- Lyklalaust aðgengi

FORD **EDGE AWD**

SJÁLFSKIPTUR 210 HÖ DÍSIL

FRÁ **8.390.000** KR.

**Komdu og prófaðu hljóðláta
dísiljeppann Ford Edge AWD**



ford.is



Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Sóludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16

Gerðu samanburð og þú munt sjá að Ford Edge er gríðarlega vel búinn. Til viðbótar við ofantalið er eftirfarandi einnig staðalbúnaður: hraðastillir með hraðatakmarkara, tvöföld tölvustýrd miðstöð, vandað hljómkkerfi með 9 hátölurum, nálægðarskynjarar að framan og aftan, starthnappur, sólarvörn í framrúðu og regnskynjari í framrúðu. Ford Edge er fáanlegur í þremur útfærslum: Titanium, Titanium S og Sport. Ford Edge AWD 2,0 TDCi dísil 210 hö. 6 þrepa sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 5,9 l/100 km. CO₂ losun 149 g/km. ♦ Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.



Óskar Ófeigur Jónsson
ooj@365.is



FIMLEIKAR Fimleikakonan Eyþóra Elísabet Þórsdóttir varð óvænt ein af stjórnnum Íslands á Ólympíuleikunum í Ríó enda stóð hún sig frábærlega á sínum fyrstu leikum. Eyþóra keppir fyrir Holland en þessi skemmtilega stelpa lítur líka á sig sem Íslending.

Fréttablaðið hitti á Eyþóru eftir að hún hafði lokið keppni á leikunum. Hún endaði þar í níunda sæti í úrslitum í fjölþraut og í sjöunda sæti með Hollandi í liðakeppninni. Aðeins fimm konur sýndu betri æfingar á gólfi í úrslitum fjölþrautarinnar.

Við hittum Eyþóru fyrir úrslitin á jafnvægislánni þar sem liðsfélagi hennar í hollenska liðinu, Sanne Wevers, átti klukkutíma síðar eftir að vinna óvæntan sigur á bandarísku ofurstjórnunni Simone Biles. Simone Biles vann fjögur gull en varð að sætta sig við brons á slánni.

Erfið bakmeiðsli

Eyþóra Elísabet var sátt við frammi-stöðu sína á leikunum. „Ég er mjög ánægð með þetta. Það er frábært að vera hér og geta náð svona góðum árangri,“ segir Eyþóra en hún missti mikið úr árið 2014.

„Ég var að glíma við bakmeiðsli í eitt ár og var eiginlega bara dottin út úr fimleikunum. Ég er mjög stolt af sjálfri mér að koma til baka og komast inn á Ólympíuleika,“ segir Eyþóra og þetta leit ekki vel út fyrir hana fyrir aðeins tveimur árum.

„Ég var næstum því hætt, en svo fór ég til hnykkjara sem var mitt lokaúræði. Það tókst að laga þetta og þá hélt ég áfram í fimleikunum. Núna fer ég til hnykkjara svona einu sinni í mánuði og hann getur gert mjög góða hluti fyrir bakið á mér. Það er bara mjög flott að ég er hérna. Ég hefði getað verið heima og allt búið,“ segir hún. Eyþóra kom mörgum á óvart með góðri frammi-stöðu.

Vill alltaf meira

„Í fimleikum reynir maður alltaf að gera betur og betur. Núna sé ég að ég er farin að nálgast medalíurnar og þá vill maður alltaf meira. Þetta eru fimleikar og maður fær eitt tækifæri. Það er því alltaf spurningin hvort það takist hjá manni eða ekki.“

Stíll hennar vakti líka athygli en hún er fim og létt á fæti og gerir æfingar sínar eins og um dans væri að ræða. Þetta er meira sýning hjá henni en hjá mörgum öðrum fimleikakönnum.

„Ég geri æfingarnar í fimleikunum á minn hátt og það er gaman ef fólk finnst það flott. Ég er að reyna að búa til sýningu í mínum æfingum. Það er líka gaman að fá að njóta þess að vera þarna á gólfinu og geta sýnt sína sögu. Það er bara gaman að vera kölluð ballerína,“ segir Eyþóra.

Síminn fylltist af skilaboðum

Árangur hennar hefur kallað á sterk viðbrögð. „Ég hef fengið mikil viðbrögð frá bæði Hollandi og Íslandi. Síminn minn var alveg „púff“ því það kemur svo rosalega mikið af skilaboðum. Það var líka gaman að vita að amma og fleiri fylgdust með heima á Íslandi,“ segir Eyþóra hlæjandi.

Hún er tiltölulega nýbúin að velja á milli Íslands og Hollands. „Ég þurfti að velja fyrir ári því að annars hefði ég ekki getað keppt fyrir Holland. Ég ákvað að fara aðeins erfiðari leið með því að reyna að komast inn í hollenska liðið og það tókst,“ segir Eyþóra. Hún var ekkert að loka á Ísland með þessari ákvörðun sinni.

„Ísland er líka landið mitt og ég hef góðar tilfinningar þangað.“ En hvað með framhaldið, eigum við von á meiru frá henni?

Fjölskyldan með í Ríó

„Eftir að hafa náð þessum árangri þá langar mig að fara til baka í fimleikasalið minn og gera enn



Fimleikakonan Eyþóra Elísabet Þórsdóttir stóð sig með mikilli þryði á sínum fyrstu Ólympíuleikum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Ísland er líka landið mitt

Eyþóra Elísabet Þórsdóttir var næstum því hætt í fimleikum vegna bakmeiðsla fyrir aðeins tveimur árum en nú snýr hún heim frá Ríó sem níunda besta fimleikakona ÓL og hluti af sjöunda besta fimleikaliði ÓL.

þá betur. Vonandi get ég náð einhverjum medaljum á næsta Evrópumóti. Það lítur vel út og sama með heimsmeistarakeppnina. Þar vonast ég líka til að geta gert ennþá betur en hingað til,“ segir Eyþóra. Hún hélt upp á átján ára afmælið sitt

á Ólympíuleikunum en fimleikakonur toppa flestar mjög ungar.

„Ég ætla að reyna að halda áfram eins lengi og ég get. Ef mér finnst fimleikar ekki lengur skemmtilegir þá hætti ég auðvitað. Ég ætla samt að reyna að halda áfram eins lengi

og ég get og þá sé ég bara til hvort líkaminn segir já eða nei.“

Hún á íslenska foreldra og þau voru bæði mætt til Ríó. „Það var mjög gaman að hafa mömmu og pabba hérna. Bróðir minn var líka með og það gerði þetta ennþá

skemmtilegra að hafa þau hérna með mér á Ólympíuleikunum. Það er líka mjög gaman að vera hérna með liði því það er alltaf skemmtilegra en að vera alein. Vonandi verður þetta upphafið að einhverju meira,“ segir Eyþóra að lokum.

WWW.NISSAN.IS



Innovation
that excites

NISSAN X-TRAIL

RÚMGÓÐUR OG SPARNEYTINN SPORTJEPPI
FÁANLEGUR 7 SÆTA



TÆKNILEGUSTU SPORTJEPPIARNIR

Nýju sportjepparnir frá Nissan eru hlaðnir spennandi nýjungum, t.a.m. ÖRYGGISHJÚP, sem byggir á 360° MYNDAVÉLATÆKNI. Hann tekur við upplýsingum frá myndavélum á öllum hliðum bílsins og miðlar þeim til öryggiskerfa sem fylgjast með öllu sem gerist. Kerfin láta ökumann vita þegar eitthvað óvænt steðjar að sem valdið getur hættu.

NISSAN X-TRAIL

ACENTA, SJSK., DÍSIL
Framhjóladrifinn

Verð: 5.190.000 kr.

Eyðsla 5,1 l /100 km*

NISSAN X-TRAIL

ACENTA, BSK., DÍSIL
Fjór hjóladrifinn

Verð: 5.590.000 kr.

Eyðsla 5,3 l /100 km*

ACENTA 360° myndavélakerfi, LED dagljósabúnaður, 17" álfelgur, handfrjáls símabúnaður Bluetooth

Nissan Connect kerfi: Íslenskur leiðsögubúnaður, þráðlaus afspilun á tónlist og tenging við snjallforritin Facebook, Google o.fl.



360° MYNDAVÉLATÆKNI



NISSAN CONNECT



ÖRYGGISHJÚPUR

OPIÐ Í DAG FRÁ 12-16

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bilaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



UM HELGINA TAXX

Allar vörur á taxfree tilboði*

* Taxfree tilboðið gildir öllum vörum nema vörum frá IITTALA og SKOBY og jafngildir 19,35% afslætti.

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður virðisaukaskatt af söluverði. Afslátturinn er alfarið á kostnað Húsgagnahallarinnar.

Reykjavík 10 – 18 virka daga
Bíldshöfði 20 11 – 17 laugardaga
13 – 17 sunnudaga

Akureyri 10 – 18 virka daga
Dalsbraut 1 11 – 16 laugardaga

Ísafjörður
Skeiði 1

www.husgagnahollin.is
558 1100

FREE

LÝKUR Á MORGUN SUNNUÐAG
EKKI MISSA AF ÞESSU



Kungsang segir núðlugerð listform, hann fór í núðluskóla í Osaka í Japan í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Nam núðlugerðarlist í Japan

Kungsang Tsering er fæddur í Tíbet og rekur lítinn japanskan veitingastað við Tryggvagötu. Hann hefur tekið þátt í Krás götumatarmarkaði þar sem langar raðir myndast við básinn hans. Hann segir núðlugerðina listform og fór í sumar í núðluskóla í Japan. Áður en hann fluttist til Íslands vann hann fyrir sér sem máleri í búddískum klaustrum.

Síðasti Krás götumatarmarkaðurinn verður haldinn í Fógetagarðinum í dag. Þar koma saman matreiðslumenn og bjóða gestum upp á ýmsar kræsingar. Einna vinsælastur á markaðnum er Kungsang Tsering. Við bás hans myndast langar raðir. Íslendingar eru hrifnastir af dumpings sem þeim þykir framandi matur og ferðamenn sem sækja markaðinn eru sógnir í djúpsteiktar rækjur.

Kungsang rekur veitingastaðinn Ramen Momo við Tryggvagötu, hann er fæddur og uppalinn í Tíbet en fluttist til Íslands fyrir tæpum sex árum. Hann býr í miðborg Reykjavíkur með eiginkonu sinni Ernu Pétursdóttur og tveimur börnum þeirra.

Matreiðsla, myndlist og íhugun eru ástríða Kungsangs. Hann fór í sumar í núðluskóla í Osaka í Japan. „Að sjóða núðlur og laga núðlusóð er sérstakt listform, á námskeiðinu lærði ég þessa list,“ segir Kungsang

sem vill bjóða Íslendingum upp á alvöru ramen núðlusúpur.

Á litríkum veitingastaðnum er ástríða hans augljós. Gestir staðarins fylgjast með Kungsang útbúa réttina og setja í litríkar postulínskálur. Veggir eru skreyttir hefðbundnum búddamyndum og í búðinni hefur hann einnig stillt upp tveimur útgefnum bókum sínum með mandöluteikningum.

Búddistar nota mandölur í hugleiðslu til að skerpa meðvitund sína og koma á jafnvægi líkama og

sálar. Önnur bóka Kungsangs er með íslenskum mandölum. Í stað austurlenskra þema má sjá íslensk kennileiti, dýr og náttúru.

Hann nam þessa list í klaustrum í Nepal og í Dharamshala á Indlandi. „Ég var sendur fjórtán ára gamall í nám, fór fyrst til Nepals og þaðan til Indlands. Þetta var fimm ára nám og ferðalag,“ segir Kungsang frá.

Í klaustri í Tsuklakhang hittir hann eiginkonu sína. „Hún kom til klaustursins sem sjálfboðaliði og vann við þýðingu texta. Við fluttum fyrst til

Spánar og svo hingað til Íslands,“ segir Kungsang um það hvernig örlögin leiddu hann hingað.

„Ég féll fyrir fegurðinni. Ég byrjaði að vinna á Hótel Reynihlíð í Mývatnssveit. Seinna vann ég á veitingastöðum í Reykjavík og eldaði mat í leikskóla,“ segir Kungsang sem lagði hart að sér við það að stofna sitt eigið litla fyrirtæki. „Ég kann mjög vel við að vera í sjálfstæðum rekstri og ráða sjálfur áherslum,“ segir hann.

kristjanabjörg@frettabladid.is

MENNINGARNÓTT

ÞÚ FÆRÐ ALLAR HEITUSTU GRÆJURNAR HJÁ OKKUR;))



STÆKKAÐU MINNIÐ!
MIKIB ÚRVAL AF MINNISKORTUM Í SÍMA!

MINNISKORT Í ÚRVALI



EKKI VERÐA BATTERILAUS!
EIGUM MIKIB ÚRVAL AF FERÐARAFLÖÐUM Í ÓTAL STÆRÐUM!

FERÐARAFLÖÐUR



TRUST SELFIE

3.990

BLUETOOTH SELFÍ STÖNG



Tölvutek • Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 • Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900 • www.tolvutek.is

TCHAIKOVSKY

Évgení
Ónegin

Tímalaus rússnesk ástargaga

MARGVERÐLAUNAÐUR ÓPERULEIKSTJÓRI
STJARNA FRÁ BOLSHOJ LEIKHÚSINU Í TITILHLUTVERKI

MIÐASALA HAFIN Á WWW.OPERA.IS

HLJÓMSVEITARSTJÓRI **BENJAMIN LEVY** · LEIKSTJÓRI **ANTHONY PILAVACHI**
ANDREY ZHILIKHOVSKY · ÞÓRA EINARSDÓTTIR · ELMAR GILBERTSSON · NATHALÍA D. HALLDÓRSDÓTTIR
HANNA DÓRA STURLUDÓTTIR · ALINA DUBIK · RUNI BRATTABERG · SNORRI WIJUM
KÓR OG HLJÓMSVEIT ÍSLENSKU ÓPERUNNAR · LEIKMYND: EVA SIGNÝ BERGER
LÝSING: BJÖRN BERGSTEINN GUÐMUNDSSON · BÚNINGAR: MARÍA TH. ÓLAFSDÓTTIR
22. OKTÓBER · 29. OKTÓBER · 6. NÓVEMBER · 12. NÓVEMBER

f s i #islenskaoperan



ÍSLENSKA ÓPERAN

Magnús
Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



Þetta er einn af þessum gráu ágústmorgnum þar sem byrjað er að glitna í haustið. Ragnar Kjartansson myndlistarmaður kemur hjólandi upp Hverfisgötuna, með hausinn fullan af hugmyndum, en staldrar við á Gráa kettinum í smá spjall um ferilinn og listina. Ferill Ragnars í myndlistinni hefur verið ævintýri líkastur, hvert vel heppnað verkíð hefur rekið annað, og í sumar var sett upp yfirlitssýning á verkum hans í hinu virta safni Barbican í London. Sýningin hlaut frábærar viðtökur enda á ferðinni mögnuð heildarsýn á verk þess óstöðvandi afls sem Ragnar Kjartansson er svo vísað sé til umfjöllunar Adrian Searle í The Guardian.

Enginn tími – engin saga

„Nú er komið að því að labba niður af tindinum,“ segir Ragnar og hlær dálítið vandræðalega yfir hólinu. Það er reyndar alltaf stutt í brosið og hlaturinn hjá Ragnari og það stendur ekki á svari þegar hann er spurður hvað hafi mótað listamanninn Ragnar Kjartansson.

„Ég er alinn upp í leikhúsinu, sonur leikaranna Guðrúnar Ásmundsdóttur og Kjartans Ragnarssonar og bróðir Sigrúnar Eddu Björnsdóttur og það mótaði mig, skal ég segja þér. Leikhúsið er eins og hlaðborð að því leyti að það notar allar listgreinar en það er rosalega stíft form þar sem þú sem áhorfandi þarft að sitja í salnum, horfa og haga þér. Í leikhúsinu lærði ég að umgangast allt sem efni, hvort sem það var myndlist, tónlist, skáldskapur eða list leikarans. Allt leikhúsfolkíð sem ég ólst upp með umgekkst öll listform af mätulegu kæruleysi og kannski fæ ég það frá því að vera ekki að hafa miklar áhyggjur af forminu. En svo snýst þetta líka alltaf svolítið um form. Gjörningurinn er að mörgu leyti mitt form og ég leitast við að nota hann sem skúlptúr eða málverk. Þannig reyni ég að gera hlutina kjurra í tíma. Ég nota það sem er sviðsett og svo tek ég tímalínuna eða frásögnina í burtu vegna þess að mér finnst aðstæðurnar áhugaverðari en frásögnin.

Í leiklistinni er alltaf verið að segja sögur en það sem er svo frelsandi við myndlistina er að það er ekki form sem segir sögur, heldur form sem býr til. Myndlistin segir svo mikið með því að stilla einhverju fyrir framan þig og hausinn á þér fer í gang. Það finnst mér magnað.“

Lélegur leikari

„Það er mikið frelsi fólgið í þessu. Sú ákvörðun að gerast myndlistarmaður breytti öllu. Þegar ég fann að ég var myndlistarmaður steig ég inn í mesta frelsi sem er til í mannlegu samfélagi, af því að það eru engin mörk nema að maður má ekki vera vondur.“

Það leynir sér ekki á list Ragnars að hann er performer í sér og að auki þekkir hann leikhúsið frá blautu barnsbeini. En engu að síður segir hann að það hafi ekki verið það sem átti fyrir honum að liggja. „Mér fannst leikhúsið með allri sinni svita- og sminklykt alveg geðveikt. En málið er að maður finnur ef maður er lélegur leikari. Mig langaði alveg til þess og var alltaf að leika en ég fann bara að ég hafði þetta ekki. Það er alveg fáránlega kúl að vera góður leikari, að geta sökkst sér inn í eitthvað og hafa þessa geðveiku persónutöfra, en ég bara hafði þetta ekki.

Ákvörðunin um að gerast myndlistarmaður kom svo bara hægt og rólega af því að vera dálítið í kringum myndlistarmenn. Fylgjast með Grétari Reynis, Ingu Síggu, systur hans pabba, og svo var það Ragnar afi, Nýlistasafnið og Dieter Roth dæmið. Maður sá þetta af hliðarlínunni og fannst þetta alltaf aðeins meira kúl en leikhúsið og svo var ég líka ➔



FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Ég er hvítur miðaldra karl að tala um sársauka

Alinn upp í leikhúsi og í nánd við íslenska listamenn fann **Ragnar Kjartansson** sitt listræna frelsi í myndlistinni. Í dag er hann stjarna í heimi alþjóðlegrar myndlistar með yfirlitssýningu á Barbican sem hefur hlotið einróma lof gagnrýnenda frá virtustu miðlum veraldar.



Lögfræðingurinn Martin tekur að sér óvenjulegt mál sem á eftir að vinda upp á sig. Fyrr en varir er hann fastur í ógnvekjandi lygavef sem hann veit ekki hver stjórnar.



BERLINGSKE

„Spennutryllir sem ómögulegt er að leggja frá sér.“

AFTONBLADET

„Kristinu Ohlsson tekst sérlega vel að villa um fyrir lesandanum.“

DAGENS NYHETER



VINSÆLUSTU BÆKUR LANDSINS

Frábærar sögur hvor á sinn hátt



Ástir, harmur og hugrekki kvenna á stríðstímum. Örlagasaga sem hefur lagt heiminn að fótum sér. 1,5 milljón eintök seld.



AMAZON.COM



GOODREAD.COM





Endalokin, Feneýjar. Ragnar Kjartansson, Exhibition installation view, Barbican Art Gallery, 14 July – 4 September 2016, © Tristan Fewings / Getty Images Courtesy of the artist, Luhring Augustine New York and i8 gallery Reykjavík.



Taktu mig við uppþvottavélina, minnisvarði um hjónaband. Ragnar Kjartansson, Exhibition installation view, Barbican Art Gallery, 14 July – 4 September 2016, © Tristan Fewings / Getty Images Courtesy of the artist, Luhring Augustine New York and i8 gallery Reykjavík.

➔ alltaf í tónlistinni. Það fannst mér alveg ógeðslega gaman en ég er ekki góður tónlistarmaður. Byrjaði í tónlist þegar Langi Seli mágur minn lánaði mér gítar en ég lærði ekki að spila á hann, pósaði bara með hann. Síðan fór ég í hljómsveitir og fannst allt sem hinir voru að gera flott en svo var ég söngvarinn og alltaf alveg fánlega tilgerðarlegur söngvari en í myndlistinni var pláss fyrir þessa tilgerð. Myndlistin sagði: Velkomin, tilgerð, hér áttu heima. Ég var reyndar skammaður fyrir tilgerð í myndlistarskóla og þetta var ákveðinn böggull sem ég breytti í efnivið – og þá hættir hún að vera tilgerð. Verður sönn.“

KlinK & BanK og kverú

Ragnar er af þeirri kynslóð myndlistarmanna sem kom fram á tíma góðærisins fyrir hrun og hann neitar því ekki að það hafi haft á hann umtalsverð áhrif. „Þetta var ruglað rakettusamfélag. Þetta var innblásandi. Maður lifði á áhugaverðum tímum og kannski var myndlist í tísku en það var enginn einlægur áhugi í samfélaginu og enginn að kaupa myndlist.“

Það virðist ríka sá misskilningur að á góðæristímanum hafi myndlistarmenn verið að sleikja sig upp við fjármálaöflin en það er bara algjört kjaftæði. Ég mótaðist til dæmis algerlega sem listamaður í KlinK & BanK. Ég er orðinn fullsaddur á því hvað það fyrirbæri er alltaf talað niður af einhverjum kverúlöntum. Stjórn þess apparats sem lagði á sig geðveika sjálfbodavinnu til að listin fengi að blómstra fær alltaf reglu-



Leikmynd úr óperu Ragnars og Kjartans Sveinssonar: Kraftbirtingarhljómur guðdómsins. Ragnar Kjartansson, Exhibition installation view, Barbican Art Gallery, 14 July – 4 September 2016, © Tristan Fewings / Getty Images Courtesy of the artist, Luhring Augustine New York and i8 gallery Reykjavík.



ÞAÐ ERU BARA JÓNAS

HALLGRÍMSSON OG

HALLGRÍMUR PÉTURSSON

– ÞAÐ ER OKKAR. FÓLKID

SEM VIÐ LÍTUM UPP TIL

ER ALLT SKÁLD.

lega á sig einhverjar greinar um hvað þetta starf hafi verið hræðilegt. Þetta er listasögufólsun. KlinK & BanK var bara geðveikt fyrirbæri þar sem ríkisbubbar lánuðu listamönnum ódyrt húsnæði og höfðu áhuga á starfinu en ekkert meira en það. KlinK & BanK olli að mínu mati ákveðnum straumhvörfum í íslenskrri menningu. Af öllu kjaftæðinu er þó þetta það góða sem gerðist á þessum árum.

Þarna voru allir saman í einu húsi og þetta voru aðeins ódyrari stúdíó. Þetta bjó til svo mikilvægt samlífi á svo stórum skala að það breytti öllu. Þarna voru tónlistarmenn, myndlistarmenn, framsæknar leiksýningar og alltaf eitthvað í gangi og þetta var

æðislegt umhverfi. Mér finnst mikilvægt að þetta sé ekki fússað og sveiað út af borðinu, vegna þess að konseptið var frábært og það var enginn að þóknast þessu ríka fólki. Það var enginn á spena – bara aðeins lægri leiga og svo þetta magnaða samlífi þar sem allir voru virkir og virkjuðu hver annan. Þarna varð til gríðarlega sterk sena.

En nú er KlinK & BanK ekki lengur til svo ég reyni bara að lifa eins og einhvers konar flâneur. Ég er alltaf í kringum fólk og er ekki maður sem sest niður í þögninni á vinnustofunni og fæ mér te. Ég hef reyndar gert það svona átta sinnum og alltaf fundist það geðveikt. Þannig að ég ætla að fara að gera meira af þessu.“

Ég er ljós heimsins

Þar sem gjörningalistin er form Ragnars þá er hann stundum áberandi hluti af eigin verkum. En Ragnar segir að hann noti einvörðungu sjálfan sig sem ákveðið frumefni. „Ég nota mig sem hugmyndina um listamanninn Ragnar Kjartansson. Þannig að ef ég nota mig þá er ég að nota hugmyndina um að það sé listamaður að gera eitthvað. Listamaðurinn er að segja eitthvað við þig. Þannig vísa ég líka í þessi stóru listamannaegó á borð við Jackson Pollock og Marinu Abramović. Mér finnst egó listamannsins vera spennandi fyrirbæri og þannig held ég líka að ég hafi fundið mig sem listamann; með því að leika listamanninn.“

Ég hef oft sagt að ég sé ekki listamaður, leiki bara hlutverk listamanns. En núna finnst mér þessi þörf fyrir að skýla mér á bak við það vera að breytast hjá mér, kannski er ég bara orðinn leiður á þessum brandara. Leiður á því að segjast leika listamanninn. Það er orðið þreytt að segja þetta aftur og aftur. Nú fer ég bara að gangast við því að vera listamaður og hætti þessu kjaftæði að tala um hvað maður sé rosalega spes.

En það getur verið stórt og erfitt að stíga fram og segja: Ég er listamaður. Ástæðan fyrir því að ég elska Heimsljós Laxness er að það er bók um þetta. Laxness fann það í dagbókum Magnúsar Hj. Magnússonar sem var fyrirmyndin að Ljósvíkingnum. Magnús skrifaði um að finna kraftbirtingarhljómur guðdómsins í náttúrunni. Það er ekki frá Laxness komið en hann ýkir það með þessari frábæru ironíu að listamaðurinn lýsi sjálfum sér með þessum orðum: „Ég er ljós heimsins.“ Það er klikkað. Að vera listamaður er smá að ákveða það. Þetta er að segja: Það sem ég geri skiptir máli.“

Úrhrak og atvinnumanneskja

„Það er oft talað um að það sé ekki borin virðing fyrir listinni á Íslandi en það er ekki rétt. Það er djúp virðing fyrir listinni á Íslandi. Hitt er bara eitthvert tuð í kommentakerfum um listamannalaun einu sinni á ári sem er eins klassískt og jóln. Á Íslandi er þessi djúpa virðing fyrir ljóðskáldinu og mér finnst það að vera listamaður vera að ákveða að vera ljóðskáld. Það gerir Ísland svo æðislegt að við eigum engar fyrirmyndir í stórum herforingjum eða iðnjöfrum eða billjónamæringum. Það eru bara Jónas Hallgrímsson og Hallgrímur Pétursson – það er okkar. Fólkid sem við litum upp til er allt skáld.“

Maður lærði þetta hjá Þorvaldi Þorsteinssyni í myndlistarskólanum þegar hann fór með okkur til Seyðisfjarðar um miðjan vetur. Þetta var þegar var verið að byrja að ræða Kárahnjúka og þá sagði Þorvaldur: Förum á staðinn og tölum við fólkid frekar en að tuda hérna í bænum. Hann kenndi okkur að maður getur bankað upp á hvar sem er og sagst vera myndlistarmaður og fólk er alltaf til í allt. Þetta er eins og tófraror: Ég er listamaður. Og það opnar allar dyr og eflast er þetta komið frá því þegar förumennirnir sem komu á bæina voru margir skáld. Það er í senn rosalega djúp fyrirritning fyrir þessu í íslenskrri menningu og á sama tíma er það sett á svakalegan stall.

Listamaðurinn á að vera þetta úrhrak í samfélaginu og þess vegna kys maður að gera þetta. Það er

ekki endilega sjálfsfyrirlitning í því að gerast listamaður en það kemur mikil sjálfsfyrirlitning með því að vera listamaður. Af því að þú ert alltaf að segja: Ég er ljós heimsins, en svo segir rödd skynseminnar þér að þú sért óþolandi. Þetta kallast á. Ég held að þetta sé bara mannlegt. Mér finnst svo frábært það sem Ingibjörg konan mín sagði: „Að vera myndlistarmaður er að vera atvinnumanneskja.“ Það er frábært og lýsir þessu vel.“

Leikari, leiktu!

Þetta leiðir hugann að því fyrsta sem gestir Barbican sjá á leið sinni inn á sýningu Ragnars sem er yfirskrifin Scandinavian Pain. Og þó að verkin á sýningunni séu fjölbreytt þá má kannski segja að þarna sé að finna ákveðinn samannlegan þráð og Ragnar þvertokur ekki fyrir það. „Já, það er eitthvað til í því. Þetta líka sýnir ágætlega hvað mér finnst gráa svæðið skemmtilegt. Andstæðurnar. Scandinavian Pain er eitthvað svo mikil lúxuseymd. Þessi hvíta forrétindahrygg og ég er hvítur miðaldra karl að tala um sársauka. Óþolandi.“

Einn stærsti áhrifavaldurinn í mínum verkum er alltaf Tsjekhov. Verk hans eru uppfull af þessari ljúfsáru tilfinningu sem fylgir því að vera manneskja. Það er eitthvað sem ég sækí mikið í. Ég sækí ekki endilega mikinn innblástur í leiksýningar þó mér finnst alltaf gaman að fá mér drykk í hléinu. Ég sækí innblástur í tilfinninguna af leikhúsinu, ekki endilega í einhverja sýningu, heldur því sem það er. Svo er ég með það hlíðarstarf að vera þýskur leikstjóri. Er búinn að gera tvær sýningar í Volksbühne og er að fara að gera þriðju sýninguna. Volksbühne er framsækid leikhús og það leikhús sem hefur virkilega hrífið mig síðustu ár þannig að ég reyni alltaf að fara þangað ef ég er í Berlin. Þar er leikið að því að teygja tungumál listarinnar almennt og það heillar mig. Ég fæ líka algjört frelsi þar.

Síðasta verk sem ég sýndi þar var Krieg, þar sem hermaður var að deyja í klukkutíma. Svona kjarni af drama með háromantískri tónlist eftir Kjartan Sveinsson. Ég var að vinna með leikhúsið sem skúlptúr, hékk fastur við þennan hápunkt. Þennan kjarna þar sem einhver er að þjást – að deyja. Svo segir maður bara: Leikari, leiktu! En verkið hefði getað verið betra ef þetta hefði ekki verið leikið af svona afbyggingar-leikara sem trúir ekki á að leika eins og Hilmir Snær – að láta áhorfendur finna til með sér. Þetta verk gekk út á afbyggingu á afbyggingu en afleiðingin var að þessi þýski leikari varð hundfúll yfir því að eiga að vera með tilfinningasemi. En mér finnst svo áhugavert á okkar tíma að setja áhorfendur inn í myrkvaðan sal í klukkutíma og segja svo: Leikari, láttu fólkid finna til!“

Alltaf hræddur

En það eru ekki bara þýskir leikarar sem þjást, Ragnar varð sjálfur skelfingu lostinn þegar kom að stóru sýningunni í Barbican. „Ég var svo hræddur um að þegar öll verkin væru sett saman þá yrði þetta einhvers konar flatneskja. Hræddur við það sem margir listamenn eru hræddir við – að vera bara svikahrappur, að það kæmist upp um mig. En svo var þetta alveg öfugt og sýningin hefur fengið þannig viðtökur að ég roðna. Ég hef stundum óttast að verkin mín séu bara flugeldar en þegar þau eru skoðuð svona mörg saman þá framkallast listræn yfirlýsing og það er góð tilfinning. Ég satt best að segja bjóst ekki við að þau yrðu svona fin. Mikill léttir og líka ákveðin tímamót fyrir mig.“

En það hvarflar aldrei að mér að hætta. Það er svo klikkað frelsi fölgid í því að vera atvinnumanneskja. Ég tók mér smá sumarfrí og nennti ekki að teikna í viku og það var notalegt en svo kom þörfin aftur. Það er bara svo geðveikt kikk að skapa. Það er svo ótrúlega áhugaverð og góð tilfinning að hrærast í sinni sköpun og annarra. Vera háður listinni.“

STEFÁN HILMARS

HARPA 16.09.16

UPPSELT KL. 19.30
ATH. BREYTTUR TÍMI

AFMÆLISTÓNLEIKAR

STEFÁN FAGNAR 50 ÁRUM
ÁSAMT ÚRVALSLIÐI HLJÓÐFÆRALEIKARA
FLUTT VERÐA LÖG FRÁ 30 ÁRA FERLI

AUKATÓNLEIKAR KL. 22:30

SÉRSTAKIR GESTIR

BJÖRGVIN HALDÓRSSON
EYJÓLFUR KRISTJÁNSSON
JÓHANNA GUÐRÚN
PÁLL RÓSINKRANZ
GOSPELKÓRINN GISP!
HORNAFLOKKURINN HONK
& LEYNIGESTIR



Miðasala á harpa.is & tix.is

EIMSKIP

stýður við íslenska tónlist

BÍLALEIGA
AKUREYRAR

Europcar

Eitthvað fyrir alla á Menningarnótt

Menningarsinnar, barnafjölskyldur, þeir sem hafa lítið á milli handanna og þeir sem vilja njóta lífsins í botn geta allir skemmt sér vel á Menningarnótt. Fréttablaðið bjó til fjórar mismunandi leiðir að góðum degi í borginni.



ALLT FYRIR MENNINGARSINNANN

- 1** Kaolin keramik Galleri
11.00 – 22.00
Skólavörðustígur 22
- 2** Ratleikur fyrir börn og fullorðna
11.00 – 13.00
Galleri Fold, Rauðarárstígur 14
- 3** Harpa Guided Tours:
Behind the scenes
11.00 – 17.30
Harpa, Austurbakki 2
- 4** Improv Ísland Spunamaræþon
12.00 – 22.00
Þjóðleikhúskjallari
Improv Ísland stendur fyrir spunamaræþoni þriðju Menningarnóttina í röð. Á hálf tíma fresti verður áhorfendum hleypt inn og úr salnum. Dóra Jóhannsdóttir er listrænn stjórnandi hópsins.
- 5** Listasafn Íslands á Menningarnótt 2016
12.00 – 21.30
Listasafn Íslands, Frikirkjuvegur 7
- 6** Safari – fjölskylduleiðsögn og könnunarleiðangur
13.00 – 14.00
Hafnarhús, Listasafn Reykjavíkur, Tryggvagata 17
- 7** Kristján Jóhannsson og Geir Ólafsson syngja á Sólon Bistro
15.00 – 15.30
Sólon Bistro

ALLT FYRIR BÖRNIN

- 1** Ókeypis barnamyndataka
11.00 – 19.00
Galleri Fold
- 2** Til fyrirmyndar – listasmiðja
12.00 – 14.00
Flókagata 24
- 3** Askur Yggdrasils: Völundarhús
12.00 – 22.00
Mýrargata, Vesturbugt, Grandi
Ef gengið er niður að Granda má þar finna undarlegt mannvirki úr víði sem virðist rísa upp úr steinlagðri jörðinni. Einn fullorðinn og barn fá aðgang á 2 mínútna fresti inn í völundarhús Asks Yggdrasils, þar sem má finna undarleg en heillandi rými, sem eru lauslega byggð á norrænni goðafræði.
- 4** Búningar og myndatökur
13.00 – 18.00
Ljósmyndasafn Reykjavíkur
- 5** Bátasmiðja
13.00 – 15.00
Sjóminjasafnið í Reykjavík, Grandagarður 8
- 5** Skátaprautir
13.30 – 17.10
Hljómskálagarðurinn
- 7** Ungversk upplifun fyrir alla fjölskylduna
13.30 – 16.30
Harpa

DJAMMARINN

- 1** Krás – götumatarhátíð
13.00 – 18.00
Fógetagarðurinn, Kirkjustræti.
- 2** Mindfuckness leikhúsjóga
15.30 – 16.30
Sólir, Fiskislóð 53
- 3** Karnival á Klapparstíg
16.00 – 23.00
Á horni Hverfisgötu og Klapparstígs
„Hugmyndin kviknaði þegar ég átti stórafmæli, í stað þess að halda hefðbundna afmælisveislu, þá ákvað ég í samvinnu við góða vini að slá upp heljarinnar götupartii fyrir utan húsið hjá mér og öllum var boðið. Það má því segja að þetta sé afmælisparti sem fór úr böndunum,“ segir DJ Margeir, karnivalstjóri. Meðal tónlistarmanna sem fram koma eru Högni Egilsson, Unnsteinn Manuel og Sísý Ey.
- 4** Menningarnótt
16.00 – 23.00
Petersen-svita og Gamla bió
- 5** Hip hop hátíð Menningarnætur
18.00 – 23.00
Hverfisgata 50
- 6** Hjólastóla-diskórokk
19.00 – 21.00
Listasafn Reykjavíkur
Tryggvagata 17
- 7** Tónaflóð Rásar 2
20.00 – 23.00
Arnarhóll
- 8** Uppistand með Ara Eldjárn
21.00 – 21.30
Þjóðminjasafn Íslands

HINN HAGSÝNI

- 1** Kaffiboð hjá Neytendasamtökunum
13.30 – 18.00
Hverfisgata 105
- 2** Vöflukaffi í Þingholtunum
14.00 – 16.00
Þingholtin
- 3** Knús í boði
14.00 – 15.00
Laugavegur 25
- 4** Velkomin í súkkulaðiskóla Omnom
14.00 – 14.45
Hólmaslóð 4, 101 Reykjavík
- 5** Komdu að húlla
15.00 – 16.00
Þjóðminjasafn Íslands,
Suðurgata 41
- 6** Garðpartý – 30 ára afmælistónleikar Bylgjunnar og Stöðvar 2
17.00 – 22.45
Hljómskálagarðurinn,
við Hringbraut
- 7** Hljómsveitin Milkywhale býður í hvalaskoðunarferð
17.30 – 18.20
Special Tours – Baturinn Lilja, Ægisgarður 13
Popphljómsveitin Milkywhale ásamt hvalaskoðunarfyrrtækinu Special Tours efnir til tónleika um borð í hvalaskoðunarskipinu Lilju þar sem ætlunin er að finna þennan einmana hval og svara kalli hans. Klæðið ykkur vel þar sem það getur orðið kalt úti á sjó.
- 8** Ókeypis leiðsögn
18.00 – 22.00
Hafnarhús Listasafn Reykjavíkur,
Tryggvagata 17



-25%

NAUTALUNDIR
NÝSJÁLENSKAR
ÁÐUR: 3.998 KR/KG
2.999 KR/KG



-46%

SIRLOINSNEIÐAR Í RASPI
ÁÐUR: 2.769 KR/KG
1.495 KR/KG



-41%

DANPO KJÚKLINGALUNDIR
FROSNAR - 700 G
ÁÐUR: 1.689 KR/PK
997 KR/PK

nettó



HEILL KJÚKLINGUR
ÁÐUR: 849 KR/KG
747 KR/KG



-20%

KJÚKLINGABORGARI
M. BRAUÐI - 2 PK
ÁÐUR: 598 KR/PK
478 KR/PK



DANPO KJÚKLINGALBRINGUR
FROSNAR - 900 G
ÁÐUR: 1.798 KR/PK
1.384 KR/PK



-20%

KJÚKLINGALEGGIR M. MANGÓ CHILLI
ÁÐUR: 998 KR/KG
798 KR/KG



NÝTT

HVÍTLAUKSBRÁUÐ
Í SKÍFUM - 12 STK
ÁÐUR: 398 KR/PK
349 KR/PK



NÝTT

COOP SÆTAR KARTÖFLUR - 450 G
ÁÐUR: 329 KR/PK
289 KR/PK



-32%

NICE 'N EASY STEINHÖKUÐ PIZZA
HAWAII/HAM & MOZZARELLA
ÁÐUR: 439 KR/PK
299 KR/PK



-30%

NEKTARINUR Í ÖSKJU - 500 G
ÁÐUR: 299 KR/PK
209 KR/PK

FERSKJUUR Í ÖSKJU - 500 G
ÁÐUR: 299 KR/PK
209 KR/PK

PLÓMUR Í ÖSKJU - 500 G
ÁÐUR: 299 KR/PK
209 KR/PK



-30%

-30%

HAFRABRAUÐ, LÍFRÆNT
PRÓTEINBRAUÐ, LÁGKOLVETNA
ÁÐUR: 549 KR/PK
384 KR/PK



RÚGBRAUÐ, MINNI SYKUR
ÁÐUR: 398 KR/PK
279 KR/PK



-30%



NICE 'N EASY FROSNIR ÁVEXTIR
ANANAS - 350 G
BLÁBER - 250 G
MANGÓ - 350 G
ÁÐUR: 299 KR/PK
239 KR/PK

GREAT TASTE JARÐARBER - 1 KG
ÁÐUR: 399 KR/PK
359 KR/PK

www.netto.is | Tilboðin gilda 18. - 21. ágúst 2016

Tilboðin gilda meðan birgðir endast · Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl · Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.
Mjódd · Salavegur · Búðakór · Grandi · Hrísalundur · Glerártorg · Húsavík · Höfn · Iðavellir · Grindavík · Krossmói · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss

Sterkari vegna upprunans

María Thelma Smáradóttir er íslensk-tailensk og nýútskrifuð leikkona frá Listaháskóla Íslands. Hún segir menningararfinn vera sinn styrk og vinnur með hann í list sinni. Tækifærum Íslendinga af erlendum uppruna sé að fjölga.

Kristjana Björg
Guðbrandsdóttir
kristjanabjorg@frettabladid.is



Pegar María Thelma Smáradóttir útskrifaðist sem leikkona frá Listaháskóla Íslands 17. júní síðastliðinn valdi hún að vera í tailenskum þjóðbúningi. Hún er stolt af uppruna sínum.

„Mamma heitir Vala Rún Tuankathok og kemur frá Nakhon Ratchasima í Tailandi. Pabbi heitir Smári Þrastar Sigurðsson og er ættadur að austan.“

Hún segist hafa sterkar rætur í tailenskrí menningu. Hún þakkar það móður sinni sem gætti þess að kenna henni tungumálið og að iðka búddisma.

„Mamma fluttist hingað til lands fyrir 26 árum. Hún hefur alltaf verið þakklát fyrir að búa hér og eiga gott líf. Ég hef oft velt því fyrir mér hvernig það var fyrir hana að venjast íslensku samfélagi. Nýkom-in til Íslands frá Tailandi með eldri systur mína nýfædda. Ég fæðist þremur árum seinna.“

Hefur önnur viðhorf

„Mamma ól mig upp að tailenskum sið, hún talaði við mig á tailensku og lagði áherslu á búddismann og þær hefðir sem tengjast honum,“ segir María.

„Mamma er líka frábær kokkur, matur skiptir miklu máli í menningu okkar.“

Mamma gaf mér hugrekki, dugnað, sjálfstæði, víðsýni, nægjusemi og ekki síst tungumálið. Margt af því góða sem hún kenndi mér er innrætt í trú og menningu í Tailandi, ekki síst nægjusemin sem er nátengd búddisma,“ segir María og bætir við að búddísk trúarbrögð hafi haft mikil áhrif á hana. „Ég tek eftir því að ég hef stundum önnur viðhorf til hlutanna,“ segir hún.

„Ég er auðvitað mjög blönduð af báðum menningarheimum. Ég fór í leikskóla og þar talaði ég íslensku og er alin upp í íslensku samfélagi. Við höfum oft farið í heimsóknir til Tailandis, þá höfum við oftast farið til Pattaya sem er vinsæll ferðamannastaður. Ég hef farið á heimaslóðir með mömmu, en ég man ekki mikið eftir því.“

Pattaya er erilsöm borg og þar er mikið í gangi en fólk er nægusamt og glatt. Ég held að gleðin spretti af nægjuseminni. Það þarf mjög mikið til þess að þetta fólk upplifi skort og vanlíðan miðað við okkur Íslendinga. Stundum má ekki síminn verða batterislaus hjá okkur, þá fer allt á hliðina,“ segir hún og hlær.

Fer með hlutverk í Föngum

Eftir útskriftina úr Listaháskólanum tóku við tókur á þáttaröðinni Fangar. „Mér finnst ég heppin að hafa fengið hlutverk í þáttaröðinni, tókum lauk í júní. Ég fór beint í þetta verkefni og það var stórkostlegt.“

Hún segir Íslendinga af erlendum uppruna fá sífellt fleiri tækifæri. Líka í leiklistinni. „Ég hef fengið góðar móttökur eftir útskrift, ég fæ bæði verkefni vegna þess að ég er dókka á höfund og líka alveg ótengt húðlitnum.“

Auðvitað má opna enn frekar á það að fólk af erlendum uppruna fái meira vægi í íslenskrí leiklist, við erum stór hluti af samfélaginu. Það er eðlilegt og það mætti opna meira á það. Við lifum í margbreytilegu samfélagi,“ segir María.



María Thelma Smáradóttir hefur mörg járn í eldinum. Hún segir tækifærum fjölga fyrir Íslendinga af erlendum uppruna. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Innblástur Maríu

- Patti Smith er lista- og skáldskapargyðja sem hefur staðið við hlið mér eins og klettur á YouTube.
- Louise Hay
- Wayne Dyer
- Chase Jarvis
- Tony Robbins
- Grimes tónlistarkona
- Les Brown



Vinnur með upprunann

Hún vann með uppruna sinn í leiklistarnáminu. „Eitt verkefna minna í skólanum var skáldverk sem er byggt á heimildum um móður mína, líf hennar í Tailandi og hvernig það var að flytjast hingað. Ég talaði við hana um þetta og bætti svo spuna við. Verkið byggir á hugtakiinu „heima“, hvað það þýðir. Í dag eru margir sem búa ekki þar sem þeir fæddust, og þeim mun fjölga,“ segir María sem ætlar að vinna frekar með verkefnið nú eftir útskrift.

María hefur einnig gaman af því að setja saman texta. Hún segist áhugaskúffuskáld og hefur gefið út sína fyrstu ljóðabók. „Ég var að ganga frá samningi en bók mín Skúmaskot er fánleg bæði í verslunum Eymundsson og í Máli og menningu,“ segir hún frá en hún undirbýr útgáfupartí sem hún ætlar að halda á Vínly á Hverfisgötu klukkan átta á sunnudag.

„Ég skrifa prósa og ljóð. Ég hef verið að dunda mér við skrifin í um eitt ár. Ég ákvað í sumar að senda hana frá mér, út í kosmósið. Af hverju ekki?“ segir hún og deilir með lesendum einu ljóðanna.



Þrjár kynslóðir kvenna, amma, móðir og María Thelma.



Lítill í heimsókn í Tailandi.



María Thelma útskrifaðist sem leikkona í tailenskum þjóðbúningi.



María heldur útgáfubóð um helgina og gefur út bókina Skúmaskot.

Seen

Ég veit ekki hvort sé verra að fá seen frá þér og ekkert svar eða missa sjónar á köngulónni sem ég ætlaði að kremja.

María er ein sjö ungskálda sem taka þátt í viðburðinum Ljóðað við slippinn í dag. Það er viðburður á vegum Kaffislipps og Bókmenntaborgarinnar Reykjavíkur. Í forsvari fyrir hópnum er ljóðskáldið og rapparinn Vigdís Ósk Howser Harðardóttir.

Nær tengingu með hlaupum

„Ég hef mjög gaman af því að tjá mig í orðum, leiklistin og ljóðaskrifin eru tengd. Ég vil fást við hvort tveggja í framtíðinni,“ segir María sem hefur knappan tíma til viðtals því hún býr sig einnig undir að taka þátt í Reykjavíkurmaráðinu.

Í því ætlar hún að hlaupa 21 km. „Ég er ekki að styrkja neitt sérstakt. Mig langaði bara til þess að sýna samstöðu og taka þátt. Ég er vanur hlaupari og hef stundað hlaup frá því að ég var unglingur. Í dag get ég varla án útihlaups verið. Morgnarnir eru mér heilagir. Það er ekki til betri leið til að byrja daginn en að ná tengingu við sjálfan sig og það geri ég með hlaupinu. Ég byrja morgnana á því að taka góðan sprett áður en ég mæti í vinnu, skóla eða þangað sem ég þarf að mæta,“ segir María.

Hún segist hafa þörf til þess að framkvæma. „Ég er mjög virk og ég hef mikla þörf fyrir að fylgja eftir því sem mér dettur í hug, hvort sem það er í tengslum við listsköpun eða eitthvað annað. Mér þykir verra að vera ólétt af hugmyndum og fæða þær aldrei út í heiminn heldur en að deila þeim með kosmósinu. Ég trúi því að heimurinn væri ögn drapplitaðri ef okkar besta hæfileikafólk myndi ekki deila verkum sínum með almenningi,“ segir María.

kristjanabjorg@frettabladid.is

ÞÚ FÆRÐ ÍSINN Í ICELAND

Frábært úrval á góðu verði



9 Í PAKKA
399 kr. pík.
CHOCOLATE & NUT CONES

TILBOD
599 kr. pík.
DAIM ÍS
VERÐ AÐUR 699 KR

6 Í PAKKA
499 kr. pík.
MARS OG SNICKERS ÍS

10 Í PAKKA
399 kr. pík.
RAINBOW LOLLIES, ROCKET LOLLIES
FRUIT PASTILLES

3 STK
599 kr. pík.
OREO ÍSPINNAR
VERÐ AÐUR 699 KR

FYRIR 6
799 kr. pík.
TWIX, MALTESERS OG MARS
ÍSKÖKUR

TILBOD
799 kr. pík.
BEN & JERRY'S 500 ML.
VERÐ AÐUR 899 KR

Úrval er breytilegt eftir verslunum. Allar vörurnar fást í Iceland, Engihjalla.



OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA,
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA

Iceland

Verð birt með fyrirvara um prentvillur og gildir á meðan birgðir endast.



Svolitla fyrirhyggju þarf við gerð þessarar girnilegu köku sem hann Jói Fel gaf okkur uppskrift að. Hún þarf að standa í nokkra klukkutíma, helst yfir nótt, áður en hún er tilbúin. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Íslensku berin bláu sem bæta allt

Hlíðar Íslands, lautir og móar skarta nú víða berjum. Þau voru lengi einu ávextirnir sem Íslendingar höfðu aðgang að. Þessar gjafir náttúrunnar nýtast okkur vel enn í dag, bæta heilsuna og gæla við bragðlaukana.

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is

Nú er sá árstími runninn upp sem fólk skellir sér í berjamó með tínur og ílát. Margir eiga sína leynistaði og við gefum enga slíka upp hér á þessari síðu. Nú verður hver að bjarga sér!

Það hefur lengi tíðkast á Íslandi að nýta berin, enda voru þau einu ávextirnir sem aðgengilegir voru almenningi og á síðsumrum varð berjaskýrið þjóðarréttur.

Berjaskýrið er enn í fullu gildi,

sultur og saft en margs konar nýting bláberja og krækiberja hefur bæst við og nú verða til kökur, bökur og búst með berjum. Ber eru notuð sem krydd með kjöti og bragðefni í drykki, jafnvel áfenga drykki eins og mojito.

Eitt af því góða við bláberin er að þau þola vel frystingu og tapa ekki næringarefnum við geymsluna.

Meðal þeirra sem kunna vel að meta berin er meistarábakarinn Jói Fel. „Við tinum alltaf mikið af berjum, sultum fullt, bökum og alls konar,“ segir hann kátur og varð fúslega við beiðni um uppskrift að góðri bláberjaköku. Þar koma eðalhræfni eins og rjómaostur og hvítt súkkulaði líka við sögu.

Bláberjaostakaka

Botn
80 g smjör
170 g hafrakex
1 tsk. sykur

Bræðið smjórið og takið af hitanum. Myljið kexið og blandið svo öllu saman. Setjið plast eða smjörpappír á kantinn og þrýstið botninum í formið og aðeins upp á kanta. Kælið.



Bláber

Bláber eru ekki einungis safarik og ljúffeng heldur líka einstaklega holl og hafa verið flokkuð sem ofurfæða. Rannsóknir benda til að þau geti haft umtalsverð áhrif á heilsu okkar. Hér eru nokkur dæmi.

- Auðug af C-vitamiini sem er okkur lífsnauðsynlegt.
- Innihalda andoxunarefni sem hafa verndandi áhrif á líkamann.
- Styrkja æðakerfið og bæta blóðrásina.
- Hjálpa til við frumbyggingu.
- Virðast vinna gegn áhrifum öldrunarsjúkdóma.
- Bæta sjón og sporna við náttblindu.

Fylling
3 stk. matarlim
2 tsk. vanilludropar
300 g rjómaostur
50 g sykur
100 g hvítt súkkulaði
2 dl þeyttur rjómi

Matarlímið er sett í bleyti. Bræðið súkkulaðið yfir vatnsbaði og takið af hitanum. Hrærið rjómaostinn með sykri þar til hann verður mjúkur. Leysið matarlímið upp við vægan hita með vanillu og setjið saman við rjómaostinn ásamt súkkulaðinu.

Léttþeytið rjómann og blandið

saman við með sleikju. Setjið í form og látið standa í fjórar til fimm klukkustundir eða yfir nótt.

Ofan á kökuna
250 g bláber
2 msk. sykur
1 msk. sitrónusafi

Setjið allt í matvinnsluvél og vinnið en bara mjög stutt. Einnig má stappa berin með gaffli ef fólk vill. Setjið berin yfir kökuna og dreifið líka nokkrum heilum berjum yfir hana. Gott er að kæla hana aftur í um það bil klukkustund áður en hún er borin fram.

Bláberjamojito

1 matskeið hrásykur
5 lime-sneiðar
5 myntulauf
4 bláber
3 cl romm
2 cl Cartoon bláberjalikjör
Sóðavatn
Klaki

Merjið hrásykur, lime, myntu og bláber saman í glas, helst með litlu mortéli. Setjið rommið og bláberjalikjörið út í.

Fyllið glasið með muldum ís. Hrærið vel saman og toppið með sóðavatni.

Skreytið með myntuvendi, lime-sneið og nokkrum bláberjum.

Svavar Helgi Ernason, barþjónn á Sushi-samba, deilir hér með okkur dýrindis uppskrift.



MÆLA HEILS HUGAR MEÐ BIO-KULT

ICECARE KYNNIR Bio-Kult er öflug blanda vinveittra gerla sem styrkja þarmaflóruna.

Guðbjörg Gísladóttir finnur stórkostlegan mun á sér eftir að hún hóf notkun Bio-Kult Candéa.

Mæðgurnar Margrét Alice og Íris mæla með Bio-Kult.

Guðbjörg Gísladóttir hefur góða reynslu af notkun Bio-Kult Candéa og finnur mun á sér eftir að hún fór að nota það. „Eftir að ég komst á ákveðinn aldur fór ég að finna í auknum mæli fyrir óþægindum vegna breytinga í slímhúðinni en eftir að ég byrjaði að nota Bio-Kult Candéa fann ég stórkostlegan mun á mér. Í gegnum tíðina hef ég einnig glímt við alls konar vandamál sem tengjast ójafnvægi í flóru líkamans og finn ég að Bio Kult Candéa er að virka rosalega vel fyrir mig,“ segir Guðbjörg.

HELDUR EINKENNUM NIÐRI

Margrét Alice Birgisdóttir heilsuþjálfari mælir með því við viðskiptavinum sína að þeir fái meltingu sína góða. „Mér finnst sérstaklega mikilvægt að meltingarfærin starfi eins og þau eiga að gera. Ef bakteríuflóra líkamans er í ójafnvægi starfar hann ekki eins og hann á að gera. Bio-Kult hefur reynst afar vel til að bæta meltinguna,“ segir Margrét. „Ég mæli heils hugar með BioKult, bæði Candéa með hvítlauk og grape seed extract til að halda einkennum niðri og með Bio-Kult Original til að viðhalda batanum, báðar tegundir hafa reynst mér vel.“



Guðbjörg er ánægð með Bio-Kult Candéa. MYND/ANTON BRINK



Íris finnst Bio-Kult gera sér gott samhliða heilsusamlegu mataræði. MYND/ANTON BRINK

Dóttir Margrétar, Íris Ásmundardóttir, er á fullu í framhaldsskólanámi og æfir ballett í rúmlega tuttugu klukkustundir á viku ásamt því að vinna sem aðstoðarkennari í ballett fyrir þau sem eru að taka fyrstu sporin. „Þegar ég lærði að stærsti hluti ónæmiskerfisins væri í meltingarfærunum ákvað ég að gera það sem ég gæti til að stuðla að eðlilegri meltingu og jafnvægi. Ég ætla mér langt í ballettinum og mér hefur undanfarin tvö ár hlotnast sá heiður að fá að stunda nám við sumarskóla Boston Ballet ásamt því að hafa tekið tíma bæði í Steps on Broadway og í London. Ég tek Bio-Kult Candéa á hverjum degi samhliða heilsusamlegu mataræði og er sjaldan þreytt og hlakka nær

undantekningarlaust til að takast á við verkefni dagsins.“

BIO-KULT FYRIR ALLA

Innihald Bio-Kult Candéa -hlykja er öflug blanda af vinveittum gerlum ásamt hvítlauk og grape seed extract. Bio-Kult Candéa hlykin stuðla að eðlilegu flórujafnvægi og stuðla að eðlilegri meltingu. Vinna meðal annars á brjóstsviða, húðvandamálum og roða í húð. Bio-Kult Original er einnig öflug blanda af vinveittum gerlum sem styrkja þarmaflóruna. Bio-Kult hentar öllum vel, einnig barnshafandi konum, mjólkandi mæðrum og börnum. Fólk með mjólkur- og sojaþol má nota vörurnar. Mælt er með Bio-Kult í bókinni Meltingarvegurinn og geðheilsa eftir dr. Natasha Campbell-McBride.

SÖLUSTADIR OG UPPLÝSINGAR

Vörurnar eru fáanlegar í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar á heimasíðu IceCare, www.icecare.is



AMÍNÓ LIÐIR

Liðkandi blanda með náttúrulegum efnum úr sæbjúgu úr hafinu við Ísland.

Inniheldur

sæbjúgu, vatnsrofin þorskrótín, túrmerik, D vítamín, C vítamín og mangan.



Snorri Snorra
„Virkar vel á mína liði“



AMÍNÓ LÉTT

Seðjandi og mettandi blanda sem auðveldar þyngdarstjórnun vegna glúkómannan.

Inniheldur

vatnsrofin þorskrótín, glúkómannan og króm-pikkólinat.



Guðrún Lilja
„Finn góðan mun á mér“



AMÍNÓ 100%

Fyrir fólk sem vill auka neyslu á hreinu fiskpróteini.

Inniheldur

einungis vatnsrofin þorskrótín úr villtum íslenskum þorski.



Guðjón Ágúst
„Mun kraftmeiri í ræktinni“



MIKIÐ UM DÝRÐIR Í BORGinni

Reykjavíkurborg kynnis Dagskrá Menningarnætur í ár er að venju afar fjölbreytt. Hátt í 300 ókeypis viðburðir verða í dag og í kvöld og meðal annars stórtónleikar Bylgjunnar í Hljómskálagarði og Tónaflóð Rásar 2 á Arnarhóli.

Eins og flestir vita fer Menningarnótt fram með pomp og prakt í dag. Hátíðin er nú haldin í 21. fyrsta skipti og setur borgarstjóri, Dagur B. Eggertsson, Menningarnótt í Grjótaþorpinu klukkan hálf eitt.

Höfuðborgarstofa heldur utan um undirbúning, skipulag og framkvæmd Menningarnætur í samstarfi við önnur svið borgarinnar, stofnanir, listamenn, félagasamtök og fjölda annarra en Landsbankinn er styrktaraðili Menningarnætur.

Berghildur E. Bernharðsdóttir, kynningarstjóri Menningarnætur, segir það vera nokkurra mánaða ferli að undirbúa svo stóra hátíð og í gríðarlega mörg horn að líta. „Það þarf að huga að öryggismálum, hreinlætismálum, skipulagi götulokana, dagskrá, kynningu á viðburðum, vefsíðu og fjölmörgu öðru. Við þurfum að vera í samvinnu við aðrar stofnanir borgarinnar og skipuleggjendur viðburða, öryggismála, lögreglu og slökkvilið. Það eru eflaust um nokkur hundruð manns sem koma að undirbúningi Menningarnætur.“

ENDALAUS AFMÆLI

Svo skemmtilega vill til að margir þeirra stóru aðila sem standa að viðburðum, skipuleggja hátíðahöldin eða koma að Menningarnótt á einhvern hátt eiga stórafmæli í ár. Reykjavíkurborg er 230 ára og Ísafjarðarbær sem er gestasveitarfélag Menningarnætur í ár er 150 ára. Af

því tilefni verða Ísfirðingar með viðburði í Ráðhúsinu og í lokaatriði Tónaflóðs Rásar 2 koma fram helstu tónlistarmenn Ísafjarðar.

Þá fagnar RÚV fimmtíu ára afmæli sínu í ár og Bylgjan verður þrjátíu ára. „Þess vegna verður sérstaklega mikið lagt í Tónaflóð Rásar 2 og Bylgjan stendur fyrir glæsilegra garðpartíi í Hljómskálagarðinum en áður hefur verið. Á Tónaflóðinu koma fram Glowie, rapparnir Emmsjé Gauti og Úlfur Úlfur. Á eftir þeim stígur Bubbi Morthens á svið. Fjallabróðirinn, Halldór Gunnar Pálsson, stýrir lokaatriðinu sem nefnist „Ljósvíkingar að vestan“ en þar koma fram helstu tónlistarmenn Ísafjarðarbæjar,“ lýsir Berghildur. „Í garðpartíi Bylgjunnar og Stöðvar 2 koma fram meðal annarra Jón Jónsson, Amabadama, Friðrik Dór, Mezzoforte og Valdimar. Bóðið verður upp á veitingar í upphafi garðpartísins.“

Auk þess fagnar Harpa fimm ára afmæli sínu og verður haldið upp á það með sérlega glæsilegri dagskrá í Hörpu.

GAKKTU Í BÆNNI

Grandasvæðið er áherslusvæði Menningarnætur í ár en þar hefur menningar- og mannlíf blómstrað síðustu ár. Þar verður í boði fjöldi áhugaverðra og óvæntra viðburða og áhersla lögð á að fólk komist vel leiðar sinnar. „Það má búast við hátíðahöldum og skemmtun á hverju horni



Skipuleggjendur Menningarnætur á Höfuðborgarstofu hafa staðið í ströngu. Aðalheiður Santos Sveinsdóttir, Berghildur E. Bernharðsdóttir, Sandra Sveinsdóttir, Guðmundur B. Halldórsson, Björg Jónsdóttir og Áshildur Bragadóttir. MYND/ÁSTRÍÐUR HÖSKULDSDÓTTIR

” Gestir Menningarnætur eru hvattir til að ganga, hjóla eða nota almenningssamgöngur til að komast á hátíðarsvæðið. Ókeypis verður í strætó sem keyrir samkvæmt hefðbundinni leiðatöflu fram til klukkan 22.30. Þá tekur við sérstök leiðatafla sem miðar að því að koma fólk hratt og örugglega heim úr miðborginni.”

Berghildur E. Bernharðsdóttir

miðborgarinnar í dag. Auk þess höfum við lagt áherslu á að stækka hátíðarsvæðið og verður mikið í gangi úti á Granda og í fleiri hverfum borgarinnar. Á Menningarnótt er miðborgin ein allsherjar göngugata og verður lokuð fyrir bílaumferð frá klukkan sjö að morgni til tvö eftir miðnætti. Gestir Menningarnætur eru hvattir til að ganga, hjóla eða nota almenningssamgöngur til að komast á hátíðarsvæðið. Ókeypis verður í strætó sem keyrir samkvæmt hefðbundinni leiðatöflu fram til klukkan 22.30. Þá tekur við sérstök leiðatafla sem miðar að því að koma fólk hratt og örugglega heim úr miðborginni. Þeim sem þurfa að koma á einkabíl er bent á að nota bílæstæði við Kirkjusand og Borgartún þar sem strætóskutlur aka fólk til og frá hátíðarsvæðinu.

GLÆSILEG FLUGELDASÝNING

„Svo bíða auðvitað margir spenntir eftir flugeldasýningu Menningarnætur og verður hún að venju glæsileg. Hún fer fram klukkan ellefu en það er Hjálparveit skáta í Reykjavík sem sér um framkvæmd hennar ásamt Höfuðborgarstofu. Við mælum með því að áhorfendur komi sér fyrir á Arnarhóli til að njóta sem best.“

Upplýsingar um alla viðburði og dagskrá og kort af viðburðum og götulokunum má finna á menningarnott.is.

511 SLIM
frá kr. 13.990

LIVE IN Levi's

Levi's Kringlunni - Levi's Smáralind - Levi's Glerártorgi



Það verður skemmtileg dagskrá í Þjóðminjasafninu í allan dag og kvöld.

GRÍN OG GAMAN Á ÞJÓÐMINJASAFNINU

Það verður mikið um að vera í Þjóðminjasafninu og í Safnahúsinu við Hverfisgötu á Menningarnótt og allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Ópið er frá klukkan tíu að morgni til tíu í kvöld og er aðgangur ókeypis. „Það hefur alltaf verið mikil dagskrá hjá okkur á Menningarnótt og fullt hús og við eigum ekki von á öðru að þessu sinni,“ segir Anna Rut Guðmundsdóttir, kynningarstjóri hjá Þjóðminjasafninu.

„Það væri til dæmis gaman kíkja á Húlladúlluna sem stjórnar húllafjöri klukkan þrjú og er með húllahringi fyrir alla og skella sér svo í leiðsögn um sýningarnar okkar. Svo verður Ari Eldjárn með uppistand í kvöld sem verður örugglega mjög skemmtilegt.“

Frekari upplýsingar um dagskrá Þjóðminjasafnsins á Menningarnótt má finna á heimasíðu þess.

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

ÚTGEFANDI: 365 MIÐLAR | ÁBYRGÐARMAÐUR: Svanur Valgeirsson
UMSJÓNARMENN EFNIS: Elín Albertsdóttir, elin@365.is, s. 512 5349 | Lilja Björk Hauksdóttir, liljabjork@365.is, s. 512 5372 | Ragnheiður Tryggvadóttir, heida@365.is, s. 512 5367
Sólveig Gísladóttir, solveig@365.is, s. 512 5351 | Starri Freyr Jónsson, starri@365.is, s. 512 5358
Vera Einarisdóttir, vera@365.is, s. 512 5357 | **SÖLUMENN:** Atli Bergmann, atlib@365.is, s. 512 5457 | Jóhann Waage, johannwaage@365.is, s. 512 5439 | Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@365.is, s. 512 5429 | Ólafur H. Hákonarson, olafurh@365.is, s. 512 5433

Hátíðarkort

Götulokanir gilda frá 07.00 - 02.00



Upplýsingar:

Þjónustusími 411-1111
er opin frá kl. 8-23
Aðalstræti 2 kl. 8-20



Bílastæðahús

opin kl. 07-01



Bílastæði hreyfihamlaðra



Möguleg bílastæði



Akstur bannaður á hátíðarsvæði



Akstur leyfður út af hátíðarsvæði



Strætó ekur að og frá Hlemmi og Gömlu Hringbraut (BSÍ). Strætóskutlur aka til og frá bílastæðum við Kirkjusand um Borgartún að Hallgrímskirkju frá 07.30 - 01.00.

Nánari upplýsingar á menningarnott.is og á straeto.is



Aðsetur lögreglu, slökkviliðs, björgunarsveita og týndra barna á bakvið Alþingishúsið

Hafnarsvæði lokað meðan á flugeldasýningu stendur



Gakktu í bæinn!
Menningarnótt
20.08.2016

menningarnott.is



REYKJAVÍK
LOVES
festivals
#reykjavikloves

ROKKAÐ SJÓNARSPIL UTAN Á HÓTELI

Kvosin Downtown Hotel kynnr Listamaðurinn Gauji H. og **hljómsveitin Kontinuum flytja í kvöld verkefni** sitt „Kyrr“. Um er að ræða tónleika í bland við myndbandslistaverk sem verður varpað á framhlið Kvosarinnar Hótel í Reykjavík.

Á Menningarnótt í kvöld munu ljósmyndarinn og listamaðurinn Gauji H. og hljómsveitin Kontinuum flytja samvinnuverkefni sitt sem ber heitið „Kyrr“. Um er að ræða tónleika í bland við magnþrungnið myndbandslistaverk sem varpað verður á framhlið Kvosarinnar andspænis Dómkirkjunni í miðbæ Reykjavíkur.

Að sögn Gauja mun Kontinuum flytja tónlistina af plötunni „Kyrr“ í heild samhlíða 45 mínútna löngu myndbandsverki sem myndar samfelldan söguþráð í gegnum alla plötuna. „Ekkert var til sparað við gerð verksins en þetta verður einnig í fyrsta sinn sem Kontinuum flytur plötuna í heild sinni opinberlega. Uppþökur vegna myndbandsverksins fóru fram víða um land en þó að mestu meðfram suðurströndinni og á Reykjanesi.“

MIKIÐ ERFIÐI

Fjöldi leikara og förðunarfræðinga vann með Gauja við gerð myndbandsins og setti svip sinn á verkið að hans sögn. „Það fór mikill tími í tókur og þurftu leikarar að leggja á sig mikið erfiði, oft við erfiðar aðstæður.“

Gauji H. hefur unnið að ýmsum verkefnum undanfarin ár. Hann hefur m.a. tekið ljósmyndir fyrir 1903 Magazine, ReykjavíkLife.is og einnig myndir á Eistnaflugi 2016 sem munu birtast í breska þungarokkstímaritinu Terrorizer.

Þá hefur Gauji einnig tekið ljósmyndir og myndbönd fyrir verkefnið „The Breath of Iceland“ og ýmis verkefni fyrir fyrirtæki og þekkt vörumerki, s.s. Adidas og Zo-on.

NYTT EFTIR VÆNTANLEGT

Hljómsveitin Kontinuum sendi frá sér plötuna „Kyrr“ í apríl 2015 og hlaut hún góðar viðtökur, bæði hér á landi og víða erlendis. Eitt af lögum plötunnar, í hulduasal, var gefið út sem smáskífa



Hljómsveitin Kontinuum sendi frá sér plötuna „Kyrr“ í apríl 2015 og hlaut hún góðar viðtökur, bæði hér á landi og víða erlendis. MYNDIR/GAUJI H.



Ljósmyndarinn og listamaðurinn Gauji H. hefur unnið að ýmsum verkefnum.

„Ekkert var til sparað við gerð verksins en þetta verður einnig í fyrsta sinn sem Kontinuum flytur plötuna í heild sinni opinberlega. Uppþökur vegna myndbandsverksins fóru fram víða um land.“

Gauji H.

árið áður og var eitt mest spilaða lag X-ins árið 2014. Hljómsveitin hafði áður sent frá sér plötuna „Earth Blood Magic“ árið 2012. Kontinuum vinnur nú að sinni þriðju breiðskífu sem verður gefin út af útgáfufyrirtækinu Season of Mist á næsta ári.

Viðburðurinn verður haldinn fyrir utan Kvosina hótél og byrjar stundvíslega kl. 22.00 í kvöld.



Hljómsveitin Kontinuum vinnur nú að sinni þriðju breiðskífu sem verður gefin út af útgáfufyrirtækinu Season of Mist á næsta ári.

SKILYRÐI AÐ VERA Á HJÓLUM

Hjólástólaskólinn verður haldið í portu Hafnarhússins á Menningarnótt milli klukkan 19 og 21. Diskóið er ætlað fólki í hjólástólum, á hjólaskautum eða jafnvel á skrifborðsstólum á hjólum. Margir af fremstu tónlistarmönnum landsins stíga á svið og borgarstjórinn þeytir skífum. Boðið verður upp á kennslu í hjólástólaladansi fyrir þá sem vilja.

Vera Einarsdóttir
vera@365.is



„Þetta er einn ótal viðburða Listasafns Reykjavíkur á Menningarnótt en ég held að mér sé óhætt að segja að það ríki alveg sérstaklega mikil spennan fyrir þessum,“ segir kynningar- og markaðsstjórinn Áslaug Guðrúnardóttir. „Þarna verða Páll Óskar, Þórunn Antonía, Helgi Björnsson, Magga Stína og Steindí Jónsdóttir og Björgvin Franz Gíslason slá á léttu strengi. Þá ætla Dagur B. Eggertsson borgarstjóri að spreyta sig sem plötusnúður og setja fyrsta lagið á fóninn.“

Áslaug segir um að ræða samstarf á milli safnsins, Tjarnarleikhópsins og íbúa á Sólheimum í Grímsnesi en Guðlaug María Bjarnadóttir, leikkona og kennari við Borgarholtskóla, hefur haft veg og vanda af því að leiða alla sem að máli koma saman.

„Undanfarna daga höfum við svo safnað saman hjólástólum héðan og þaðan. Fólk getur því bæði komið í eigin hjólástól eða fengið lánaðan

„Fólk í hjólástól hefur alveg jafn gaman af því að dansa og skemmta sér og aðrir.“

Áslaug Guðrúnardóttir

stól. Það má líka koma á línuskautum eða hvers kyns stól á hjólum. Skemmtilegast er ef allir eru á hjólum,“ útskýrir Áslaug en auk þess verður boðið upp á sérstaka kennslu í hjólástólaladansi fyrir þá sem vilja.

Spurð hvort viðburðurinn sé hugsaður til að vekja athygli á stöðu fólks í hjólástól segir Áslaug svo ekki endilega vera. „Fólk í hjólástól hefur alveg jafn gaman af því að skemmta sér og dansa og aðrir. Þetta er aðallega spurning um að skapa vettvang til að gera það kleift,“ segir Áslaug og tekur fram að þess verði gætt að aðgengi að safninu verði gott á meðan á viðburðinum stendur. „Það verður mönnum lokað á mótum Geirsgötu og Ægisgötu til að greiða aðgang þeirra sem hyggjast flytja fólk á staðinn. Allar upplýsingar um það má nálgast á heimasíðu Menningarnætur.“



Áslaug segir markmiðið að skapa vettvang til að fólk í hjólástól geti dansað og skemmt sér. Hér er hún ásamt Ásdísi Þórhallsdóttur, úr sýningadeild listasafnsins, sem hefur borið hitann og þungann af framkvæmdinni innanhúss. MYND/STEFÁN

DISKÓSÚPA Í BOÐI NETTÓ Á MENNINGARNÓTT

Nettó kynnis Átakið Minni sóun – Allt nýtt hefur það markmið að kynna fyrir viðskiptavinum Nettó hvernig hægt er að stuðla að minni matarsóun, flokkun úrgangs og orkusparnaði. Í dag býður Nettó upp á súpupartí í Hljómskálagarðinum milli kl. 17-19.

Á síðasta ári hóf verslunarkeðjan Nettó átakið Minni sóun – Allt nýtt, en markmið þess er að kynna fyrir viðskiptavinum og starfsfólki hvað unnt sé að gera til að stuðla að minni matarsóun, flokkun úrgangs og ýmiss konar orkusparnaði. Árangurinn hefur ekki látið á sér standa. Sorp frá verslunum Nettó hefur minnkað um 50 tonn á síðasta ári og er stefnt að því að minnka það um 100 tonn árlega. Orkusparnaður hefur aukist mikið, ekki síst með tilkomu sérstakra loka sem sett voru á allar frystikistur í verslunum Nettó. Sú breyting ein og sér sparar rafmagn sem samsvarar orkunotkun 200 heimila á ári.

Nettó býður einnig upp á stigvaxandi afslátt af ýmsum matvörum sem nálgast síðasta sölundag. Þannig lækkar vöruverð eftir því sem líftími vöru stytst og stuðlar þetta að minni sóun matvöru.

Ein þeirra sem eru himinlifandi með átakið og nýta það óspart er Þorbjörg Marinósdóttir, betur þekkt sem Tobba Marinós, rithöfundur og sælkeri. „Ég er mjög hrifinn af þessu framtaki Nettó, ekki síst þegar kemur að því að minnka matarsóun sem er stórt áhugamál í lífi mínu. Mannfólkið mengar mikið með því að henda stöðugt mat og rusli sem honum fylgir, þá sérstaklega mat sem er svo auðvelt að nýta á einhvern hátt. Sjálf elda ég mikið og held m.a. úti matarbloggi. Ég rak augun í að Nettó býður upp á stigvaxandi afslátt af matvöru sem nálgast síðasta sölundag og fannst þetta algjör snilld.“

AFSLÁTTURINN HEFUR ÁHRIF

Henni finnst Íslendingar vera haldnir dagsetningarsnobbi þegar kemur að kaupum á matvöru. „Við kaupum of oft matvörur með síðasta sölundag langt fram í tímann. Það finnst mér galið og óábyrgt, sérstaklega þegar matvaran er keypt til eldunar sama dag. Frekar ættum við að velja matvöru sem rennur út fyrr, í stað þess að hún endi hugsanlega í ruslinu.“

Nettó veitir tuttugu prósent afslátt af þurrvöru sem er á dagsetningu eftir 30 daga og ferskvöru sem á tvo daga í síðasta sölundag. Þrjátíu prósent afsláttur er af þurrvöru sem er á dagsetningu eftir fimmtán daga og ferskvöru sem á einn dag í síðasta sölundag. Fimmtíu prósent afsláttur er af þurrvöru sem er á dagsetningu eftir sjö daga og ferskvöru sem er komin á síðasta sölundag. Allt er þetta selt undir slagorðinu „Keyptu í dag – notaðu í dag!“

Viðskiptavinir Nettó hafa tekið vel í þetta átak og matvörur á tilboði seljast mjög vel. „Í raun hefur Nettó gefið viðskiptavinum sínum um 75 milljónir í afslátt það sem af er þessu ári með því að veita svo mikinn afslátt af vörum sem annars hefðu hugsanlega lent í ruslinu. Yfirleitt er þetta á bilinu 30-60 prósent afsláttur sem hefur auðvitað mikil áhrif á matarinnkaup heimilisins.“

HÆGT AÐ HLIÐRA TIL

Hún segir það hafa tekið smá tíma að læra að kaupa í matinn upp á nýtt. „Oft er t.d. seld mjólk með afslátti sem er fremst í kælinum og tilvalið að nota samdægurs. Svo þarf alltaf að skoða hvaða tilboð eru í gangi hverju sinni og hoga inn-



Nettó, í samvinnu við Tobbu Marinós, ætlar að leggja sitt af mörkum og standa fyrir súpupartí í Hljómskálagarðinum.



Nettó býður upp á stigvaxandi afslátt af ýmsum matvörum sem nálgast síðasta sölundag. Þannig spara neytendur og minni sóun verður á matvælu.

kaupum eftir því. Margir eru búnir að ákveða hvað á að elda um kvöldið en svo eru kannski ákveðnar vörur á tilboði og þá er um að gera að breyta til. Nú eða bara kaupa matvöru á tilboði og skella í frystinn og nota síðar. Fólk þarf almennt

að vera meira meðvitað og til í að hliðra til matseðlinum.“

Hún nefnir einnig til sögunnar útlitsdyrkun sumra á grænmeti og ávöxtum. „Útlitsgallaðar gulrætur bragðast til dæmis alveg eins vel og fallegar gulrætur. Það er auðvitað

galið að kaupa ekki slíkar gulrætur sem hvort sem er enda í blandaranum eða pottrétti. Í þessu samhengi skiptir líka miklu máli að kenna börnunum okkar að nýta mat í stað þess að henda sífellt mat.“

HÁLFGERT DISKÓPARTÍ

Nettó ætlar í samvinnu við Tobbu að leggja sitt af mörkum í átakanu Minni sóun og standa fyrir súpupartí í Hljómskálagarðinum á Menningarnótt, milli kl. 17 og 19. „Við erum nokkrar vinkonur sem eigum það sameiginlegt að hafa áhuga á minnkandi matarsóun og mengun og höfum verið í samvinnu við Nettó í átakanu Minni sóun. Með mér eru Erna Dröfn Haraldsdóttir, forstöðumaður markaðssviðs Samkaupa sem reka Nettó-verslanirnar, og Rakel Garðarsdóttir. Við höfum lengi rætt hvað hægt er að gera í þessum málum og þá kom þessi hugmynd fljótlega upp, að bjóða í súpupartí sem er hálfgerð diskópartí. Þar ætlum við að elda vegan og glútenlausa grænmetissúpu með marokkósku ívafi úr grænmeti og hráefni sem á það sameiginlegt að vera nálægt síðasta söludegi. Þetta verður ekkert gulrótaseyði heldur djúsi, matarmikil og góð marokkósk súpa handa gestum og gangandi.“

Markmiðið er að gefa á bilinu 700-1.000 skammta en viðburðurinn stendur yfir á milli kl. 17 og 19.



„Við verðum þarna í samfloti með Garðpartí Bylgjunnar og Stöðvar 2 og með okkur verður fullt af frægu fólki sem aðstoðar en það hugsar vel um heilsuna og náttúruna. Meðal þeirra eru Selma Björnsdóttir, Góí og hjónin Steinunn Ólína og Stefán Karl. Þetta snýst í raun um einfalda hluti, að fá fólk til að hugsa áður en það kaupir í matinn og áður en það hendir mat í rusli.“

Frekari upplýsingar um átakið má nálgast á www.netto.is.



Steinar segir flesta bekkjarfélaga sína í Versló hafa heyrt hann syngja áður en þeir heyrðu hann tala. MYND/MAGNÚS ANDERSEN

TÓNLISTIN ER LÍFIÐ

Steinar gaf út fyrstu plötu sína aðeins 18 ára gamall árið 2013 og sló þá í gegn með laginu Up. Hann kemur fram á stórtónleikum Bylgjunnar og Stöðvar 2 í kvöld og ný plata er væntanleg frá honum í lok þessa árs.

Starri Freyr Jónsson
starri@365.is



Tónlistarmaðurinn Steinar er einn þeirra fjölmörgu listamanna sem koma fram á stórtónleikunum Garðpartís Bylgjunnar og Stöðvar 2 í kvöld í Hljómskálagarðinum. Steinar skaut hratt upp á stjörnuhimininn sumarið 2013, þá aðeins 18 ára gamall, með fyrstu plötu sinni, Beginning, en hún innhélt m.a. lagið Up sem var eitt mest spilaða íslenska lag ársins á mörgum útvarpsstöðvum landsins.

Undir lok árs er loks von á annarri plötu Steinars en hann hefur þó gefið út þrjú lög af henni fyrr á árinu, öll við góðar undirtektir landsmanna auk þess að fá athygli utan landsteinanna. „Ég gaf út fyrsta lagið í janúar, sem heitir Say You Love, og er það stærsta lag mitt hingað til. Lagið er grípandi og góð lagasmíð þannig að ég átti von á ágætum viðtökum. Þær hafa þó farið fram úr öllum vonum og er lagið nú að detta í 460.000 spilanir á Spotify.“ Lagið fékk m.a. mjög góðar viðtökur í Norgei og Svíþjóð. „Mér finnst það vera mjög spennandi fréttir og hef hug á að kanna þessi landsvæði enn frekar í náinni framtíð enda hefur það alltaf verið á dagskránni að spila erlendis.“ Auk þess hefur hann gefið út lögin All the Same og Young fyrr á árinu en þau hafa bæði fengið góða spilun.

Elskar sviðið

Steinar var nýorðinn sextán ára þegar hann hóf vinnu við fyrstu plötu sína og var það ferli langt, lærdómsríkt og stundum erfitt. „Ég samdi öll lögin sjálfur en vann plötuna með Kristni Snæ Agnarsyni og Stefáni Erni Gunnlaugsyni. Við hittumst til skiptis eftir skóla og vinnustundirnar voru oft langar og erfiðar. Einu atviki man ég sérstaklega eftir sem endaði með því að ég þurfti að halda aftur af tárnum þangað til ég kom heim og grenjaði þá úr mér augun. Tónlist getur nefnilega verið svo mikið hitamál þegar maður þarf að vinna hana með öðrum. Þarna var ég ungur og óharðnaður en í dag væri erfitt að græta mig.“

Um það leyti sem fyrsta platan kom út var Steinar nýbyrjaður í Verzlunarskólanum. „Ég þekkti engan þar og fáið töluðu við mig

”Í rauninni er ég mjög athyglissjúk manneskja. Ég elska að vera á sviði og ef giggið er gott langar mig helst ekki að fara af því.

Steinar

þangað til ég gaf út lagið Up. Enda held ég að flestir í bekknum mínum hafi heyrt mig syngja áður en þau heyrðu mig tala.“

Hann segist eiga bæði góðar og slæmar minningar frá þessum tíma enda breyttist líf hans mikið á skömmum tíma. „Í Verzló var ég fámáll og feiminn sem er eins ólíkt mér og hugsast getur. Það vita þeir sem þekkja mig best. Í rauninni er ég mjög athyglissjúk manneskja. Ég elska að vera á sviði og ef giggið er gott langar mig helst ekki að fara af því. Hins vegar hef ég líka þurft að berjast lengi við alls konar kvíða og hann magnaðist þegar ég varð aðeins þekktari.“

Athyglin sem hann fékk á þessum tíma var yfirleitt jákvæð að hans sögn en af og til komu einhverjar neikvæðar athugasemdir. „Ég hélt alltaf að þær myndu aldrei hafa nein áhrif á mig en þær gerðu það nú samt, sérstaklega þegar fólk segir ósatt. Ég get orðið mjög reiður og þarf stundum að róa mig niður áður en ég fer að svara fólki á netinu. Þó reyni ég að láta svona nettröll eiga sig.“

Leggur mikið í tónleika

Nýja platan kemur út í október eða nóvember þótt ekkert sé staðfest í þeim efnum. „Vinnuheiti hennar er Suburban Silence en það tengist því að búa í Grafarvoginum þar sem ég ólst upp. Ég elska úthverfis-„væbið“ enda Grafarvogurinn hálfgerð sveit inni í borg. Suburban Silence táknar friðinn sem maður fær fyrir utan miðborgina.“

Næstu stóru tónleikar Steinars verða í Hofi á Akureyri þann 26. ágúst og verður frítt inn. „Á þessu ári hef ég spilað mikið með hljómsveitinni en annars hef ég mest verið að semja nýja tónlist. Tónlistin er lífið og það kemst voða lítið annað að hjá mér.“

Steinar er á Facebook, Twitter og Instagram undir steinardoosk. Hlusta má á tónlist hans á Spotify.



Frábærar McCain franskar á 5 mínútum

Franskar kartöflur í sérflokki sem þú töfrar fram á augabragði. Einföld og fljótleg matreiðsla og algjör sæla fyrir bragðlaukana. Prófaðu núna!



Nýja plata Steinars kemur væntanlega út í október eða nóvember.

Fagval

Fagval óskar eftir starfsmönnum

Fagval óskar eftir að ráða starfsmann til starfa við smíði á álhurðum og gluggum.

Vel kemur til greina að ráða laghentan mann og þjálfa upp frá grunni. Starfsumhverfið er þrífalegt og vel tækjum búið.

Upplýsingar veitir Guðmundur Víðir sími 899 4411

Áhugasamir vinsamlegast leggið inn umsókn á efirfarandi netfang; fagval@fagval.is

REKSTRARSTJÓRI

Hönnunarfyrirtækið Tulipop leitar að öflugum einstaklingi í starf rekstrarstjóra.

Við leitum að metnaðarfullum og úrræða-góðum einstaklingi, sem hefur áhuga á að vinna við fjölbreytt verkefni í vaxandi fyrirtæki.

Nauðsynlegt er að viðkomandi sé nákvæmur, með frábæra skipulagshæfileika, sé góður í mannlegum samskiptum og njóti þess að starfa sjálfstætt.

Tulipop er ört vaxandi fyrirtæki sem hannar og framleiðir gjafavörur fyrir börn á öllum aldri. Vörur Tulipop eru seldar víða um heim og hafa hlotið alþjóðleg hönnunarverðlaun.

Starfssvið:

- Umsjón með rekstri skrifstofu
- Verkefni tengd fjármálum fyrirtækisins, s.s. vinna við bókhald, uppgjör og áætlanagerð
- Samskipti við samstarfsaðila, bæði innlenda og erlenda
- Fjölbreytt verkefni í samvinnu við framkvæmdastjóra

Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun, t.d. á sviði viðskiptafræði eða verkfræði
- Reynsla af reikningshaldi og fjárhagslegum greiningum æskileg
- Góð hæfni í Excel og Power Point nauðsynleg
- Mjög góð enskukunnátta nauðsynleg

Allar nánari upplýsingar má finna á www.tulipop.is/job.
Umsóknir skal senda á job@tulipop.com fyrir 29. ágúst nk.

Tulipop ehf. | Fiskilóð 31 | 101 Reykjavík | Sími 519 6999



Tulipop®



LANDSPÍTALI

LANDSPÍTALI ... KOMDU MEÐ!

Hjarta-, lungna- og augnskurðeild

HJÚKRUNARFRÆÐINGUR

Hjúkrunarfræðingur óskast til starfa á hjarta-, lungna- og augnskurðeild á skurðlækningasviði. Á deildinni starfa um 50 manns í þverfaglegu teymi og sinna einstaklingum sem farið hafa í aðgerð vegna sjúkdóma í hjarta og lungum, einnig er þar legurými fyrir augnsjúklinga.

Góður starfsandi er ríkjandi á deildinni sem einkennist af vinnugleði, metnaði og sveigjanleika. Margvísleg tækifæri eru til að þróa með sér mikla og faglega þekkingu á hjúkrun og hæfni í sjálfstæðum vinnubrögðum sem og tækifæri til náms. Boðið verður upp á sérstakt starfsþróunarár fyrir nýútskrifaða hjúkrunarfræðinga í vetur í formi fyrirlestra, umræðufunda, handleiðslu og ráðgjafar.

Gjörgæsludeild

HJÚKRUNARDEILDARSTJÓRI

Starf hjúkrunardeildarstjóra á gjörgæsludeild Landspítala við Hringbraut er laust til umsóknar. Við viljum ráða einstakling með jákvætt viðmót og afburðahæfni í mannlegum samskiptum.

Hjúkrunardeildarstjórinn er yfirmaður hjúkrunar á deildinni, stjórnar daglegum rekstri og er leiðandi um hjúkrunarfræðileg málefni innan deildarinnar. Á deildinni eru 11 gjörgæslurými auk vöknunardeildar við Hringbraut og á kvennadeild. Deildin þjónar öllu landinu og er þar veitt almenn gjörgæslumeðferð sem og sérhæfð meðferð m.a. sjúklinga eftir alvarleg hjartaáföll, þeirra sem fara í aðgerðir á brjóstholi og kviðarholi og alvarlegra veikra barna.

Móttaka svæfingadeilda

HJÚKRUNARFRÆÐINGAR/ DAGVINNA

Hefur þú áhuga á svæfingarhjúkrun? Óskað er eftir tveimur faglegum og metnaðarfullum hjúkrunarfræðingum til starfa á móttökum svæfingadeildar við Hringbraut.

Hér er kjörið tækifæri fyrir hjúkrunarfræðinga sem hafa áhuga á námi í svæfingahjúkrun til að kynnast starfinu. Við bjóðum einstaklingsaðlagða þjálfun eftir þörfum hvers og eins, á góðum vinnustað sem er í fararbroddi í faglegu starfi og þróun. Á svæfingadeild Landspítala starfa um 35 svæfingahjúkrunarfræðingar við fjölbreytt og krefjandi verkefni, í nánun samstarfi við fagfólk í öðrum sérgreinum. Svæfingadeild heyrir undir aðgerðasviði sem annast rekstur skurðstofa, gjörgæsludeilda, Blóðbanka, dauðhrensunardeildar auk speglunardeildar.

Hjartadeild og Hjartagátt

HJÚKRUNARFRÆÐINGUR

Við óskum eftir fjórum áhugasömum hjúkrunarfræðingum til starfa við hjúkrun hjartasjúklinga. Hér er um afar spennandi nýjung að ræða sem hefði í för með sér mikil tækifæri á sérhæfingu viðkomandi í hjúkrun hjartasjúklinga. Hjúkrunarfræðingar geta valið að starfa á báðum deildum samhliða eða í völdum tilvikum á öðrum staðnum eingöngu.

Á deildunum starfar stór hópur metnaðarfullra hjúkrunarfræðinga og starfsandinn er einstaklega góður.

Hjartadeild Landspítala er eina sérhæfða hjartadeildin á landinu. Þar er sjúklingum með margvísleg hjartavandmál veitt þjónusta á legudeildum 14EG sem og á Hjartagátt þar sem er veitt bráðaþjónusta auk fjölbreyttrar dag- og göngudeildarþjónustu.

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á HEIMASÍÐU LANDSPÍTALA; WWW.LANDSPITALI.IS/MANNAUDUR OG [STARFATORG.IS](http://WWW.STARFATORG.IS)

Landspítali er lífandi og fjölmennur vinnustaður með um 5.100 starfsmenn. Hann er aðalsjúkrahús landsins og miðstöð menntunar og rannsókna í heilbrigðisvísindum. Á Landspítala er lögð áhersla á öryggi, jafnrétti, ábyrgan rekstur, góðan starfsanda og bættan húsakost.

Ert þú öflugur

Verkstjóri



AB-Prif óskar eftir að ráða öflugan verkstjóra með framúrskarandi samskiptahæfni. Um er að ræða krefjandi starf í fjölbjóðlegu umhverfi.

Umsóknarfrestur

4. september

Upplýsingar og umsókn

vinna.is/storf/verkstjori

Menntunar- og hæfniskröfur

- Bílpróf og hreint sakarvottorð skilyrði.
- Reynsla af ræstingum skilyrði.
- Verður að vera íslensku- og/eða enskumælandi.
- Heiðarleiki og frumkvæði.
- Þjónustulund og metnaður.
- Sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Framúrskarandi færni í samskiptum.

AB-Prif ehf. er ungt og framsækið hringerningafyrirtæki sem formlega tók til starfa í júlí 2006. Helsta sérsvið fyrirtækisins er iðnaðarþrif fyrir byggingarverktaka og gluggaþvottur, en einnig hefur það verið að bjóða upp á almenn þrif í auknum mæli.

Capacent — leiðir til árangurs

capacent

Veist þú allt um

Kjaramál



SFR óskar eftir að ráða sérfræðing á kjara- og félagssvið. Leitað er að öflugum og framsæknum einstaklingi sem hefur áhuga á kjara- og réttindamálum launafólks.

Umsóknarfrestur

7. september

Helstu verkefni

- Vinna að kjaramálum og stofnanasamningum SFR.
- Tölfræðigreiningar og upplýsingaöflun er varða kjaratengd málefni.
- Uppsetning gagangrunna vegna kjara- og stofnanasamninga.
- Vinna að kjara- og launakönnunum félagsins.
- Þjónusta við félagsmenn er varðar kjör og réttindi.
- Kennsla og fræðsla varðandi kjaramál.
- Vinna við félags- og gagnakerfi SFR.
- Önnur verkefni skv. ákvörðun framkvæmdastjóra.

Upplýsingar og umsókn

capacent.is/s/3528

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun eða sambærilegt, sem nýtist í starfi, s.s. hagfræði, vinnumarkaðsfræði, viðskipta- eða verkfræði.
- Víðtæk reynsla af tölfræði- og greiningarvinnu og notkun töflureikna.
- Áhugi og reynsla/þekking af kjaramálum.
- Frumkvæði og geta til að starfa sjálfstætt.
- Góð samskipta- og samstarfshæfni.
- Góð íslenskukunnátta og færni í textagerð.

SFR er stéttarfélag í almannathjónustu og er félagssvæði þess allt landið. Félagsmenn eru um 6000 og er SFR stærsta félagið innan Bandalags starfsmanna ríkis og bæja (BSRB). Helstu verkefni SFR eru að bæta kjör félagsmanna og verja réttindi þeirra.

Capacent — leiðir til árangurs

capacent

Ríkiseignir

Fjármálastjóri



Ríkiseignir óska eftir að ráða fjármálastjóra til starfa. Verkefni eru fjölbreytt og krefjandi á sviði fjármála, rekstrar og mannauðsmála.

Umsóknarfrestur

5. september

Helstu verkefni

- Yfirumsjón og ábyrgð á bókhaldi og uppgjörum.
- Áætlanagerð og eftirfylgni.
- Umsjón með reikningagerð og gerð húsaleigusamninga.
- Aðstoð við stjórnendur í mannauðs- og kjaramálum.
- Umsjón með launavinnslu.
- Aðstoð við gerð starfsmannahandbókar, starfslýsinga og stofnanasamninga.
- Samskipti við Fjárslu ríkisins og Ríkisendurskoðun vegna bókhalds og uppgjörsmála.
- Daglegur rekstur skrifstofu.

Upplýsingar og umsókn

capacent.is/s/3525

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf í viðskiptafræði eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla af bókhaldi og uppgjörum.
- Reynsla af gerð kostnaðar- og rekstraráætlana.
- Reynsla á sviði mannauðsmála.
- Reynsla af framsetningu á tölulegum gögnum.
- Lipurð í mannlegum samskiptum og jákvætt viðmót.
- Frumkvæði og faglegur metnaður.
- Gott vald á íslensku.
- Þekking á opinberri stjórnslu og opinberum fjármálum æskileg.

Ríkiseignir urðu til við sameiningu Fasteigna ríkissjóðs og Jarðeigna ríkisins. Í umsjón stofnunarinnar eru rúmlega 500 þús. m² húsnæðis, ríflega 300 jarðir, auk auðlinda á ríkislandi. Árlegt rekstrarumfang er rúmí 5 milljarðar króna.

Umsækjendur eru beðin að sækja um starfið á heimasíðu Capacent.

Capacent — leiðir til árangurs

capacent

Byggðastofnun

Forstöðumaður fyrirtækjasviðs



Byggðastofnun óskar eftir að ráða öflugan og traustan einstakling til starfa sem forstöðumann fyrirtækjasviðs. Viðkomandi er staðgengill forstjóra og stýrir fundum lánanefndar í fjarveru hans. Starfstöðin er á Sauðárkróki og er æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Umsóknarfrestur

5. september**Helstu verkefni**

- Yfirumsjón með starfi fyrirtækjasviðs.
- Ábyrgð og eftirfylgni með ákvörðunum stjórnar sem falla undir sviðið.
- Stjórnun, skipulag og útteiling verkefna á sviðinu og umsjón með greiningu lánsbeiðna.
- Umsjón með áhættumati útlána- og hlutabréfasafns og gerð tölfraediupplýsinga um safnið.
- Ábyrgð á útborgun lána og eftirfylgni.
- Ráðgjöf og þjónusta til viðskiptavina stofnunarinnar og annarra hagsmunaaðila.

Upplýsingar og umsókn

capacent.is/s/3522**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólamenntun á sviði viðskipta- eða hagfræði eða önnur sambærileg menntun sem nýtist í starfi.
- Þekking eða reynsla af stjórnun og rekstri.
- Góð fjármálaþekking og reynsla af lána- og/eða bankastarfsemi.
- Reynsla af greiningarvinnu og mjög góð greiningarhæfni.
- Góð þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu er æskileg.
- Góð færni í að tjá sig í rituðu og töluðu máli á íslensku, ensku.
- Forystu- og leiðtogahæfileikar.
- Mjög góð hæfni í mannlegum samskiptum og þjónustulund.
- Frumkvæði í starfi ásamt hæfni til að vinna sjálfstætt og í hópi.
- Nákvæmni, öguð vinnubrögð og hæfni til að vinna undir álagi.

Byggðastofnun hefur það hlutverk að efla byggð og atvinnulíf með sérstakri áherslu á jöfnun tækifæra allra landsmanna til atvinnu og búsetu. Í samræmi við hlutverk sitt undirbýr, skipuleggur og fjármagnar stofnunin verkefni og veitir lán með það að markmiði að treysta byggð, efla atvinnu og stuðla að nýsköpun í atvinnulífi. Byggðastofnun hefur það markmið að vera eftirsóknarverður vinnustaður fyrir hæfa og metnaðarfulla starfsmenn. Hjá stofnuninni starfa 24 vel menntaðir starfsmenn með fjölbreytta reynslu.

Capacent — leiðir til árangurs

capacent

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

Við finnum rétta einstaklinginn í starfið

capacent

www.capacent.is



Ertu með yfirsýn og orku?

Landsnet leitar að öflugum einstaklingi til að sjá um áætlanagerð og skipulagningu verkefna hjá Netþjónustu er snúa að rekstri og viðhaldi á flutningskerfi Landsnets. Netþjónusta tilheyrir framkvæmda- og rekstrarsviði Landsnets og sér um viðhald og rekstur á tengivirkjum, raflínunum og öðrum einingum flutningskerfisins á landinu öllu.

Í starfinu felst stýring mannafla og úthlutun tækja til verkefna, ábyrgð á eftirfylgni verkefna og þátttaka í tæknilegum greiningum og útfærslum varðandi mannvirki og búnað. Starfið krefst frumkvæðis og áhuga á raforkumálum. Rík áhersla er lögð á öryggis-, heilsu- og umhverfismál.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun á sviði tækni- eða verkfræði
- Reynsla af og þekking á rekstri og viðhaldi raforkukerfa er æskileg
- Frumkvæði, sjálfstæði, færni í mannlegum samskiptum og skipulögð vinnubrögð
- Reynsla af miðlun upplýsinga í töluðu og rituðu máli og hæfileiki til að setja fram efni á skýran hátt

Um Landsnet

Við flytjum raforku á Íslandi og stýrum uppbyggingu flutningskerfisins. Við sjáum fyrir okkur rafvædda framtíð sem er í takt við samfélagið og höfum sett okkur það markmið að tryggja örugga afhendingu á raforku til framtíðar og að ná sátt um þær leiðir sem farnar verða. Við viljum taka tillit til þarfa samfélagsins á hverjum tíma og sýnum ábyrgð í umgengni við náttúruna. Við berum umhyggju hvert fyrir öðru og viljum skapa góðan vinnustað með spennandi verkefnum. Við höfum að leiðarljósi gildin okkar: samvinnu, ábyrgð og virðingu.

Umsóknarfrestur er til og með 4. september 2016.

Umsækjendur eru beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is. Umsóknum þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfi. Nánari upplýsingar veita Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Tinni Kári Jóhannesson (tinni.johannesson@capacent.is) hjá Capacent.



BAUHAUS er ein af stærstu verslunarkerðjum á byggingasviði í Evrópu og rekur fleiri en 260 verslanir í 19 löndum. Hjá BAUHAUS er viðskiptavinurinn alltaf í öndvegi, stjórnendur eru virkir og hvetja sitt fólk til dáða.



BAUHAUS leitar að vörumóttökustjóra og fulltrúa á skrifstofu

Ef þú ert með léttu lund, hraðar hendur og reynslu sem nýtist í starfi skaltu endilega hafa samband.

Vörumóttökustjóri

Vörumóttökustjóri heyrir undir framkvæmdastjóra BAUHAUS og er yfirmaður starfsmanna vörumóttökusvæðisins. Hann þarf að hafa reynslu af sambærilegu starfi.

Helstu verkefni:

- Yfirumsjón með vöruhúsi og ábyrgð á öllum vörusendingum
- Meðhöndlun varnings og eftirfylgni gæða í vörumóttöku
- Þjálfun starfsmanna
- Ábyrgð á að viðskiptavinir BAUHAUS fái bestu þjónustu sem völ er á

Fulltrúi á skrifstofu

Fulltrúi á skrifstofu þarf að hafa reynslu af skrifstofustörfum, menntun sem nýtist í starfinu og góða almenna tölvukunnáttu.

Helstu verkefni:

- Greiðsla reikninga
- Undirbúningur funda
- Símsvörun og móttaka gesta
- Önnur tilfallandi verkefni



Upplýsingar veita:

Geirlaug Jóhannsdóttir
geirlaug@hagvangur.is

Sverrir Briem
sverrir@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is
Umsóknarfrestur er til og með 29. ágúst nk.



HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700

ráðum
ráðningarstofa

Er verið að leita að þér?

RÁÐUM EHF • Vegmúla 2, 108 Reykjavík • Sími 519 6770 • radum@radum.is

Menningarfulltrúi Vestfjarða

Fjórðungssamband Vestfirðinga auglýsir laust til umsóknar starf menningarfulltrúa Vestfjarða með aðsetur á Hólmavík. Um er að ræða fullt starf við stefnumótun, ráðgjöf og þróunarverkefni á sviði menningarstarfs og lista á Vestfirðum, auk verkefna tengdum Sóknaráætlun Vestfjarða, starfsemi Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða og tilfallandi verkefna á starfssviði Fjórðungssambands.



Fjórðungssamband
Vestfirðinga

Starfssvið:

- Dagleg umsýsla, skýrsluhald og stefnumótun á sviði menningar og lista
- Þróunarstarf á sviði menningarmála og skapandi greina
- Fagleg ráðgjöf og verkefnastjórnun í völdum þróunarverkefnum
- Efling samstarfs á sviði menningar og lista
- Vinna að framgangi Sóknaráætlunar Vestfjarða
- Önnur verkefni á starfssviði Fjórðungssambands Vestfirðinga

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf sem nýtist í starfi
- Skipulagshæfileikar og stjórnunarreynsla
- Þekking og reynsla af lista- og menningarstarfi
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð tölvu- og tungumálakunnáttu

Við leitum að kraftmiklum og metnaðarfullum einstaklingi sem á auðvelt með samskipti við fólk, er vanur sjálfstæðum vinnubrögðum og frumkvæði í störfum. Vinnutími krefst nokkurs sveigjanleika og starfinu fylgja ferðalög. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Launakjör eru í samræmi við kjarasamninga BHM og sveitarfélaga.

Nánari upplýsingar veitir Aðalsteinn Óskarsson framkvæmdastjóri Fjórðungssambandsins í síma 450 3001, netfang: adalsteinn@vestfirdir.is.

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg ferilskrá og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Fjórðungssambandið áskilur sér rétt til að framlengja umsóknarfrestinn, ef nauðsyn krefur.



lind@talent.is



bryndis@talent.is

TALENT
RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF

www.talent.is | talent@talent.is

- Reynsla af og vilji til þverfagleggrar teymisvinnu
- Áreiðanleiki, faglegur metnaður, jákvæðni og sveigjanleiki
- Góð íslenskukunnátta skilyrði
- Reynsla af kennslu æskileg

Frekari upplýsingar um starfið:

Upplýsingar um starfið veitir Kristjana Sigrún Kjartansdóttir, yfirlæknir Heilsugæslunnar Hamraborg í síma 594-0500 eða í tölvupósti (kristjana.sigrun.kjartansdottir@heilsugaeslan.is).



HEILSUBORG

- Þín brú til betri heilsu

ÍÞRÓTTA FRÆÐINGUR

Heilsuborg leitar að metnaðarfullum íþróttifræðingi. Starfið er fjölbreytt og samanstendur af hópþjálfun og þjálfun einstaklinga í tækjasal.

Reynsla af hópþjálfun er kostur. Viðkomandi mun vinna sem verktaki og vinnutíminn er fyrst og fremst seinnipart dags. Nánari upplýsingar veitir Óskar Jón Helgason forstöðumaður heilbrigðisþjónustu.

Umsókn sendist á oskar@heilsuborg.is fyrir 28. ágúst.

Hjá Heilsuborg starfar samhentur hópur starfsmanna að því markmiði að bæta heilsu og lífsgæði viðskiptavinanna. Fagmennska og virðing eru höfð að leiðarljósi í starfseminni. Starfsumhverfið er frjótt og stöðugt er leitað nýrra leiða til að þjóna viðskiptavinum sem best.

www.heilsuborg.is

Heilsuborg ehf. • Faxafeni 14 • 108 Reykjavík • Sími 560 1010

LAGER - FRAMLEIÐSLA

Bindir & stál ehf. óskar eftir að ráða starfskraft til framtíðarstarfa í útkeyrslu, afgreiðslu og framleiðslu á íhlutum til mannvirkjagerðar. Starfið getur hentað báðum kynjum.

Ferilskrá sendist á bindir@simnet.is.

Frekari upplýsingar í síma 897 2794.



Sölufulltrúi fasteigna

Vegna mikilla anna og stækkunar aðstöðu fasteignasölnunnar vantar okkur sölufulltrúa – fasteignasölnema og löggilta fasteignasala í sölustarfssemi.

Mjög góð skiptiprósentu.

Allar nánari upplýsingar veitir Þorbjörn Pálsson, framkvæmdastjóri, löggiltur fasteignasali. thorbjorn@alltfasteignir.is

Bæjarhrauni 12 Hafnarfirði sími 560-5500 • Víkurbraut 46, Grindavík sími 426-8890



MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI

Starfsmaður í mötuneyti í Menntaskólanum í Kópavogi

Menntaskólinn í Kópavogi óskar eftir að ráða starfsmann í mötuneyti skólans. Um er að ræða fullt starf og er vinnutími frá kl. 08:00-16:00. Starfið felur í sér afgreiðslu, undirbúning málsverða og frágang. Æskilegt er að umsækjandi hafi menntun á þessu sviði s.s. matartæknánám eða matsveinanám eða reynslu af vinnu í mötuneyti.

Áriðandi er að viðkomandi eigi gott með samskipti og sé þjónustulipur. Laun eru skv. sérstökum samningi Starfsmannafélags ríkisins og fjármálaráðuneytis.

Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu skólans í síma 594 4000 hjá skrifstofustjóra eða umsóknarmanni mötuneytis.

Skólameistari



ÞJÓÐAR & MÓTTÖKUSTARFSFÓLK

Viltu komast í fallegt umhverfi með reglulegan vinnutíma?

Sigló Hótel leitar að reynslumiklum þjónum og móttökustarfsfólki úr hótélgeiranum í fulla vinnu sem geta hafið störf á næstu mánuðum.

Einungis áreiðanlegir einstaklingar með gott frumkvæði koma til greina.

Mikilvægt er að starfsmaður vinni vel í hópi, sé sveigjanlegur, sýni öguð og góð vinnubrögð ásamt því að hafa áhuga á að taka þátt í nýju og spennandi verkefni.

Siglufjörður er fjölskylduvænn bær í notalegu umhverfi með frábærum afþreyingarmöguleikum. Gott tækifæri fyrir þá sem vilja skipta um umhverfi, vinna á fallegu hóteli með háu þjónustustigi og njóta útiveru eða afslöppunar í frítíma sínum.

Áhugasamir sendi umsóknir á sigmar@siglohotel.is eða hringi í síma 461-7730

Sigló Hótel • Snorrargata 3 • 580 Siglufjörður
s. 467 7730 • siglohotel@siglohotel.is • www.siglohotel.is

Sindri óskar eftir sölumanni

Við leitum að sölumanni í verslun Sindra í Hafnarfirði til að selja verkfæri og tengdan búnað. Starfið felur í sér tækniráðgjöf og tilboðsgerð fyrir viðskiptavinum.

Hæfniskröfur

- Reynsla af sölustörfum
- Rík þjónustulund
- Frumkvæði
- Öguð vinnubrögð

Starfslýsing

- Sala og þjónusta við viðskiptavinum
- Tilboðsgerð og ráðgjöf

Upplýsingar um starfið veitir Þórður M. Kristinsson í síma 575 0000 eða thk@sindri.is.

Umsóknum skal skilað fyrir 3. september.

Sindri er verslunar- og þjónustufyrirtæki á sviði byggingalausna, festingarvara, véla, verkfæra og vinnufatnaðar. Fyrirtækið var stofnað árið 1933 og er hluti af Johan Rönning hf.

Hjá félaginu starfa rúmlega 90 starfsmenn í Reykjavík, Kópavogi, Fjarðabyggð, Reykjanesbæ, Hafnarfirði, á Selfossi, Grundartanga og á Akureyri.

Johan Rönning hefur í 5 ár í röð verið valið fyrirmyndarfyrirtæki VR og hlotið nafnbótina fyrirtæki ársins síðastliðin 4 ár.



OSBRES • VÍS • VAVEL.VP&P

| Skútuvogi 1 | Viðarhöfða 6 | Bæjarhrauni 12 |

Sími 575 0000 • www.sindri.is

SINDRI

SPENNANDI OG KREFJANDI STÖRF Í SLIPPNUM Á AKUREYRI



Slippurinn Akureyri ehf. veitir alhliða þjónustu við sjávarútveginn og teljast helstu útgerðir á Íslandi til viðskiptavina fyrirtækisins sem og erldendar útgerðir.

Slippurinn Akureyri ehf. er leiðandi fyrirtæki á sínu sviði hér á landi. Það rekur upptökumannvirki og viðgerðarstöð fyrir skip og annast hvers konar málmsmíði, vélsmiði, vélaviðgerðir, rennismíði og skipasmíðar. Fyrirtækið rekur enn fremur trésmíðaverkstæði, sand/vatnsblástur, málun og verslun með eigin framleiðslu og aðrar vörur til skipa. Skipaþjónusta Slippisins Akureyri annast þjónustu við sjávarútvegsfyrirtæki og býður heildarlausnir í hönnun, endurnýjun og viðhaldi á skipum og búnaði þeirra. Þá færast svonefnd landverkefni stöðugt í aukana hjá fyrirtækinu.

VERKEFNASTJÓRI

Óskum eftir að ráða verkefnastjóra á framleiðslu- og þjónustusviði. Um er að ræða krefjandi starf fyrir metnaðarfullan einstakling.

Helstu verkefni:

- Stýring einstakra verkefna
- Kostnaðarútreikningar og tilboðsgerð
- Áætlanagerð og skipulagning verkefna
- Samskipti við, birgja, undirverktaka og viðskiptavini.
- Þáttaka í innkaupum vegna verkefna
- Fjárhagsleg eftirfylgni og uppgjör verka
- Eftirfylgni gæða- og öryggiskrafna.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólagráða í vélaverkfræði/tæknifræði, meistara gráða er kostur.
- A.m.k. 5 ára reynsla af verkefnastjórnun eða sambærilegu starfi.
- Skipulagshæfileikar og dugnaður.
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum.
- Framúrskarandi hæfni í íslensku og ensku ásamt kunnáttu í einu norðurlandamáli.

TÆKNITEIKNARI

Vegna aukinna verkefna á hönnunarsviði leitar Slippurinn á Akureyri ehf að tækniteiknara.

Helstu verkefni:

- Teikning framleiðsluteikninga vinnslubúnaðar í fiskvinnslu
- Frágangur söluteikninga og kynningarefnis.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun í tækniteiknun eða véltækni.
- Yfirgripsmikil þekking á AutoCAD.
- Þekking og reynsla af Inventor
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum.
- Framúrskarandi hæfni í íslensku og ensku ásamt kunnáttu í einu Norðurlandamáli.

Umsóknarfrestur er til og með 04.09.2016

Leggja skal inn umsókn á www.slipp.is. Farið verður með umsóknir sem trúnaðarmál. Öllum umsóknum verður svarað.

Nánari upplýsingar veitir: Eiríkur S. Jóhannsson í tölvupósti esj@slipp.is



SLIPPURINN AKUREYRI EHF. • NAUSTATANGA 2 • 600 AKUREYRI • SÍMI: 460 2900 • WWW.SLIPP.IS

Icewear leitar eftir jákvæðu, ábyrgðarfullu og kraftmiklu starfsfólki sem hefur gaman af mannlegum samskiptum, flottri hönnun og sölumennsku

Markaðsstjóri

Icewear óskar eftir að ráða útsjónarsaman og skapandi markaðsstjóra

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Gott vald á íslensku og ensku
- Reynsla af markaðsmálum
- Iðni og útsjónarsemi
- Frumkvæði og metnaður í starfi
- Hugmyndaauðgi og sköpunarkraftur
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Starfssvið

- Stefnumótun og áætlanagerð í markaðsmálum
- Tengsl við fjölmiðla og samstarfsaðila
- Dagleg eftirfylgni og rekstur markaðsdeildar

Umsókn ásamt ferilskrá merkt „Markaðsstjóri“ sendist á netfangið agust@icewear.is & fridrik@icewear.is fyrir 1. september.

Starfsmenn óskast á lager Icewear í Garðabæ

Kostir sem við metum:

- Reynsla af lagerstörfum
- Stundvísi og metnaður í starfi
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Umsókn ásamt ferilskrá merkt „Lagerstarf“ sendist á atvinna@icewear.is fyrir 1. september.

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og verður öllum svarað með tölvupósti. Umsóknum er ekki svarað í síma.

Icewear var stofnað 1972. Fyrirtækið rekur sauma- og þrúnastofu í Vík í Mýrdal og saumastofu í Reykjanesbæ. Þá rekur Icewear heildsölu og 10 verslanir á Íslandi sem selja framleiðsluvörur fyrirtækisins. Icewear fatnaður er einnig seldur í verslunum í Evrópu og Norður Ameríku. Hjá Icewear starfa 175 manns.



Byggingastjóri - verkefnastjóri

Fasteigna og byggingafélag óskar að ráða tæknifræðing eða húsameistara.

Verkefni: Samningagerð við verktaka og birgja. Gerð verk- og kostnaðaráætlana. Umsjón með viðhaldsverkefnum. Hönnunarstýring, gæða og öryggismál. Góð tölvukunnátta og þekking á Revit. Reynsla af byggingastjórn nauðsynleg.

Umsóknir með ferilskrá óskast sendar á santon@mi.is
Nánari upplýsingar um starfið í síma 66 45 900.

Anton ehf byggingafélag. 30 ára Skútuvoגי 6.

Toyota Rétting og málun óskar eftir starfskrafti

Bílaréttingar // Framtíðarstarf!

- Almennar bílaréttingar og rúðuúsetningar
- Menntun æskileg en skoðum líka nema
- Starfsreynsla æskileg

Hæfniskröfur

- Rík þjónustulund og frumkvæði í starfi
- Vandvirkni og stundvísi
- Skipulagshæfni
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Áhugasamir um bílaréttingar sendi umsókn ásamt ferilskrá á gunnar@toyotasefossi.is
eða mæti á staðinn og ræði við Gunnar Sveinsson



TOYOTA SELFOSSI

www.toyotasefossi.is • Sími: 480-8000 • Fossnes 14, 800 Selfoss

Umsjónarmaður þjónustovers óskast til starfa



Oddi prentun og umbúðir leitar af öflugum starfsmanni til að stýra þjónustuveri Odda.

Helsta ábyrgðarsvið þjónustovers er afgreiðsla og móttaka viðskiptavina og gesta auk símaþjónu.

Æskilegt er að viðkomandi hafi ríka þjónustulund og geta unnið vel bæði sjálfstætt og í hóp.

Upplýsingar um starfið veitir Kristján Geir Gunnarsson í síma 824 1836 eða kgeir@oddi.is

Áhugasamir sækja um starfið á oddi.is fyrir 29. ágúst.

Oddi er ein stærsta prentsmiðja landsins og er jafnframt einn stærsti og fjölbreyttasti framleiðandi umbúða á Íslandi, bæði úr pappa- og mjúklplasti. Oddi þjónar virtum hópi viðskiptavina, bæði innlendum og erlendum. Vegna góðrar aðstöðu er hægt að laga þjónustuna að þörfum markaðarins á hverjum tíma og bjóða hámarks gæði og afköst á viðráðanlegu verði. Framleiðslan er vel tækjum búin og býr að stórum hópi reyndra og vel menntaðra starfsmanna.

Oddi óskar eftir öflugum sölumanni



Oddi prentun og umbúðir leitar að öflugum sölumanni í fullt starf.

Reynsla af sölustörfum er æskileg auk þess sem viðkomandi þarf að hafa ríka þjónustulund og geta unnið vel bæði sjálfstætt og í hóp.

Upplýsingar um starfið veitir Kristján Geir Gunnarsson í síma 824 1836 eða kgeir@oddi.is

Áhugasamir sækja um starfið á oddi.is fyrir 29. ágúst.

Oddi er ein stærsta prentsmiðja landsins og er jafnframt einn stærsti og fjölbreyttasti framleiðandi umbúða á Íslandi, bæði úr pappa- og mjúklplasti. Oddi þjónar virtum hópi viðskiptavina, bæði innlendum og erlendum. Vegna góðrar aðstöðu er hægt að laga þjónustuna að þörfum markaðarins á hverjum tíma og bjóða hámarks gæði og afköst á viðráðanlegu verði. Framleiðslan er vel tækjum búin og býr að stórum hópi reyndra og vel menntaðra starfsmanna.

Fagval

Fagval óskar eftir starfsmönnum

Fagval óskar eftir að ráða starfsmann til starfa við smíði á álhurðum og gluggum.

Vel kemur til greina að ráða laghentan mann og þjálfa upp frá grunni. Starfsumhverfið er þrífalegt og vel tækjum búið.

Upplýsingar veitir Guðmundur Víðir sími 899 4411

Áhugasamir vinsamlegast leggið inn umsókn á efirfarandi netfang; fagval@fagval.is



Afgreiðslustarf

Við stelpurnar í Zik Zak erum að leita að hressri og skemmtilegri samstarfskonu sem er 30 ára+ til þess að slást í hópinn með okkur.

Vinnutími 12-16 virka daga og aðra hverja helgi. Viðkomandi þarf að geta hafið störf strax.

Umsóknir má senda á netfangið zikzak@internet.is

Árbæjarapótek

Starfsmaður óskast til afgreiðslustarfa.

Um er að ræða fullt starf.

Reynsla úr apóteki æskileg.

Umsóknir sendist á póstfangið: arbatotek@internet.is

Einnig er hægt að hafa samband við Kristján í síma 567-4200 á opnunartíma Árbæjarapóteks.

Árbæjarapótek
Sjálftætt apótek frá 1971
Hraunbæ 115
110 Reykjavík

STÖRF HJÁ
GARÐABÆ

Flataskóli

- Leiðbeinandi í leikskóladeild
- Stuðningsfulltrúar
- Skólalíði

Hofsstaðaskóli

- Umsjónarkennari í 4. bekk

Akrar

- Leikskólakennari
- 50% starf fyrir hádegi

Bæjarból

- Deildarstjóri
- Leikskólakennari eða þroskaþjálfari
- Aðstoð í eldhúsi

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Nánari upplýsingar á www.gardabaer.is.

 GARÐABÆR 40
GARÐATORGI 7
SÍMI 525 8500
GARÐABAER.IS

STÖRF HJÁ
GARÐABÆ

Garðabær auglýsir eftir þjónustufulltrúa í fullt starf í Ráðhúsi bæjarins.

Helstu verkefni:

- Móttaka viðskiptavina í Ráðhúsinu
- Símsvörun
- Almenn skrifstofustörf

Menntun, reynsla og hæfni:

- Stúdentspróf, skrifstofunám eða sambærilegt nám
- Reynsla af almennum skrifstofustörfum
- Rík þjónustulund

Umsóknarfrestur er framlengdur til og með 28. ágúst 2016.

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Nánari upplýsingar má finna á vef Garðabæjar www.gardabaer.is.

 GARÐABÆR 40
GARÐATORGI 7
SÍMI 525 8500
GARÐABAER.IS



LÍFLAND

Spennandi störf í boði hjá traustu fyrirtæki

Verkstjóri í vöruhúsi

Lifland leitar að öflugum og framsæknum einstaklingi til að sjá um verkstjórn í vöruhúsi okkar.

Starfssvið

- Ábyrgð á vöruflæði og daglegum rekstri vöruhús.
- Samskipti við viðskiptavini.
- Mannaforráð.
- Ábyrgð á vörumóttöku og vörudreifingu.

Hæfniskröfur

- Reynsla og þekking á lagerhaldi.
- Skipulagshæfileikar og sjálfstæð vinnubrögð.
- Lyftararéttindi.
- Góð almenn tölvuþekking og þekking á Navision æskileg.
- Þjónustulund og lipurð í mannlegum samskiptum.

Starfsmaður í verslun á Akureyri

Lifland óskar eftir starfsmanni í verslun Liflands á Akureyri.

Vinnutími er frá kl. 10 – 18 virka daga og frá kl. 10 – 14 annan hvern laugardag. Starfsmaður þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Starfssvið

- Ráðgjöf og sala til viðskiptavina.
- Almenn verslunarstörf.

Hæfniskröfur

- Þekking á íslenskum landbúnaði og hestamennsku er kostur.
- Þjónustulund og lipurð í mannlegum samskiptum.
- Lyftararéttindi eru kostur.
- Góð almenn tölvuþekking og þekking á Navision kostur.

Starfsmaður á verkstæði

Lifland óskar eftir starfsmanni í fullt starf á verkstæði okkar.

Starfssvið

- Viðgerðir og viðhald á tækjum Liflands.
- Önnur tilfallandi verkefni á verkstæði.

Hæfniskröfur

- Reynsla af viðgerðum og verkstæðisvinnu.
- Sjálfstæð og vönduð vinnubrögð.

Starfsmaður í tækjadeild

Lifland leitar að starfsmanni í sölu og ráðgjöf á tækjabúnaði fyrir landbúnað. Lifland selur heildarlausnir á tækjabúnaði fyrir alifuglabændur og kúabændur.

Starfssvið

- Sala, tilboðsgerð og ráðgjöf til viðskiptavina.
- Vinna að úrlausnum verkefna með viðskiptavinum.
- Aðstoð við uppsetningu tækjabúnaðar.
- Bakvinnsla.
- Utanumhald á varahlutum.

Hæfniskröfur

- Tæknifræðimenntun er kostur.
- Reynsla af sölustörfum.
- Þekking á íslenskum landbúnaði.
- Góð almenn tölvuþekking og þekking á Navision æskileg.
- Þjónustulund og lipurð í mannlegum samskiptum.

Starfsmaður í vöruhúsi

Lifland óskar eftir duglegum starfsmanni í vöruhúsi Liflands í Reykjavík.

Starfsmaður þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Starfssvið

- Móttaka og frágangur á vörum í vöruhúsi.
- Tínsla og afgreiðsla á pöntunum.
- Almenn lagerstörf.

Hæfniskröfur

- Lyftararéttindi eru kostur.
- Góð almenn tölvuþekking og þekking á Navision er kostur.
- Þjónustulund og lipurð í mannlegum samskiptum.

Umsóknarfrestur starfanna er til og með 5. september nk.

Nánari upplýsingar um starf í verslun veitir Ellert verslunarstjóri Akureyri s. 540-1150, 895-7900.

Upplýsingar vegna annarra auglýstra starfa veitir Arnar Þórisson í síma: 540-1162.

Áhugasamir eru vinsamlegast beðnir um að senda umsókn og ferilskrá á atvinna@lifland.is.

Vinsamlegast takið fram hvaða starf sótt er um.

Við hvetjum bæði konur og karla að sækja um störf hjá Liflandi.

Lifland er framsækið fyrirtæki sem sérhæfir sig í þjónustu tengdri landbúnaði, hestamennsku, dýrahaldi og þjónustu við matvælaíðnaðinn. Lifland rekur fóðurverksmiðju á Grundartanga sem framleiðir kjarnfóður, auk þess að reka Kornax, einu hveitimyllu landsins. Lifland rekur að auki sex verslanir víðsvegar um landið. Hjá Liflandi starfa 70 manns á 9 starfstöðvum.

www.lifland.is
lifland@lifland.is

Reykjavík
Lynghálsi

Akureyri
Óseyri


Borgarnes
Borgarbraut

Blönduós
Efstubraut

Hvolsvöllur
Stórólsvelli



LÍFLAND



Við stækjum og styrkjum hópinn á Akureyri

Starfsfólk í viðskiptaþjónustu og endurskoðun

Vegna aukinna umsvifa vantar okkur liðsauka í okkar frábæra hóp á Akureyri.

Menntunar- og hæfniskröfur

Við leitum að öflugum og drífandi einstaklingum sem búa yfir menntun og/eda reynslu af bókhaldi, uppgjörum, endurskoðunarverkefnum, skattframtalsgerð eða sambærilegum verkefnum.

PwC leggur mikið upp úr faglegum vinnubrögðum og gerir miklar kröfur til starfsfólks síns í þeim efnum. Umsækjendur þurfa umfram allt að vera samviskusamir, nákvæmir í vinnubrögðum og hafa áhuga á framþróun í starfi. Umsækjendur þurfa einnig að vera jákvæðir, hafa frumkvæði og vinna vel í hóp.

Umsóknir

Umsóknarfrestur er til 31. ágúst 2016 og umsóknum skal skilað í tölvupósti á netfangið storf@pwc.is. Umsókninni skal fylgja ferilskrá þar sem tilgreint er um nám og fyrri störf ásamt upplýsingum um meðmælendur.

Frekari upplýsingar veitir Rúnar Bjarnason, forstöðumaður PwC á Norðurlandi, í síma 843 5405 eða með tölvupósti á netfangið runar.bjarnason@is.pwc.com.

Öllum umsóknum verður svarað og verða þær meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

PwC er stærsta endurskoðunar- og ráðgjafar fyrirtæki heims. PwC á Íslandi hefur á að skipa reynslumiklum sérfræðingum í endurskoðun, viðskiptaþjónustu, fyrirtækjaráðgjöf, skatta- og lögfræðiráðgjöf og innri endurskoðun og kappkostar að veita framúrskarandi þjónustu á þeim sviðum.

Að starfa hjá PwC þýðir að starfa sem hluti af liðsheild með reynslumiklum sérfræðingum í krefjandi og spennandi umhverfi íslensks og alþjóðlegs viðskiptalífs. Sú reynsla og þekking sem starfsfólk PwC ávinnur sér í störfum sínum getur gert viðkomandi að verðmætum einstaklingi í atvinnulífinu.



Bílabúð Benna leitar eftir drífandi, metnaðarfullu og skipulögðu fólki í hópinn.

Vörustjóri Porsche

Helstu verkefni:

- Pöntun á Porsche bifreiðum
- Birgða- og innkaupastýring
- Skýrslugerð og upplýsingagjöf til birgja og stjórnenda
- Umsjón með skráningum bifreiða
- Sölu- og samkeppnisgreiningar

Hæfniskröfur:

- Góð Excel og almenn tölvukunnátta
- Reynsla af birgða- og innkaupastýringu æskileg
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Góð enskukunnátta í töluðu og rituðu máli
- Skipulögð og vönduð vinnubrögð

Ábyrgðarfulltrúi

Helstu verkefni:

- Frágangur ábyrgðaruppgjöra
- Samskipti við erlenda birgja
- Eftirfylgni ábyrgðarverkefna
- Samskipti við þjónustuaðila

Hæfniskröfur:

- Góð tungumálakunnátta
- Góð tölvukunnátta
- Þekking á bílum er kostur
- Skipulögð og vönduð vinnubrögð
- Háskólamenntun kostur

Standsetning - notaðir bílar

Helstu verkefni:

- Standsetning á notuðum bílum
- Smáviðgerðir
- Innkaup varahluta

Hæfniskröfur:

- Þekking á bílum
- Bifvélavirki eða bifvélavirkjanemi kostur

Nánari upplýsingar um störfin veitir Björn Ragnarsson, framkvæmdastjóri bílasviðs, bjorn@benni.is. Umsókn ásamt ferilskrá, merkt starfstíttli, sendist í síðasta lagi mánudaginn 29. ágúst, á netfangið: bjorn@benni.is. Fullum trúnaði er heitið.



Tollvörður

Spennandi starf í lifandi umhverfi



TOLLSTJÓRI

Nokkrar stöður tollvarða í Reykjavík og á Keflavíkurflugvelli eru lausar til umsóknar hjá embætti Tollstjóra. Um er að ræða fjölbreytt og lifandi störf sem miða að því að vernda samfélagið gegn ólöglegum innflutningi og fela í sér mikil samskipti við viðskiptavinum Tollstjóra. Störfin henta jafnt konum sem körlum.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Tollvarðafélags Íslands.

Um starfskjör, réttindi og skyldur gilda að öðru leyti lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996

Gildi Tollstjóra eru traust, samvinna og framsækni.

Ráðningar hjá embættinu taka mið af þeim.

Starf tollvarða felur m.a. í sér:

- Afgreiðslu og eftirlit með skipum, flugvélum, farþegum og áhöfnum.
- Eftirlit og skoðun vörusendinga og tollskjala
- Sérhæfðar leitir svo sem í bílum, með gegnumlýsingarbúnaði o.s.frv.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Stúdentspróf eða menntun sem má meta til slíks náms.
- Samviskusemi, nákvæmni og traust vinnubrögð
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Gott andlegt og líkamlegt atgervi
- Gott vald á íslensku, ensku og einu Norðurlandamáli. Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti.
- Almenn ökuréttindi.
- Hreint sakavottorð.

Í tengslum við ráðningu þarf að þreyta þríþætt inntökupróf, bæði skriflegt og líkamlegt, en nánari upplýsingar um það er að finna á www.tollur.is. Gera má ráð fyrir að þeir sem kallaðir verða í inntökupróf mæti 8. eða 9. september.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir. Athygli er vakin á að umsóknir gilda í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Kári Gunnlaugsson, í síma 560-0300

Umsóknarfrestur er til 5. september nk. Sótt er um starfið rafrænt á www.tollur.is/laus-storf.



HÚSVÖRÐUR Í KAPLAKRIKA

Óskum eftir að ráða harðduglega og snyrtilega konu í 100% starf húsvörðar í Kaplakrika, hálf starf kemur til greina. Unnið er á vöktum.

Starfslýsing: Almenn þrif í húsinu og á svæðinu. Þjónusta iðkendur og aðra gesti, svara í síma og svara fyrirspurnum varðandi félagið, æfingatíma og fleira.

Hæfniskröfur: Stundvísi, áreiðanleg, snyrtileg og dugleg.

Áhugasamir vinsamlegast sendið umsóknir á elsa@fh.is fyrir 27 ágúst.

Garri er leiðandi innflutningsaðili á mat- og hreinlætisvöru til fyrirtækja og stofnana. Garri hefur starfað frá 1973.



LAGERMAÐUR ÓSKAST

Garri heildverslun óskar eftir að ráða kraftmikla starfsmenn á lager að Lynghálslí, Reykjavík. Í boði eru 100% störf sem og hlutastörf á kvöldvaktir.

Helstu verkefni:

- Tiltekt og frágangur pantana

- Almenn lagerstörf

Hæfniskröfur:

- Nákvæm vinnubrögð

- Góðir samskiptahæfileikar

- Reynsla af sambærilegum störfum er kostur

- Íslenskukunnátta æskileg

Áhugasamir sendi inn ferilskrá með upplýsingum um menntun og fyrri störf á netfangið rocio@garri.is merkt; Lagerstarfsmáður 2016.

Umsóknarfrestur er til og með 29. ágúst 2016.

www.garri.is
5 700 300



„Það er ótrúlega gaman að kynnast Marel tækjabúnaði frá hinum ýmsu sjónarhornum, allt frá hönnun og framleiðslu til sölufarla og markaðsgreininga, með þarfir viðskiptavinarins í huga.“

Kristín Líf Valtýsdóttir vélaverkfræðingur í vörubrúun, húmoristi og heilsufrik.

INNOVATION MANAGER

Marel óskar eftir að ráða Innovation Manager í fiskiðnaði. Vörubrúunarteymi tryggir að Marel sjái fiskiðnaði fyrir nýjustu tækni í vinnslubúnaði á öllum stigum fiskvinnslu, allt frá stökum vogum til vinnslulína og heildarkerfa, um borð í fiskiskipum og vinnslum í landi.

Starfssvið:

- Ber ábyrgð á vörubrúun og rannsóknarstarfi fyrir fiskiðnað.
- Leiðir mótun á stefnu og framtíðarsýn í vörubrúun innan fiskiðnaðar í samræmi við heildarstefnu Marel.
- Leiðir og byggir upp öflugt vörubrúunarteymi.
- Viðheldur nánú samstarfi við aðrar deildir innan Marel sem og við lykilverkfræðingum.
- Tryggir skilvirkni og gott verklag.

Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun í verkfræði eða sambærilegu námi.
- Viðtæk þekking á fiskiðnaði og vinnuferlum matvælafyrirtækja.
- Að lágmarki fimm ára stjórnunarreynsla.
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum.
- Þýr yfir skipulagshæfni, hugmyndaauðgi og á auðvelt með að aðlagast breytingum.
- Sýnir leiðtogaþæfni, frumkvæði og drifkraft.

Starfið heyrir undir Sigurð Ólason, framkvæmdastjóra fiskiðnar.

Umsóknarfrestur er til 11. september. Einungis er tekið á móti umsóknum á marel.is/storf. Nánari upplýsingar um starfið veitir Dagmar Viðarsdóttir, dagmar.vidarsdottir@marel.com, í síma 563-8000.

Marel er alþjóðlegt hátæknifyrirtæki með hátt í 4600 starfsmenn, þar af 500 á Íslandi. Fyrirtækið er brautryðjandi á heimsvísu í þróun og framleiðslu tækja og hugbúnaðar fyrir matvælaiðnað. Við leggjum ríka áherslu á nýsköpun og framþróun í öllu okkar starfi. Þess vegna viljum við ráða til okkur öflugar konur og karla sem hafa áhuga á að mæta nýjum og spennandi áskorunum á hverjum degi. Starfsumhverfið er fjölskylduvænt, vinnutíminn er sveigjanlegur, félagslífð gott, lögð er áhersla á heilsueflingu starfsfólks m.a. með góðu mótuneyti og framúrskarandi íþróttastöðu.



Deildarstjóri radió og þráðlauss aðgangs

Laust er til umsóknar spennandi og krefjandi stjórnunarstarf sívaxandi deildar radió og þráðlauss aðgangs. Deildarstjórinn ber ábyrgð á hönnun og rekstri farsíma-, útvarps- og sjónvarpsdreifikerfa Vodafone. Hann kemur einnig að stefnumörkun, áætlanagerð og öðrum framkvæmdum tengdum þráðlausum kerfum. Viðkomandi stýrir teymi sérfræðinga og vinnur náið með öðrum stjórnendum sem og birgjum fyrirtækisins. Starfið krefst góðra hæfileika og reynslu af stjórnun tæknimanna í krefjandi umhverfi.

Umsóknarfrestur er til og með 28. ágúst nk. Nánari upplýsingar á vodafone.is/storf

Vodafone

Við tengjum þig





MANNAUÐSSTJÓRI

Verkfræði- og náttúruvísindasvið Háskóla Íslands leitar að mannauðsstjóra til starfa. Við leitum að einstaklingi með þekkingu og frumkvæði í hóp úrvals starfsfólks sem hefur fagmennsku, góð samskipti og stöðugar umbætur að leiðarljósi.

Starfssvið

- Mönnun og ráðningar
- Alþjóðlegar ráðningar og móttaka erlendra starfsmanna
- Starfsþróun og þjálfun nýrra starfsmanna
- Ráðgjöf við stjórnendur
- Innri samskipti
- Vinnustaðamenning og starfsandi

Menntunar- og hæfniskröfur

- Meistarapróf í mannauðsstjórnun, vinnusálfræði eða skyldum greinum
- Haldgöð reynsla af stefnumiðaðri mannauðsstjórnun, starfsþróunarverkefnum og breytingastjórnun
- Þekking á helstu aðferðum innri samskipta
- Mikil samstarfshæfni, jákvætt viðmót og lipurð í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði í starfi og árangursmiðuð nálgun verkefna

Umsóknarfrestur er til og með 5. september 2016.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Hilmar Bragi Janusson, forseti Verkfræði- og náttúruvísindasviðs í síma 525 4085 og netfang hilmar@hi.is.

Sjá nánar um starfið á www.hi.is/laus_storf



HÁSKÓLI ÍSLANDS
VERKFRÆÐI- OG NÁTTÚRUVÍSINDASVIÐ



Svæðisstjóri

Akureyrarbær óskar eftir að ráða Svæðisstjóra til starfa á skíðasvæðið í Hlíðarfjalli.

Hlíðarfjall er vinsælasta skíðasvæði Íslands og er árlega heimsótt af tugþúsundum landsmanna til þess að renna sér á skíðum og snjóbrettum.

Helstu verkefni eru:

- Verkstjórn á skíðasvæðinu.
- Viðhaldsvinna á sumrin og haustin.
- Umsjón með öryggis- og gæðamálum.
- Þjálfun starfsfólks.
- Skipulag og vinna við snjóframleiðslu.
- Önnur tilfallandi verkefni.

Hæfniskröfur:

- Reynsla af stjórnun er kostur.
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi.
- Almenn skíða- eða snjóbrettakunnátta nauðsynleg.
- Iðnmenntun sem nýtist í starfi nauðsynleg.
- Vilji og geta við að vinna við erfiðar aðstæður.
- Grunnþekking á notkun helstu tölvuforrita æskileg.
- Meirapróf og vinnuvélaréttindi nauðsynleg.
- Gerð er krafa um vammleysi, s.s. að vera með gott orðspor og að framkoma og athafnir á vinnustað og utan hans samrýmist starfinu.

Nánari upplýsingar um starfið er að finna á heimasíðu Akureyrarbæjar, www.akureyri.is þar sem sótt er um rafrænt.

Umsóknarfrestur er til og með 31. ágúst 2016



Akureyrarbær · Geislagata 9 · Sími 460 1000 · Bréfasími 460 1001



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

VERKEFNASTJÓRI Í HEIMAHJÚKRUN – ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ LAUGARDALS OG HÁALEITIS

Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis auglýsir eftir hjúkrunarfræðingi í starf verkefnastjóra í samþættri heimaþjónustu. Við samþætta heimaþjónustu starfa hjúkrunarfræðingar, sjúkraliðar, félagsliðar og starfsfólk heimaþjónustu með það að markmiði að veita örugga og góða þjónustu við fólk í heimahúsum. Markmið samþættrar heimahjúkrunar og heimaþjónustu er að veita skilvirka þjónustu til íbúa, einfalda aðgengi að þjónustu til einstaklinga í heimahúsum, til að einstaklingur geti verið eins lengi heima og mögulegt er. Um er að ræða fullt starf og þarf viðkomandi að geta hafið störf sem fyrst.

Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis hefur að markmiði að veita íbúum hverfanna fyrirmyndarþjónustu og stuðla að góðu samfélagi fyrir alla í samvinnu við íbúa, félagasamtök og hagsmunaaðila. Unnið er á grundvelli þverfaglegs samstarfs og áhersla lögð á heildarsýn og samþætta þjónustu.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Tekur þátt í skipulagi mönnunar, vinnubrögðum, uppbyggingu í heimahjúkrun og félagslegri heimaþjónustu í miðbyggð borgarinnar.
- Hefur umsjón með og tekur þátt í RAI mati og gæðamálum hjúkrunar og félagsþjónustu.
- Hefur umsjón með mönnun fyrir kvöld og helgarþjónustu.
- Hefur umsjón með daglegri lyfjatiltekt og útteilingu lyfja.
- Ber ábyrgð á móttöku nema í samstarfi við skóla og aðra samstarfsaðila.
- Sinnir fræðslu til samstarfsaðila.
- Tekur þátt í samstarfs- og þróunarverkefnum innan PLH og þvert á hverfi borgarinnar og utan.

Hæfniskröfur

- Íslenskt hjúkrunarleyfi.
- Framhaldsnám er nýttist í starfi.
- 5 - 10 ára starfsreynsla.
- Reynsla af stjórnun og verkefnisstjórnun.
- Þekking og reynsla af sjúkraskrárkerfinu Sögu.
- Gott vald á íslensku og , gott málfar og hæfni í frágangi á texta.
- Frumkvæði, sveigjanleiki, góð samskipta- og skipulagshæfni.
- Góð tölvukunnátta m.a. excel og word.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Ingibjörg Halla Þórisdóttir deildarstjóri í síma 411-1500 og tölvupósti ingibjorg.halla.thorisdottir@reykjavik.is.

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is

Umsóknarfrestur er til 3. september n.k

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem við búum í.

Leikskólinn Aðalþing

óskar að ráða
háskólamenntað fólk
til starfa

Aðalþing
er einkarekinn leikskóli í Kópavogi,
sem leggur áherslu á margskonar
þróunarstarf og skemmtilega
nýbreytni.

Við leitum að starfsfólki með
margvíslega háskólamenntun,
t.d. á sviði uppeldis- og menntavísinda,
félags- eða
heilbrigðisvísinda og listgreina.

Karlar jafnt sem konur eru sérstaklega
hvattir til að sækja um starf með okkur
en nú þegar er hátt hlutfall karlanna
starfandi við skólann.

Upplýsingar veitir Hörður leikskólastjóri
í síma 7703553
eða á netfanginu hordur@adalthing.is

Nánari upplýsingar um starfið í Aðalþingi
er að finna á heimasíðu skólans www.adalthing.is



Sérfræðingur í rekstraráhættu

Áhættustýring Valitor leitar að sérfræðingi í rekstraráhættu. Viðkomandi er ábyrgur fyrir að þróa og efla eftirlit með rekstri tengdum kortastarfsemi Valitor.

Unnið er náði með tekjusviðum fyrirtækisins við öflugt eftirlit með rekstraráhættu sem jafnframt styður stefnu þeirra, áhættustýringu og góða viðskiptahætti.

Ábyrgð

- // Vinna að stöðugum umbótum með það að markmiði að minnka rekstraráhættu.
- // Tryggja að Valitor fylgi settum reglum og stefnu er snúa að rekstraráhættu.

Hæfni

- // Leitað er eftir háskólamenntuðum einstaklingi með frumkvæði, sem getur unnið sjálfstætt og hefur bakgrunn úr rekstraráhættu eða tengdum sviðum.
- // Árangur og reynsla af þróun og innleiðingu ferla í samvinnu við innri og ytri aðila er skilyrði.
- // Mjög góð enskukunnátta er skilyrði.

Umsækjendur eru beðnir um að skila inn ferilskrá og kynningarbréfi á ensku.

Umsóknarfrestur er til og með **30. ágúst 2016**.

Upplýsingar veitir Sverrir Briem, sverrir@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is

Valitor er traust og alþjóðlegt þekkingarfyrirtæki sem er stöðugt að skapa nýjar lausnir fyrir viðskiptavinum sína. Gildin okkar, *frumkvæði, traust og samvinna*, knýja samhentan og metnaðarfullan starfshóp áfram í stöðugri viðleitni til að bæta þjónustuna.

VALITOR

» Ráðningarpjónusta

Vaktstjóri

Tokyo Sushi óskar eftir að ráða metnaðarfullan og vandvirkan einstakling í starf vaktstjóra. Um vaktavinnu er að ræða og er unnið frá kl. 10:45 til kl. 21:30. Unnið er tvo daga aðra vikuna og fimm daga hina.

» Starfssvið

- Þátttaka í almennum störfum
- Ábyrgð á þjónustu og gæðum á sinni vakt
- Umsjón með starfsfólki
- Umsjón með uppgjöri

» Hæfniskröfur

- Skipulags- og leiðtogaþæfileikar
- Reynsla af sambærilegu starfi er kostur
- Rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Dugnaður og metnaður í starfi


Veitingastaðir Tokyo Sushi eru staðsettir í Glæsibæ og á Nýbýlavegi.

TOKYO sushi

Nánari upplýsingar um starfið er að finna á heimasíðu HH Ráðgjafar www.hhr.is og eru áhugasamir beðnir um að sækja um starfið þar.

» HH Ráðgjöf • Fjarðargata 13 - 15 • 220 Hafnarfjörður • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is

HH
RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA



Sveitarfélag Hornafjarðar óskar eftir að ráða í eftirtaldar stöður

Forstöðumaður Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar

Starfsvið:

*Yfirumsjón með daglegum rekstri og starfsmannamálum Menningarmiðstöðvarinnar, yfirumsjón með héraðsskjalasafni og byggða- og náttúrugrípasafni, sem og bókasafni sveitarfélagsins.

*Forstöðumaður ber auk þess ábyrgð á þróun safnamála, vinnur að stefnumótun og menningarmálum auk annarra fjölbreytilegra og krefjandi verkefna.

Hæfniskröfur eru að umsækjendur séu með háskólamenntun (BS/MS) sem hentar í starfið. Haldgóð þekking á safna- og menningarmálum er nauðsynleg auk starfsreynslu af sambærilegu. Áhersla er lögð á sjálfstæð vinnubrögð, sveigjanleika í samstarfi, hæfni í mannlegum samskiptum, tölvulæsi og góða íslensku- og enskukunnáttu í ræðu og riti. Reynsla af stjórnun er nauðsynleg og kostur er ef viðkomandi hafa góða þekkingu á svæðinu.

Staða leikskólastjóra

Sveitarfélagið Hornafjörður auglýsir laust til umsóknar starf leikskólastjóra við sameinaðan leikskóla á Höfn. Ákveðið hefur verið að sameina tvo leikskóla undir eitt þak.

Starfsvið:

*Leikskólastjóri ber faglega- og rekstrarlega ábyrgð á starfi leikskóla, stjórnar honum og hefur forgöngu um mótun faglegar stefnu innan ramma laga, reglugerða, aðalnámskrár, stefnu sveitarfélagsins og í samstarfi við skólasamfélagið.

*Helstu verkefni leikskólastjóra eru að vera faglegur leiðtogi og móta framtíðarstefnu leikskólans, vinna að sameiningu tveggja leikskóla og flutningi í nýtt hús, stýra og bera ábyrgð á daglegu starfi og rekstri leikskólans, bera ábyrgð á starfsmannamálum s.s. ráðningum, vinnutilhögun, og starfsþróun jafnframt að skipuleggja foreldrasamstarf í samvinnu við foreldra og starfsfólk auk annarra þeirra fjölbreyttu verkefna er falla undir verksvið.

Hæfniskröfur til starfsins eru leikskólakennaramenntun og leyfi til að nota starfsheitið leikskólakennari, kennslureynsla á leikskólastigi eða viðbótarmenntun í stjórnun. Áhersla er lögð á leiðtogaþæfileika og hæfni í stjórnun, faglegan metnað og frumkvæði í starfi, áhuga á að leiða þróunarstarf í leikskóla auk samstarfshæfni og lipurðar í mannlegum samskiptum. Hæfniskröfur eru einnig góð almenn tölvukunnátta og góð íslenskukunnátta. Þekking eða reynsla af rekstri er æskileg.

Í boði eru áhugaverð framtíðarstörf í barnvænu umhverfi þar sem öll nútíma þægindi eru til staðar, næg atvinnutækifæri, gott tólmundar- og félagslíf í friðsælu og framsæknu bæjarfélagi. Laun verða í samræmi við kjarasamning launanefndar sveitarfélags og viðeigandi stéttarfélaga.

Umsóknarfrestur er til og með 18. september nk. Gengið verður frá ráðningum fljótlega.

Guðný Harðardóttir hjá STRÁ ehf. veitir nánari upplýsingar um stöfin í s: 588-3031 alla virka daga frá kl. 13-15. Vinsamlegast sendið umsóknir ásamt meðfylgjandi gögnum til stra@stra.is, sjá nánar www.stra.is.

Athygli er vakin á því að umsóknir geta gilt í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út með vísan til 3. tölul. 2. mgr. 2. gr. reglna um auglýsingar á lausum störfum nr. 464/1996, með síðari breytingum, sem settar eru með stöð í 2. mgr. 7. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningar hefur verið tekin.

Á heimasíðu www.hornafjordur.is /atvinna má sjá nánari upplýsingar um fleiri áhugaverð störf.

STRÁ



Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

Starf	Stofnun	Staður	Nr. á vef
Tollverðir	Tollstjóri	Reykjavík	201608/1113
Verkefnisstjóri	Háskóli Íslands, félagsvísindasvið	Reykjavík	201608/1112
Doktorsnemi	Háskóli Íslands, félagsráðgjafadeild	Reykjavík	201608/1111
Verkefnastjóri	Nýsköpunarmiðstöð Íslands	Reykjavík	201608/1110
Lögfræðingur á sviði mannréttinda	Innanríkisráðuneytið	Reykjavík	201608/1109
Forstöðumaður fyrirtækjasviðs	Byggðastofnun	Sauðárkrókur	201608/1108
Fjármálastjóri	Ríkiseignir	Reykjavík	201608/1107
Gagnafulltrúi	Landhelgisgæsla Íslands	Reykjanesbær	201608/1106
Mannauðsstjóri	Háskóli Íslands, verkfræði- og náttúruv	Reykjavík	201608/1105
Hjúkrunarfræðingur	Sjúkrahúsið á Akureyri, Kristnesspítali	Akureyri	201608/1104
Hjúkrunarfræðingur	Landspítali, skurðlækningar	Reykjavík	201608/1103
Aðstoðarmenn á bráðadeild	Landspítali, Fossvogi	Reykjavík	201608/1102
Starfsfólk í matsali	Landspítali	Reykjavík	201608/1101
Starfsmaður í eldhúsi	Landspítali, Hringbraut	Reykjavík	201608/1100
Sérfræðingur í heimilislækningum	Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins	Kópavogur	201608/1099
Doktorsnemi, Kerfislíffræðisetur	Háskóli Íslands	Reykjavík	201608/1098
Nýdoktor, Kerfislíffræðisetur	Háskóli Íslands	Reykjavík	201608/1097
Doktorsnemi, Kerfislíffræðisetur	Háskóli Íslands	Reykjavík	201608/1096
Sérfr. í vefforritun og vefumsjón	Hagstofa Íslands	Reykjavík	201608/1095
Yfirsálfræðingur	Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	Reykjanesbær	201608/1094
Verkefnisstjóri	Háskóli Íslands, Félagsvísindastofnun	Reykjavík	201608/1093
Skógarvörður	Skógræktin	Suðurland	201608/1092
Hjúkrunarfræðingur	Landspítali, hjarta/lungna/augnskurð.	Reykjavík	201608/1091
Skrifstofumaður	Landspítali, meinafræðideild	Reykjavík	201608/1090
Hjúkrunarfræðingur	Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins	Hafnarfjörður	201608/1089
Hjúkrunarfræðingur	Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins	Hafnarfjörður	201608/1088
Héraðsdýralæknir	Matvælastofnun	Egilsstaðir	201608/1087
Sjúkraþjálfarar	Landspítali	Reykjavík	201608/1086
Starfsfólk í ræstingar	Menntaskólinn í Reykjavík	Reykjavík	201608/1085

LEIKSKÓLI Í REYKJAVÍK

óskar eftir að ráða tónlistarkennara sem fyrst. Góð íslenskukunnátta nauðsynleg.

Umsóknir með upplýsingum um menntun og starfsreynslu sendist á box@frett.is merkt „Tónlistarkennari-RVK“



MOSFELLSBÆR



VARMÁRSKÓLI
MOSFELLSBÆ

Laus störf við Varmáarskóla skólaárið 2016-2017

- **Kennari** óskast í námsver, tímabundið starf (50-70%)
- **Íþróttakennsla**, tímabundið verkefni v/fæðingarorlofs (19.sept-18.nóv 2016).
- **Húsvörður** óskast til áramóta í 50-100% starf.
- **Skólaliði** óskast til starfa. Fjölbreytt verkefni.
- **Skólaliði** með ræstingu (50%).
- **Stuðningsfulltrúi** óskast með nemendum á miðstigi (75%), hægt að bæta við með vinnu í frístundasel.
- **Frístundaleiðbeinendur** óskast til starfa við Frístundasel Varmáarskóla (30-50%). Möguleiki er á styttri vinnutíma og að vinna staka daga Tilvalin aukavinna með skóla.

Laun samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélaga.

Upplýsingar veita Þórunna Rósa Ólafsdóttir og Þórhildur Elfarsdóttir skólastýrur í síma 525 0700 eða 899 8465 / 863 3297. Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á netfangið [thoranna\(hja\)varmarskoli.is](mailto:thoranna(hja)varmarskoli.is) eða [thorhildur\(hja\)varmarskoli.is](mailto:thorhildur(hja)varmarskoli.is)

Umsóknarfrestur um öll störfin er til 3. sept 2016.

Við hvetjum fólk af báðum kynjum til að sækja um. Það sakar ekki að hafa samband og heyra í okkur.

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA

www.n1.is

facebook.com/enneinn



Ertu á lausu?

N1 óskar eftir að bæta við sig metnaðarfullu, kraftmiklu og lífsglöðu starfsfólki. Laus eru margvísleg störf víðsvegar um landið.

Kynntu þér málið og sæktu um á www.n1.is – merkt framtíðarstörf

Hvetjum bæði kyn til að sækja um störf hjá fyrirtækinu.



Hluti af atvinnulífinu





B.Ó. SMÍÐIR

Ertu smiður eða hefurðu áhuga á byggingarvinnu?

B.Ó. Smiðir ehf. eru að leita að smiðum og verkamönnum í framtíðarstarf vegna aukinna verkefna.

Einnig stendur til boða að taka nema á samning. Verkefnastaða er víðsvegar um land, þó aðallega á höfuðborgarsvæðinu og Suðurlandi.

Umsóknir og fyrirspurnir má senda á bosmidir@bosmidir.is

Grafískur hönnuður

Langar þig að starfa hjá einu sprækasta sprotafyrirtæki landsins?

Við hjá Activity Stream leitum að reyndum UI/UX hönnuði til að ganga til liðs við hóp starfsmanna sem ætlar sér stóra hluti á næstunni. Reyndsla af skjá, prent og mobile hönnun er kostur. Við bjóðum samkeppnishæf laun, skemmtilegt starfsumhverfi og alvöru áskoranir.

Sendu okkur ferilskrá á jobs@activitystream.com fyrir 29. ágúst.

Activity Stream

Activity Stream er sprotafyrirtæki sem þróar og selur rekstragreiðarhugbúnað (Operational Intelligence) sem gerir meðalstórum og stórum fyrirtækjum mögulegt að nýta gervigreind til að bæta daglegan rekstur og þjónustu.

Activity Stream erum kröftugt og vel fjármagnað fyrirtæki í örum vexti sem starfar nú þegar með stærri viðskiptavinum beggja vegna Atlantshafsins.

Spennandi störf hjá Kópavogsbæ

Leikskólar

- Leikskólakennari í leikskólann Arnarsmára
- Leikskólakennari í leikskólann Austurkór
- Leikskólasérkennari í leikskólann Austurkór
- Leikskólakennari eða þroskajálfí í 60% starf í leikskólann Efstahjalla
- Leikskólakennari í leikskólann Kópastein
- Aðstoðarmatráður í leikskólann Læk

Grunnskólar

- Skólaliði í Álfhólsskóla
- Starfsmaður í eldhúsi í Álfhólsskóla
- Smíðakennari í Hörðuvallaskóla
- Stuðningsfulltrúi í Kársnesskóla
- Matráður í Salaskóla
- Skólaliðar í dægradvöl Salaskóla
- Stuðningsfulltrúi í Vatnsendaskóla

Velferðarsvið

- Starfsmaður í liðveislu, tilsjón og ráðgjöf

Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt á heimasíðu Kópavogsbæjar, www.kopavogur.is, þar sem jafnframt má finna fleiri störf og nánari upplýsingar.



Kópavogsbær

kopavogur.is



Viltu vinna við lifandi og skemmtilegt starf í Salaskóla?

Salaskóla vantar nokkra starfsmenn í dægradvöl sem og í mótuneyti skólans. Um er að ræða 50% starf eftir hádegi í dægradvöl en 100% starf í mótuneyti. Möguleiki er á meira starfshlutfalli í dægradvöl sé þess óskað.

Við bjóðum upp á skemmtilegan og lifandi vinnustað þar sem ríkir góður starfsandi.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Við hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um starfið.

Upplýsingar gefur Hafsteinn Karlsson, skólastjóri, í síma 4413200 eða á netfanginu hafsteinn@kopavogur.is

Eingöngu er hægt að sækja um störfina á www.kopavogur.is



Kópavogsbær

kopavogur.is



Samskip vilja þig í bílstjórastæðið

Samskip óska eftir bílstjórum í akstur og dreifingu vöru innan höfuðborgarsvæðisins, sem og á landsbyggðinni.

Hæfnikröfur bílstjóra:

- Meirapróf er skilyrði og réttindi til þess að aka með tengivagn eru kostur
- ADR réttindi til flutnings á hættulegum farmi eru kostur
- Gerð er krafa um sterka öryggisvitund, góða ástundun og samviskusemi
- Stundvísi, heiðarleiki og hæfni í mannlegum samskiptum
- Umsækjendur verða að hafa náð 18 ára aldri og hafa hreina sakaskrá

Við leggjum metnað okkar í að flytja viðskiptavinum vörur skjótt og örugglega hvert á land sem er og til þess þurfum við öflug og snjalla bílstjóra.

Áhugasamir eru hvattir til að sækja um sem fyrst. Umsóknarfrestur er til og með **28. ágúst 2016**.

Nánari upplýsingar veitir Jóhannes Karl Kárasón flotastjóri, johannes.karl.karason@samskip.com, eða í síma 858 8660.



Jafnlaunaúttekt
PwC
2016

samskip

Saman náum við árangri

BÍLSTJÓRI

ÓSKUM EFTIR AÐ RÁÐA STARFSMANN Á LAGER

Óskum eftir lagerstarfsmanni í fullt starf. Helst koma þeir til greina sem búa yfir öguðum vinnubrögðum, nákvæmni og skipulagshæfileikum í bland við jákvætt hugarfar. Viðkomandi þarf að vera líkamlega hraustur og eiga gott með að vinna í samvinnu við hóp samstarfsmanna á lager. Æskilegt er að viðkomandi hafi meirapróf eða áhuga á að taka slíkt próf.

RAFEINDAVIRKI

ÓSKUM EFTIR AÐ RÁÐA RAFEINDAVIRKJA / RAFVIRKJA

Umsækjendur þurfa að hafa brennandi áhuga á rafeindatækni og viðgerðum, vinna vel bæði í hóp og sjálfstætt og hafa ríka þjónustulund. Í starfinu felst að taka á mót, bilanagreina og gera við margvísleg raftæki ásamt samskiptum við viðskiptavini.

Raftækjaverkstæðið annast þjónustu á mörgum heimþekktum vörumerkjum á borð við Philips, Panasonic, Saeco, iRobot, Delonghi og Kenwood.

Áhugasamir vinsamlega fyllið út umsóknareyðublað á www.sm.is/job

Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • sm.is



Verkefnastjóri á Málm- og véltæknisviði

Verkefnastjóri á málm- og véltæknisviði hannar, skipuleggur og kennir á námskeiðum málm- og véltæknisviðs. Hann framkvæmir vottanir á fagmönnum á þeim sviðum sem falla undir VMS. Verkefnastjóri heimsækir fyrirtæki og hefur umsjón með kennslu á vettvangi.

Helstu verkefni

- Kennsla á fagtengdum námskeiðum í málmsmíði, kælítækni, suðu og fleiru
- Hönnun og umsjón á námsefni
- Uppbygging á tengslaneti í iðnaðinum með fyrirtækjaheimsóknum og viðburðum
- Önnur verkefni sem sviðsstjóri og/eða framkvæmdastjóri IDUNNAR fela honum

**Umsóknarfrestur er til og með 7. september nk.
Ráðið verður í starfið sem fyrst.**

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið með tölvupósti, mottaka@idan.is. Með umsókn skal fylgja greinargóð ferilskrá og kynningarbréf.

Nánari upplýsingar gefur Kristján Kristjánsson, sviðsstjóri málm- og véltæknisviðs.

Hæfniskröfur:

- Sveinspróf á sviði málm- og vélaíðnaðar auk annarra tæknimenntunar sem nýtist í starfi
- Reynsla af kennslu er kostur
- Gott vald á íslensku og ensku í ræðu og riti
- Skipulögð, sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Framúrskarandi samskiptafærni, frumkvæði og árangursdrifni.



IDAN 10 ára
fræðslusetur

Sími 590 6400 www.idan.is

BLIKSMIÐURINN
PEKKING - FÆRNI - ÞJÓNUSTA
Adalvegur 5 - 110 Reykjavík - www.blikk.is - 888@blikk.is

Blikksmiður / Rafvirki / Vélvirki

Blikksmiðurinn hf óskar eftir starfsmanni í þjónustudeild fyrirtækisins, óskað er eftir manni með góða þekkingu á vél og tæknibúnaði loftræsikerfa.

Um framtíðarstarf er að ræða, góð laun í boði fyrir réttan aðila.
Upplýsingar um starfið veitir Karl Hákon s: 892 8379, karlh@blikk.is



Ertu í stuði?

Hófst þú nám í rafiðngrein,
raf- eða rafvélaþjónun, rafveituvirkjun eða
rafeindavirkjun en laukst því ekki?

Ertu að starfa við þær greinar þrátt fyrir að
hafa ekki lokið sveinsprófi?
Hefur þú hug á að ljúka því námi sem þú hófst?

Kynningarfundur verður á Stórhöfða 27
mánudaginn 29. ágúst 2016 kl. 17:00.

“Ertu í stuði?” er verkefni sem ætlað er að finna leiðir
til að meta þá færni sem þátttakendur hafa aflað sér í
námi og starfi.

Markmiðið er að þátttakendur ljúki sveinsprófi.

**Nánari upplýsingar er hægt að fá á
heimasíðu Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins
www.rafnam.is - Raunfærnimat
eða í síma 580 5256**

STRÁ

Starfsemi STRÁ ehf. býr að aldarfjórðungs reynslu og þekkingu á sviði starfsmanna- og ráðningarmála en stofan hefur unnið fyrir mörg helstu og leiðandi fyrirtæki landsins um árabíl.

Rík áhersla er lögð á trúnað varðandi vörslu gagna og upplýsinga bæði gagnvart umsækjendum, sem og vinnuveitendum.

Menninganótt hjá Klettum á Catalinu þar sem hljómsveitin YR spilar nokkur lög þar sem Reynir Guðmunds söngvari og Rósi Sigurdss gítarleikari úr YR eru á landinu þessa stundina og ætla þeir að taka lagið með okkur í Klettum.



Gullnáman

Heimilismatur í hádeginu virka daga • Eldhúsið opið alladaga til kl. 21:00 • Boltatilboð • Snyrtilegur klæðnaður áskilinn

Lækjarberg

221 Hafnarfirði

Opið hús sunnudaginn
21. ágúst kl.18:00 - 18:30

Stærð: 228,7 fm
Fjöldi herbergja: 5
Byggingarár: 1998

RE/MAX
Senter


RE/MAX SENTER KYNNIR:

Glæsilegt einbýlishús á vinsælum stað í Setberginu í Hafnarfirði.

Fimm herbergi - tvær stofur og þrjú svefnherbergi

Húsið er virkilega vandað og vel viðhaldið.

Verð: 78.900.000



RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 104 Reykjavík - Sími: 414 4700 - www.remax.is

Vatnsstígur 15

101 Reykjavík

Opið hús sunnudaginn
21. ágúst kl.15:00 - 15:30

Stærð: 135,3 fm
Fjöldi herbergja: 4
Byggingarár: 2008

RE/MAX
Senter

RE/MAX SENTER KYNNIR:

Vönduð íbúð á fyrstu hæð við Vatnsstíg með stæði í bílageymslu ásamt 10,5 fm sérgeymslu í kjallara. Sér þvottahús innan íbúðar. Eignin skiptist í 3 svefnherbergi og stofu. Hjónaherbergið er rúmgott með sér baðherbergi einnig er útgengt á svalir. Eldhús opið inni stofu og er eikarparkett á gólfi, baðherbergin er tvö annað með sturtu og hornbaðkari.

Verð: 64.900.000



RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 104 Reykjavík - Sími: 414 4700 - www.remax.is

Bústaðavegur 79

108 Reykjavík

Vel skipulögð efri hæð- og risibúð

Stærð: 112,6 fm
Fjöldi herbergja: 5
Byggingarár: 1951
Fasteignamat: 30.750.000.-

RE/MAX
Senter

Guðlaugur Jónas
Sölufulltrúi
661-6056
gulli@remax.is

Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
899 6753
arg@remax.is



Mánudaginn 22. ágúst kl 18:00 - 18:30

Verð: 48.900.000

RE/MAX SENTER og Guðlaugur kynna mjög vel skipulagða efri hæð- og risibúð með fjórum rúmgóðum svefnherbergjum, tveimur baðherbergjum, annað þeirra með sturtu og hitt með hornbaðkari. Stutt er í alla þjónustu, skóla og leikskóla. Stór sameiginleg garður er bæði að framan hús og aftan. Með eign fylgir 15 fm mjög góður geymsluskúr á lóð eignarinnar. Allar upplýsingar um eign veitir Guðlaugur í síma 661-605615.

RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 104 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is

Hringbraut 103

101 Reykjavík

Falleg íbúð í endursteynuðu húsi

Stærð: 51,5 fm
Fjöldi herbergja: 2
Byggingarár: 1942
Fasteignamat: 18.050.000

RE/MAX
Senter

Guðlaugur Jónas
Sölufulltrúi
661-6056
gulli@remax.is

Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
899 6753
arg@remax.is



Þriðjudaginn 23. ágúst kl. 18:00-18:30

Verð: 29.900.000

RE/MAX SENTER og Guðlaugur kynna fallega tveggja herbergja íbúð á 2 hæð. Stórt svefnherbergi, nýlegt baðherbergi og nýleg eldhúsinnetting sem opin er inn í stofu íbúðar. Nýlegar stórar suðvestur svalir og hefur hús jafnframt verið endursteynað.

Allar upplýsingar um eign veitir Guðlaugur í síma 661-6056.

RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 104 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is

Hvassaleiti 155

103 Reykjavík

4 herb. m/útsýni og bílskúr!

Stærð: 121,5 fm
Fjöldi herbergja: 4
Byggingarár: 1962
Fasteignamat: 35.650
Bílskúr: Já

RE/MAX
Senter

Ingunn H Nielsen
Sölufulltrúi (í lögg.námi)
611 6007
ingunn@remax.is

Vigdís Rós.
Lögg. fasteignasali
414 4700
vigdis@remax.is



Þriðjudaginn 23.ágúst kl. 18:00-18:30

Verð: 34.900.000

RE/MAX Senter kynnir: Bjarta 4 herbergja íbúð með 3 svefnherbergi og bílskúr. Íbúðin er á efstu hæð með suður svölum og miklu útsýni. Tilvalin eign fyrir barnafólk eða fjárfesta. Frábær staðsetning stutt í: Leikskóla, grunnskóla, menntaskóla (Verzlunarskóla Íslands), Kríngluna, Borgarleikhúsið, Austurvegur o.m.fl. Virkt húsfélag er í húsinu. Búið að endurnýja: Lagnir fyrir skolp og dren, malbika bíllaplan, endurnýja gangstétt og snjóbræðslu.

RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 104 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is

Fálkakraun 8

220 Hafnarfjörður

Frábær staðsetning

Stærð: 175 fm
Fjöldi herbergja: 5
Byggingarár: 1999
Fasteignamat: 46.400.000

RE/MAX
Fjörður

Opið Hús



Sunnudaginn 21 ágúst milli 14:00 og 14:30

Verð: 56.900.000



RE/MAX Fjörður kynnir: Gott einbýlishús á tveimur hæðum á fallegum barnvænum stað við Fálkakraun 8 í Hafnarfirði. Eignin er skráð samkvæmt FMR 175 fm og þar af bílskúr sem breitt hefur verið í útleigu íbúð 32,9fm.Neðri hæð: komið inn í flísaglaft anddyri með fataskáp. Þvottahús inn af anddyri með innréttingu. Rúmgott svefnherbergi með parketi á gólfi, sér baðherbergi með klósetti og vaski inn af herbergi. Rúmgott og bjart eldhús með góðu skápaplássi, gashelluborð og háfur tengi fyrir uppþvottavél og ofn í vinnuhæð flísar á gólfi. Rúmgott og bjart stofa með flísar á gólfi, útgengi á hellulagða vernd úr stofu. Geymsla með flísar á gólfi inn af gangi. Efri hæð: Tvo rúmgóð barna herbergi með parketi á gólfi og fataskáp, annað þeirra er nýtt í dag sem sjónvarpsherbergi. Rúmgott og bjart hjónaherbergi með parketi á gólfi og fataskáp. Baðherbergi með flísar á gólfi. Upphengt WC og baðinnrétting baðkar og sturtuklefi. Stórar og rúmgóðar svalir. Stutt í alla þjónustu svo sem grunnskóla, leikskóla verslun ofl. Allar nánari upplýsingar gefur Páll Guðmundsson lögg. fasteignasali í síma 861-9300 eða og Viglundur Helgason í síma 891-9981.

Víglundur
Sölufulltrúi (í lögg.námi)
viglundur@remax.is

Páll Guðmunds
Lögg. fasteignasali
861-9300
pallb@remax.is

RE/MAX Fjörður - Lækjargata 34d - 220 Hafnarfjörður - Sími: 519 5900 - www.remax.is

Seljavegur 33


101 Reykjavík

Falleg eign á vinsælum stað.

Stærð: 81,7 fm
Fjöldi herbergja: 4
Byggingarár: 1941
Fasteignamat: 27.450.000

RE/MAX
Senter

Opið Hús



Mánudaginn 22.ágúst kl. 18:00-18:30

Verð: 35.500.000

Falleg 4ra herbergja íbúð á 2.hæð á þessum vinsæla stað í Reykjavík. Frábærlega vel staðsett eign: Örstutt í Vesturbæjarskóla, leikskólann Drafnarstein, verslanir, og fallegar göngu- og hjólaleiðir meðfram ströndinni. Íbúðin skiptist í: Hol/gangur, 2 svefnherbergi, 2 stofur (möguleiki að breyta stofu í herbergi), eldhús með borðkrók, baðherbergi með sturtu og opnanlegum glugga. Sér geymsla í sameign og sameiginlegt þvottahús. Snýrtlegur stigaangur.

Ingunn H Nielsen
Sölufulltrúi (í lögg.námi)
611 6007
ingunn@remax.is

Vigdís Rós.
Lögg. fasteignasali
414 4700
vigdis@remax.is

RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 104 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is



SÓLTÚN KYNNIR

ÖRYGGIS- OG ÞJÓNUSTUÍBÚÐIR

Til sölu fyrir 60 ára og eldri í Sóltúni 1-3, Reykjavík. Verð frá kr. 39.800.000.

UM ÍBÚÐIRNAR

Nýjar og bjartar tveggja til fjögurra herbergja íbúðir í fimm hæða húsi, að meðaltali um 95 m² að stærð, til sölu fyrir 60 ára og eldri. Yfirbyggðar suðursvalir. Staði í upphitaðri bílageymslu, auk þess sem geymsla fylgir öllum íbúðum.

Íbúðirnar eru staðsettar í Sóltúni 1-3, beint á móti Sóltúni hjúkrunarheimili. Frábær staðsetning miðsvæðis og stutt í alla þjónustu í nágrenninu.

Kynntu þér íbúðirnar, verðskrá og aðrar upplýsingar á www.soltunibudir.is eða hafðu samband við okkur og bókaðu fund.

ÍBÚÐIRNAR VERÐA AFHENTAR VORIÐ 2017



Sóltún

ÖRYGGIS- OG ÞJÓNUSTUÍBÚÐIR

Sóltún 1 ehf | Laugavegi 182 | 105 Reykjavík
Sími 563 1440 | soltunibudir@soltunibudir.is | www.soltunibudir.is


PORT hönnun



Hugmynd að fasteign.



Hugmynd að fasteign.



Er þetta framtíðarstaðsetning þíns fyrirtækis?

Til sölu hornlód fyrir atvinnuhúsnæði á besta stað með miklu auglýsingagildi við Lambhagaveg 11. Lóðin er með góðu aðgengi við stofnæð. Byggja má hús frá 4.522 til allt að 5.900 m² með geymslu og kjallarárymum.

Hús á lóðinni mega vera 3 hæðir, allt að 12 metrar á hæð.

Búið er að greiða gatnagerðargjöld fyrir 4.522 m² byggingu.

Verð 221.000.000,-

Einnig er hægt að fá tilboð í hús á lóðina sem afhent væri með fullfrá-genginni lóð, hús fullbúið að utan en fokhelt að innan. Fyrir liggja drög að húsi og geta kaupendur unnið teikninguna áfram með seljanda þannig að húsið verði klæðskerasamað að þörfum kaupanda.

Nánari upplýsingar gefa:



Hilmar Þór Hafsteinsson
lögg. leigumiðlari
lögg. fasteignasali
S. 824 9098
hilmar@eignamidlun.is



Guðlaugur Ingi Guðlaugsson
lögg. fasteignasali
S. 864 5464
kjartan@eignamidlun.is



Kjartan Hallgeirsson
lögg. fasteignasali
S. 824 9093
kjartan@eignamidlun.is

EIGNAMIÐLUN
588 9090 · www.eignamidlun.is · Grensásvegi 11 · 108 Reykjavík

Sala fasteigna frá
Elsta starfandi í steignasala landsins

1957

ráðum
ráðningarstofa

Er verið að leita að þér?

RÁÐUM EHF · Vegmúla 2, 108 Reykjavík · Sími 519 6770 · radum@radum.is



Skeifan 17 218 m² á 3. hæð

Nýlega uppgert skrifstofurými sem skiptist í þrjú herbergi og opið vinnurými. Snyrtileg kaffiástaða og sameiginleg salernisaðstaða á hæðinni. Tilbúið til afhendingar við undirritun leigusamnings. 360° myndir á www.reitir.is.



Hátún 2b 365 m² á 2. hæð

Vandað endurnýjað skrifstofuhúsnæði með parketi og gólfsíðum gluggum. Rúmgóð rými í kjallara bjóða upp á ýmsa nýtingarmöguleika.



Faxafen 5 230 m² á 2. hæð

Skrifstofuhúsnæði á 2. hæð í lyftuhúsi. Tilbúið til afhendingar eða lagað að þörfum leigutaka.



Höfðabakki 9 416 m² á 5. hæð

Skrifstofuhúsnæði á 5. hæð í þessari glæsilegu byggingu. Möguleiki á að innrétta og endurnýja miðað við þarfir leigutaka.

TIL LEIGU

Myndir, telkningar og nánari upplýsingar má nálgast á www.reitir.is og hjá Halldóri Jenssyni sölustjóra í 840 2100 eða halldor@reitir.is.

Kringlan 4-12

103 Reykjavík

www.reitir.is

575 9000

REITIR

Velkomin til starfa

Saga til næsta bæjar



Stefán Pálsson segir frá skrítnu atviki í lækningasögunni.

Þann 10. október 1990 kom fimmtán ára gömul stúlka á fund bandarískrar þingnefndar. Hún hét Nayirah, en eftirnafn hennar var látið liggja á milli hluta af ástæðum sem síðar komu í ljós. Sagan sem hún hafði að segja var áhrifarík og vakti gríðarlega athygli.

Nayirah var frá Kúveit en fyrr um haustið hafði Íraksher undir stjórn einræðisherrans Saddams Hussein ráðist inn í landið og hernumið það. Táningsstúlkan lýsti tárvot en með styrkri röddu hvernig Íraskir hermenn hefðu farið ránsferðir um sjúkrahús í landinu og stolið þar hvers kyns tækjabúnaði, þar á meðal hita- og súrefniskössum fyrir hvítvöðunga. Ungbörnin hefðu hreinlega verið rifin úr kössunum og lögð á gólfíð til að deyja drottinni sínum.


Fjölmíðlar á Vesturlöndum gerðu vitnisburðinum góð skil og sagan af gripdeildunum á ungbarnaspítölunum var margoft rifjuð upp á næstu vikum og mánuðum í aðdraganda Flóabardaga þar sem alþjóðlegt herlið hrakti Íraka frá Kúveit.

Það var ekki fyrr en síðar að blaðamenn fóru að grafast betur fyrir um hina hugrökku, ungu stúlku. Marga þyrsti að fregna meira um sögu hennar. Í ljós kom að hún hét fullu nafni Nayirah al-Sabah og var dóttir sendiherra Kúveits í Bandaríkjunum. Þegar sveitir Saddams Hussein réðust inn í grannríkið var Nayirah í Bandaríkjunum og upplifði sjálf enga þeirra atburða sem hún lýsti í frásögn sinni. Almannaþengla-skrifstofa í New York hafði tekið að sér að undirbúa stúlkuna fyrir fund þingnefndarinnar og í raun samið handritið fyrir hana.

Eftir á að hyggja var sagan líka tortryggileg. Engin ástæða er til að gera lítið úr ránum og spellvirkjum Íraska hersins meðan á hernáminu stóð, en erfitt er að sjá hvers vegna í ósköpunum Írakar hefðu átt að ágirnast tiltölulega ódyran sjúkrahúsúnað frá grönnum sínum. Sjálfir þjuggu þeir við frekar gott og ágætlega tækjum búið heilbrigðisferfi, auk þess sem nóg var af verðmætari og meðfærligri hlutum til að stela.

Sagan af stolnu hitakössunum í Kúveit var að öllum líkindum uppspuni frá rötum. Safaríkar frásagnir sem ætlað er að leggja áherslu á fölsku óvinarins eru kunnar úr öllum styrjöldum, þannig gengu miklar sögur af ódæðum Þjóðverja í Belgíu í byrjun fyrri heimsstyrjaldarinnar. Samkvæmt þeim hafði þýska innrásarliðið einkum varið tímanum í að misþyrma prestum og nunnum, þótt erfitt sé að skilja hvaða hernaðarlega ávinningi slík hermdarverk ættu að skila.

Hugmyndin um deyjandi hvítvöðunga sem teknir hafa verið úr hitakössunum er sterk. Raunar er erfitt að gera sér í hugarlund grimmúðlegri



Börn í sýningarkössum



Börn höfð til sýnis í hitakössum.

verknað. En sú var tíðin að kassar þessir, sem bjargað hafa lífi tugþúsunda fyrirbura um víða veröld, voru ekki jafn sjálfsgöðir gripir á sjúkrahúsum. Saga þeirra er forvitnileg og hefur óvænnta tengingu við sögu skemmtana- og afþreyingariðnaðar í Bandaríkjunum.

Frakkar í útrýmingarhættu

Það voru franskir læknar sem lögðu grunn að vísindunum að baki hitakassatækninni. Áhugi þeirra á ungbarnavernd var af pólitískum og efnahagslegum rótum. Á nitjándu öld snarminnkaði frjósemi Frakka miðað við grannþjóðirnar. Franskar konur eignuðust sífellt færri börn og þótt Frökkum fjölgaði vissulega, þá var vöxturinn ekkert í líkingu við það sem gerðist hjá nágrönnum þeirra Þjóðverjum.

Franskir ráðamenn höfðu af þessu þungar áhyggjur, enda sáu þeir fram á að valdahlutföll í álfunni myndu



Auglýsing um sýningu á börnum fæddum fyrir tímann.

með þessu áframhaldi breytast innan fárra áratuga og Þjóðverjar styrkjast á kostnað Frakklands. Stjórnvöld brugðust við þessu á fyrirsjáanlegan hátt og reyndu að hvetja konur til barneigna með því að höfða til ættjarðarástar. Jafnframt hugkvæmdist heilbrigðisfyrirvöldum að rétt væri að



SÝNINGIN VAR ÓHEFLAÐ

TILFINNINGAKLÁM OG

MINNTI HELST Á

FURÐUFUGLASÝNINGAR

FORTÍÐARINNAR.

reyna að draga úr barnadauða, þannig að fleiri þeirra barna sem þó fæddust kæmst til manns. Með því var nýr tónn sleginn í heilbrigðisögunni, því fram að þessu höfðu flestir litið á skelfilega háa dánartíðni ungbarna sem náttúrulegt og óhjákvæmilegt fyrirbæri.

Fæðingarlæknirinn Stép-hane Étienne Tarnier komst að þeirri niðurstöðu að bjarga mætti lífi fyrirbura með réttri næringu og því að halda þeim í röku og hlýju umhverfi. Í því skyni var t.d. reynt að vefja börnin þétt inn í rök teppi og láta þau liggja sem næst heitum ofni. Þegar Tarnier kynntist útungunarkössum sem franskir kjúklingabændur voru að gera tilraunir með, sá hann strax möguleika tækninnar.

Árið 1881 lét hann útbúa og setja upp búnað við stærstu fæðingardeildina í Parísarborg. Um var að ræða trékassa með glerloki. Á kassanum voru loftgöt og rými fyrir flösku með heitu vatni til að mynda raka og ylja kornabörnunum sem þar lágu. Tarnier getur ekki talist uppfinningamaður hitakassans, því nokkrir aðrir læknar höfðu gert svipaðar tilraunir. Hann var hins vegar sá fyrsti til að beita uppfinningunni á markvissan hátt og á fáeinum misserum minnkaði barnadauðinn á fæðingardeildinni um þriðjung.

Aðstoðarmaður Tarniers og eftirmaður í embætti, Pierre-Constant Budin, hélt áfram á sömu braut.

Hans kunnasta framlag í baráttunni við barnadauða voru rannsóknir á kostum brjóstamjólkur, en áður höfðu flestir hallast að því að kúamjólk væri kornabörnum hollari en brjóstamjólk. Budin þróaði hitakassatæknina áfram og var óþreytandi að reyna að vekja athygli fræðasamfélagsins og stjórnmalamanna á henni.

Í því skyni ákvað hann að senda ungan þýskan aðstoðarmann sinn á iðnsýninguna í Berlín árið 1896, sem var ógnarmikil að vöxtum og vakti heimsathygli. Ferðin átti eftir að valda straumhvörfum í lífi aðstoðarmannsins, sem síðar tók sér nafnið Martin Arthur Couney.

Atriði sem slær í gegn

Hitakassarnir voru settir upp í þeim hluta sýningarinnar sem helgaður var heilbrigðisvísindum og dró helst til sín lækna og læknastúdenta. Til að sýna betur hvernig tækin virkuðu í notkun voru fengnir fyrirburar af nálægum spítölum til að liggja í þeim meðan á sýningunni stóð. Afleiðingarnar voru óvæntar. Frá fyrsta degi lá stríður straumur gesta í sýningar-skálann, einkum kvenna sem drögust að brjóstumkennanlegum og agnar-smáum krílunum.

Aðstoðarmaðurinn ungi sá þegar í stað viðskiptatækifæri og hélt ekki aftur til yfirmanns síns í París. Þess í stað sneri hann sér alfarið að því að smíða sína eigin hitakassa og ferðast á milli heimssýninga vestan hafs og austan til að sýna þá.

Couney settist að í New York og rétt eftir aldamótin 1900 setti hann upp sýningu í skemmtigarði á Coney Island og rak næstu áratugin. Sú sýning gerði hann frægan í heilbrigðisögunni, sumir myndu þó frekar segja alreimdan.

Yfir sýningarskálans Martins Couney á Coney Island var risastór borði með áletruninni: „All the World Loves a Baby“ og það mátti til sanns vegar færa. Gegn því að greiða aðgangseyri gátu gestir fengið að skoða fyrirbura í hitakössum, börn sem óvíst var að myndu lifa mikið lengur en sem áttu þó möguleika á að þrúka með tilstilli tækninnar. Börnin voru í flestum tilvikum fengin frá foreldrum sem ekki höfðu ráð á að leita á náðir barnaspítala, sem þess utan höfðu sjaldnast yfir slíkum búnaði að ráða.

Sýningin var óheflað tilfinningaklám og minnti helst á furðufuglasýningar fortíðarinnar, þar sem áhorfendur keyptu sig inn til að sjá dverga, fatlað fólk eða manneskjur af öðrum kynþáttum. Ýmsir kollegar doktors Couneys töldu það gróft brot á siðareglum lækna að nota sjúklinga sem sýningargrip og töldu það ámælisvert að tækjabúnaðurinn væri einungis í notkun þá mánuði ársins sem skemmtigarðarnir á Coney Island voru starfræktir. Sýningarstjórnin skelti þó skollaeyrum við slíkri gagnrýni. Sjálfur leit hann á sig sem bjargvætt gríðarlegs fjölda barna sem að öðrum kosti hefðu ekki átt langt líf fyrir höndum.

Hvað sem flóknur siðferðisþvingunum liður er óumdeilt að sýningin í New York og sambærilegar sýningar á stórum heims- og tæknisýningum víða um lönd áttu stóran þátt í að kynna hitakassatæknina og breiða hana út.

Arthur Couney lést árið 1950, um það leyti sem súrefnis- og raka-stýrðir hitakassar fyrir kornabörn urðu staðalbúnaður á bandarískum sjúkrahúsum. Ári síðar kom fyrsti slíki kassinn til Íslands og var settur upp á sjúkrahúsi bandaríska setu-liðsins á Keflavíkflugvelli. Fáeinum misserum síðar fylgdu íslenskar sjúkrahússtjórnir í kjölfarið.

Árið 1956 fékk Sjúkrahús Vestmannaeyja hitakassa að gjöf með samskotum velunnara. Af því til efni ritaði sjúkrahúslæknirinn Einar Guttormsson blaðagrein til útskýra hið nýja tæki, sem enskumælandi menn kölluðu „incubator“ en hann nefndi bæði „útungunarfél“ og „fóður móður“. Löngu fyrr hafði vestur-íslenska blaðið Heimskringla látið sér detta í hug nýyrðin „vermiból“ eða „vermirekja“. Eru það allt ágætis tillögur.



NORR 11

MENNINGARNÆTURTÓNLEIKAR

X977 • BAR 11

HAM

DIMMA

JÚNÍUS MEYVANT

XXX ROTTWEILER

ÚLFUR ÚLFUR

EMMSJÉ GAUTI

GÍSLI PÁLMI

AXEL FLÓVENT

KONTINUUM

HÓRMÓNAR

CYBER



Domino's

97.7





459
kr. 420 g

Gæða Lágkolvvetnabrauð
420 g

**LAGT
VERÐ
ALLA DAGA**



30%
Meira magn
Sama verð



385
kr. 1 kg

Myllu Heimilisbrauð
1 kg

NÝTT Í BÓNUS



298
kr. 1 l

Goji Berry
Safi, 1 lítri



11

**GOTT Í
BOOSTÍÐ!**

498
kr. 1 l

Eggjahvítur
1 lítri



**ENGIN
KOLVETNI**

179
kr. 591 ml

Powerade Zero
591 ml, 3 teg.



139
kr. 500 ml

Aquarius
500 ml

**HOLLT OG GOTT
Á GÓÐU VERÐI Í BÓNUS**



**HÁMARK
PRÓTEINDRYKKUR**



498
kr. pk.

Hámark Próteindrykkur
3x250 ml, 3 teg.



195
kr. kg

Kartöflur
Í lausu, premier



298
kr. 500 g

Gulrætur
500 g



259
kr. kg

Rófur



259
kr. kg

Hvítkál

NÝ UPPSKERA

**ÚRBEINAÐAR
KÓTILETTUR**



1.498
kr. kg

Stjörnugrís Grísakótilettur
Í raspi, úrbeinaðar, ferskar



3.998
kr. kg

Íslandsnaut
Ungnauta Ribeye, ferskt

100%
Íslenskt
ungnautakjöt

**GOTT Á
GRILLIÐ!**



2.998
kr. kg

Íslandsnaut Piparsteik
Ungnautasteik, fersk

SPARAÐU MEÐ BÓNUS



1.898
kr. kg

Kjörfugl Kjúklingabringur
Ferskar



759
kr. kg

Kjörfugl Kjúklingaleggir
Ferskir



759
kr. kg

Kjörfugl Kjúklingur
Ferskur, heill



2.198
kr. kg

Bónus 100% Kjúklingabringur
Ferskar, ekkert viðbætt vatn

100%
kjöt

**KJÚKLINGUR
Á GÓÐU VERÐI Í BÓNUS**



**ÓDÝRARA
AÐ KRYDDA SJÁLFUR**



698
kr. kg

KS Lambasúpukjöt
Frosið



259
kr. kg


KS Lambalifur
Frosin



1.298
kr. kg

KS Lambalæri
Frosið

BONUS EKKERT BRUÐL



Merkisatburðir

1898 Á Þingvöllum er vígt veitinga- og gistihúsið Valhöll, nefnt eftir búið Snorra Sturlusonar.

1906 Grettisbeltið er veitt á Akureyri í fyrsta sinn fyrir sigur í glímu.

1968 Vorið í Prag er brotið á bak aftur af 200.000 hermönnum og 5.000 skriðdrekum frá Varsjárbandalaginu.

1975 Mont Blanc er klifið af íslenskri konu í fyrsta sinn, Ólafíu Aðalsteinsdóttur.

1982 Halldóra Filippusdóttir er fyrst kvenna til að klífa Eldey, hún er í 18 manna hópi.



Faðir okkar,
Kristinn Tómasson

lést á hjúkrunarheimilinu Eir þann
14.08. Jarðarförin hefur farið fram.

Jens, Tómas og Áslaug



Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug
við andlát og útför elskulegrar móður
okkar, tengdamóður, ömmu
og langömmu,

Helgu Þórðardóttur

Sérstakar þakkir til starfsfólks
á hjúkrunarheimilinu Mörk fyrir frábæra
og kærleiksrika umönnun.

Anna Kristjánsdóttir

Unnur Dóra Kristjánsdóttir

Þórður Kristjánsson

ömmubörn og langömmubörn.

Jón Hersteinn Jónasson

Árni Björn Björnsson

Tina Kristjánsdóttir

ömmubörn og langömmubörn.



Davíð

útfararstjóri



Óli Pétur

útfararstjóri



551 3485 • udo.is



*Við erum til staðar
þegar þú þarft á
okkur að halda*

Þorsteinn Elísson

Útfarar- og lögfræðipjónusta

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.



Útfararstofa kirkjugarðanna

Vesturhlíð 2 Fossvogi | Sími 551 1266 | útför.is



„Ég hef bara verið verkfæri í höndum Hlyns Þórs við að láta þetta gerast,“ segir Hrafn um Skákmótið á Reykhólum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Hér er bæði skákmót og fagnaðarfundur

Skákmót verður haldið í dag á Reykhólum í minningu Birnu E. Norðdahl, (1919-2004), brautryðjanda sem varð fyrir 40 árum Íslandsmeistari kvenna og Reykjavíkumeistari.

Þetta er bæði skákmót og fagnaðarfundur til að heiðra minningu Birnu Norðdahl, sem var brautryðjandi í þátttöku kvenna í skák,“ segir Hrafn Jökullsson um viðburð á Reykhólum sem hefst klukkan 14 í dag.

Mótið er haldið í íþróttahúsinu, viðbyggingu við skólann, og Hrafn segir það glæsilegan mótsstað. „Við eigum von á mörgum gestum og heimamönnum, enda allir velkomnir, hvort sem þeir tefla eða ekki. Þetta verður ábyggilega í fyrsta skipti í skáksögunni sem verðlaun í kvennaflokki verða hærri en karla. Það hefur hingað til verið á hinn veginn.“

Hrafn segir kvennalandsliðið mæta í heild sinni, ein úr hópnum, Guðlaug Þorsteinsdóttir, hafi verið þar samtímis Birnu. „Önnur skákdrottning sem var í landsliðinu með Birnu, Sigurlaug R. Friðþjófsdóttir, er hér líka. Þær tvær voru í brautryðjendahópnum sem Birna setti á laggirnar og sá til þess að Íslendingar sendu kvennasveit á Ólympíumót í fyrsta skipti 1978, þær tvær tefldu á slíkum mótum 1978 og 80. Svo eru stúlkur í liðinu núna sem voru ekki fæddar þegar ævintýrið í íslenskri kvennaskák byrjaði.“

Valinkunnir karlkynsmeistarar, eins og Jóhann Hjartarson Íslandsmeistari, Jón L. Árnason, fyrrverandi heimsmeistari sveina, og Hannes Hlífar Stefánsson, sem oftast allra hefur orðið Íslandsmeistari í skák, verða meðal þátttakenda á mótinu, að sögn Hrafns. „Síðan koma skákmenn úr öllum áttum. Þetta er vel skipað minningarmót og ég hlakka mikið til.“

Hrafn segir alla í sveitinni koma að undirbúningnum, nefnir kvenfélagið, grunnskólann og vinnuskólann en það sé Hlynur Þór Magnússon, umsjónarmaður Reykhólavefsins, sem hafi átt frumkvæðið. „Ég hef bara verið verkfæri í höndum hans við að láta þetta gerast.“



Birna Norðdahl
Íslandsmeistari kvenna
1976 og 1980
Reykjavíkumeistari
1976

Birna var á forsíðu tímaritsins Skákar 1991.

Hrafn kveðst hafa kynnt sér ævi Birnu og feril og orðið sífellt hrifnari. „Birna var hrifandi og drífandi manneskja, bóndakona og handavinnukona sem bjó í Bakkakoti, í grennd við Rauðhóla ofan við Reykjavík. Hún tefldi á skákmóti árið 1940, 21 árs, en þá hafði kona ekki sést á skákmóti á Íslandi áður. Svo tefldi hún ekki á móti fyrr en vakning varð í kvennaskák á Íslandi um miðjan 8. áratuginn, og loks var byrjað að brjóta niður þann karlamúr sem hefur umlukið skákina alltof mikið. Birna safnaði upp á eigin spýtur

farareyri fyrir kvennasveitina alla leið til Argentínu árið 1978 því það var sett sem skilyrði fyrir þátttöku að konurnar söfnuðu fyrir ferðinni sjálfar.


Hún dvaldi á Reykhólum síðasta áratug ævinnar, þar bjó hún til Birnulund, hlóð skjólvegg, smíðaði bekki og gróðursetti plöntur. Nú verður sá lundur endurbættur og steinstétt í honum gerð að taflborði. Dóttir Birnu, Indiana Ólafsdóttir, býr á Reykhólum og hefur haldið uppi merki móður sinnar með því að kenna krökkum í skólanum skák.“ gun@frettabladid.is

Málar mynstur gamalla útskurðargripa

Sæunn Þorsteinsdóttir myndlistarkona opnar sýninguna Mynstur í Sögusetrinu á Hvolsvelli á morgun. Útskurðarmunir í Skógasafni urðu henni innblástur að sumum verkanna.

„Ég er bara að ljúka við að hengja upp verkin, þau eru eitthvað um 40, bæði málverk og pappírsvörk,“ segir Sæunn Þorsteinsdóttir myndlistarkona stódd í Gallerí Ormi í Sögusetrinu á Hvolsvelli. Hún ætlar að opna sýninguna Mynstur þar á morgun, sunnudaginn 21. ágúst, klukkan 16.

Sæunn er uppalin í Skógum undir Eyjafjöllum og segir sum af málverkunum unnin eftir skissum sem hún gerði á safninu þar. „Ég hef alltaf verið heilluð



Eitt verkanna á sýningunni.

af fortíðinni og því hvernig hún fléttast saman við samtímann og vísar veg til framtíðar,“ segir hún. Sæunn finnur líka gömlum íslenskum landshlutakortum og vörulistum ný hlutverk með því að brjóta pappírinn í origami-form og raða saman í hringmynstur.

„Ég er alltaf að vinna í myndlist,“ segir Sæunn sem er ásamt níu öðrum með hönnunar- og listagallerí á Skólavörðustíg 21. Skúmasket heitir það og er í húsnæði gömlu Fatabúðarinnar. „Aðalvandinn undanfarnar vikur var að selja ekki of mikið svo ég hefði eitthvað til að sýna,“ segir hún glaðlega.

Sýningin í Sögusetrinu stendur til 15. september milli klukkan 9 og 18. gun@frettabladid.is



„Ég er alltaf að vinna í myndlist,“ segir Sæunn og kveðst nota akrýl og vatnslíti.



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,
Haukur Sigurðsson
Austurbergi 14, Reykjavík,
varð bráðkvaddur á heimili sínu
18. ágúst. Hann verður jarðsönginn
frá Grensáskirkju föstudaginn 26. ágúst
klukkan 13.00.

Örn Hauksson
Sigurjón Hauksson
Haukur Jón Arnarson

Margrét Sigurðardóttir
Helgi Þór Arnarson



Þökkum innilega auðsýnda samúð
og hlýhug við andlát og útför
okkar ástkæru

Ingu Jónu Ingimarsdóttur
Vesturgötu 37,
Keflavík.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk deildar
A4 LSH og starfsfólk líknardeildar HSS.

Fyrir hönd aðstandenda,
Hallgrímur Arthúrssón



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir og afi,
Helgi Sæmundsson
umsjónarmaður fasteigna,
Daggarvöllum 4b, Hafnarfríði,
sem lést miðvikudaginn 17. ágúst, verður
jarðsönginn frá Víðistaðakirkju, Hafnarfríði,
föstudaginn 26. ágúst kl. 13.00.

Þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélagið.

Guðbjörg Harðardóttir
Hörður Guðni Helgason Sandra Bilotaite Helgason
Nida Líf
Sæmundur Breiðfjörð Helgason Karen Rós Sæmundardóttir
Tristan Andri, Aþena Nótt, Ísak Orri
Eva Dögg Helgadóttir Pétur H. Tryggvason
Aron Bjarki, Embla Ýr, Leó Már



Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug
við andlát og útför
Sigurðar K. Magnússonar
Stafholti, Reynimel 66.

Sérstakar þakkir til allra þeirra sem af
hjálpsemi og umhyggju létu honum lífið.

Aðstandendur.



Helga Þórðardóttir
kennari
Fálkagötu 14, Reykjavík,

sem lést á dvalar- og
hjúkrunarheimilinu Grund þann
12. ágúst, verður jarðsönginn frá Neskirkju
mánudaginn 22. ágúst kl. 13.00.

Tómas Tómasson Soffía Ellertsdóttir
Þorbjörn Tómasson Sigríður Hjartardóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,
Geir Ragnar Gíslason
leigubilstjóri,

lést þann 17. ágúst á hjúkrunarheimilinu
Grund. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju
fimmtudaginn 25. ágúst kl. 13.00.

Gísli Geirsson Gurli Geirsson
Svala Geirsdóttir Vilhjálmur Hafberg
Hanna M. Geirsdóttir Arnbergur Þorvaldsson
Brynja Geirsdóttir Sigurður B. Viðarsson
barnabörn og langafabörn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,
Erla Sörladóttir
Hjallaseli 55,
áður Hraunbæ 64,

sem lést föstudaginn 22. júlí,
verður jarðsönginn frá Árbæjarkirkju
þriðjudaginn 23. ágúst kl. 15.00.

Guðbjörg Ásta Guðmundsdóttir Jerzy Goldberg
Ingibjörg Goldberg
Sólveig Jóhanna Guðmundsdóttir
Katrín Guðmundsdóttir Árni Freyr Thorlacius
Erla Rúna Guðmundsdóttir Jens Guðfinnsson
barnabörn og barnabarnabörn.



Elskulegur faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,
Sveinn Bjarnason
húsasmiður,
Blesugróf 10, Reykjavík,

lést 17. ágúst á hjúkrunarheimilinu
Sunnuhlíð. Útförin fer fram frá Garðakirkju,
þriðjudaginn 23. ágúst kl. 13.00.

Ólafur Björn Sveinsson Rósa Björk Magnúsdóttir
Grétar S. Sveinsson Ágústa Hjartar
barnabörn og barnabarnabörn.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,
amma, langamma og langlangamma,
Sigrún Björnsdóttir
Tjarnargötu 47, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Grund
9. ágúst. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju
mánudaginn 22. ágúst kl. 15.

Ólöf Björg Björnsdóttir Helgi Marinó Magnússon
Ingunn G. Björnsdóttir
Jón Gunnar Björnsson
Ingólfur Björnsson Auður Inga Ingvarsdóttir
og aðrir aðstandendur.



Okkar innilegustu þakkir fyrir
auðsýnda samúð og vinarhug vegna
fráfalls elskulegs eiginmanns míns,
föður, tengdaföður, afa og langafa,
Viðis Sigurðssonar
stýrimanns og kennara,
Austurgerði 2,

sem lést þriðjudaginn 26. júlí sl.

Jóhanna Ásdís Þorvaldsdóttir
Sigurður Viðisson Ragnheiður Gísladóttir
Vilborg Viðisdóttir
Þorvaldur Viðisson Sólveig Huld Guðmundsdóttir
og fjölskyldur.



Mamma okkar,
Renate Sillus
Aðalstræti 8, Akureyri,

lést eftir langvarandi veikindi og fór í
ljós Jesú Krists 17. ágúst. Útför hennar
fer fram frá Höfðakapelli föstudaginn
26. ágúst kl. 10.30. Við kveðjum hana með gleði
og jákvæðni í hjarta í hennar anda.

Michael
Wolfgang
Ulrike
Martin
og allir vinir hennar.



Eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,
Jón Bjarnason
frá Á, Skaröströnd,
Kirkjulundi 8, Garðabæ,
lést sunnudaginn 7. ágúst. Útförin hefur
farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

Helga S. Árnadóttir
María Jónsdóttir Guðmundur Viborg
Bjarney Margrét Jónsdóttir
Árdís Hrönn Jónsdóttir Helgi Þór Sigurbjörnsson
Jóhanna Kristín Jónsdóttir Heimir Jónsson
barnabörn og barnabarnabörn.



**NÝIR TÍMAR FRAMUNDAN
Á FRÉTTASTOFU STÖÐVAR 2
FYLGSTU MEÐ 22. ÁGÚST**



Konráð og félagar á ferð og flugi ²¹³

Bragi Halldórsson

„Nú segi ég bara eins og Róbert, hvaða stafasúpa er nú þetta?“ sagði Kata þegar hún sá næstu þraut. Lísaloppa horfði á þrautina drygklanga stund. „Ég skil þetta núna,“ sagði hún sigri hrósandi. „Það á að raða þessum stöfum, þremur í þrjár línur eins og sýnt er, nema að stafirnir verða að vera í annarri röð svo hægt sé að lesa út úr þeim lausnarorðin.“ „Nú, nú,“ var það eina sem Kata sagði. Svo bætti hún við: „Blyant og blað!“ Það vantar ekki keppnisskapið í Kötu.

A A Á
S S I
R R Æ

Getur þú raðað þessum stöfum þannig að fram komi þriggja stafa kvenmannsnafn, karlmannsnafn og orð yfir haf, hvort sem lesið er lóðrétt eða lárétt?



Jakobi Guma finnst skemmtilegast að tefla og fara í útilegu. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

Æfir ofurhetjuhopp

Hann **Jakob Gumi Vignisson**, fimm ára, er í skóla sem heitir Austurkór og svo er hann líka í Latabæjarskóla þar sem hann er Spiderman.

Hann Jakob Gumi Vignisson er fimm ára en hafnar því algerlega að hann sé í leikskóla eins og fram kemur í fyrstu tveimur svörum hans við spurningum blaðamanns.

Jakob Gumi, hvað heitir leikskólinn þinn? Þetta er ekki leikskóli. Þetta er skóli – Austurkór.

Hvað finnst þér skemmtilegast að gera í leikskólanum? Í skólanum?

– að fara í bíló og playmo og það er svona Batman-hús í skólanum mínum. Svo fer ég út að leika mér með Veigari vini mínum og Þorvari.

Hvað gerðir þú í sumarfríu þínu? Ég fór til útlanda og var í Noregi.

Hvað finnst þér skemmtilegast að gera? Mér finnst skemmtilegast að tefla og að fara í útilegu.

Mamma sagði að við ætluðum ekki að fara aftur í útilegu.

Hvert er uppáhaldsdýrið þitt? Það er api og svo risaeðlur. Það eru flugrisaeðlur og alveg fullt af risaeðlum. Svo drekar líka.

Ertu að æfa einhverja íþrótt? Ég er í Latabæjarskóla. Þar er ég að æfa mig og gera ofurhetjuhopp á dýnu. Ég var Spiderman í gær í Latabæjarskólanum.

Leikur vikunnar

Strik eða sto

Þátttakendur stilla sér upp framan við gluggalausan vegg. Einn heldur á bolta, kastar honum í vegginn og nefnir nafn einhvers í hópnunum, til dæmis: „Upp fyrir Kötl!“ Katla á að grípa boltann, kasta honum aftur í vegginn og nefna nafn einhvers annars.

En ef Katla grípur ekki boltann hlaupa allir frá veggnum á meðan hún nær í boltann. Þegar hún hefur

hendur á boltanum kallar hún: „Stol!“ Þá eiga allir að stoppa og hún að hitta einhvern krakkann. Ef það tekst fær sá krakki strik og á að kasta í vegginn næst en annars fær Katla strik og kastar. Þegar einhver hefur fengið þrjú strik er hann úr leik.



Endalaust sumar

ENDALAUS GSM
2.990 KR.

ÓTAKMARKAÐ TAL, SMS OG 30 GB GAGNAMAGN*

EKKI HAFNA ÁHYGGJUR AF SÍMNOTKUNINNI Í SUMARI!

Settu þig í samband og fáðu Endalaus GSM

1817

365.is

*Grenni er aukalaga fyrir farismarkortun erlendis, til ótöndu og í upplýsinganúmer. Næstur upplýsingar er að fána GSM skammtum á 365.is. *30 GB gagnamagn er ótakmarkað í hverjum mánuði en endalaust gagnamagn fyrir 2.000 krónur bætist við ef ferð er umfram 30 GB.



Lestrarhestur vikunnar Þóra Ákadóttir, 10 ára

Hvaða bók lastu síðast, Þóra, og um hvað var hún? Ég las Elddrekan Fernó, hún var um strák sem átti að frelsa hann úr galdraól.

Manstu eftir fyrstu bókinni sem var í uppáhaldi? Ég vildi oft láta lesa bækurnar um Emmu fyrir mig þegar ég var lítil.

Hvers lags bækur þykja þér skemmtilegar? Skáldsögur og spennubækur.

Í hvaða skóla ertu? Í Seljaskóla.

Ferðu oft á bókasafnið? Já, ég fer frekar oft.

Hver eru helstu áhugamálin þín? Íþróttir, sérstaklega fimleikar og skemmtilegar bækur, föndur og að skrifa sögur.

Ef þú ætlaðir að skrifa bók um hvað yrði hún? Ég myndi skrifa um stelpu sem sér dularfulla fugla og eltir þá inn í helli sem hún hefur aldrei séð áður.



Þóra fékk bókina Ég elska máva eftir Þorgrím Þráinsson í verðlaun.

Að venju efna Borgarbókasafnið, Bókmenntaborgin og Forlagið til sumarlesturs á meðal barna. Fyrir hverja lesna bók skrá lesendur nafn sitt og titil bókarinnar á þar til gerða miða og setja í pott sem dregið er úr vikulega. Lestrarhestur vikunnar hlýtur bók að launum.

LISTAUKANDI BEYGLUR

ALLAR BEYGLUR Á 399 KR.



Rjómaostur



Sulta og rjómaostur



Kalkúnabringa



Lax og rjómaostur



Beikon, egg og ostur



Naut, skinka og BBQ



Kjúklingur og beikon



Hráskinka



Caprese-salat


Byrjaðu daginn á Dunkin' Donuts. Opið frá kl. 07-22
á Laugavegi, Fitjum og í Hagasmára. Opnunartíma
í Kringlunni má finna á dunkindonuts.is.

   | Laugavegur 3 | Kringlan | Hagasmári 9 | Fitjar



VEÐUR & MYNDASÖGUR

Veðurspá Laugardagur



Í dag verður víða hægur vindur og bjart veður, hiti 13 til 18 stig. Líkur eru á þokulofti austanlands og svalara þar. Í höfuðborginni á Menningarnótt verður hæg breytileg átt eða hafgola og þurrt. Það verður þokkalega bjart þó það verði líklega skýjað af háskýjum. Hitinn 15 til 16 stig. Veðurútlitið gæti varla verið betra fyrir hátíðina.

Heimurinn

Kaupmannah. Oslo 20°	Stokkhólmur 20°	Gautaborg 21°	Helsinki 19°	Þórshöfn 13°	Nuuk 6°
London 21°	Amsterdam 23°	Paris 23°	Berlin 27°	Madrid 31°	Brüssel 23°
Róm 31°	Boston 22°	New York 25°	Orlando 26°	Moskva 23°	Singapúr 28°
Tókyó 25°	Sydney 10°				

Flóð & fjara

Flóð	Fjara
Reykjavík 19.33	01.31
3,89m	0,11m
19.54	01.42
4,13m	0,10m

Akureyri	
11.59	05.42
1,49m	0,16m
12.08	05.58
1,54m	0,26m

Ísafjörður	
21.23	03.34
2,14m	0,00m
21.42	03.42
2,36m	0,46m

Tunglstaða



Vaxandi
69%

Sólarupprás:

05.35

Sólarlag:

21.24

Reykjavík

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
13° ← 2	15° ← 10	14° ← 5	15° ← 8	14° ← 7

Ísafjörður

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
13° ↓ 3	13° ← 4	14° ← 4	9° ← 7	8° ← 8

Akureyri

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
15° ↖ 1	15° ↖ 6	14° ↖ 5	11° ← 4	13° ← 4

Egilsstaðir

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
11° ← 3	14° ↖ 5	13° ← 2	11° ← 5	10° ← 4

Kirkjubæjarklaustur

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
12° ← 7	14° ← 12	14° ← 9	11° ← 8	11° ← 7

Myndasögur

PONDUS

Hahah, gamli góði Benny Hill! Maður minn lifandi!

Og yfir sig sturluð eiginkona sem er skuggalega nálægt að geyspa golunni, en þæluð ekki í því!

Bíddu hæg! Þýðir þetta í rauninni: „Skiptu um stöð, ellegar fer ég í svæsna fýlu“?

Já, þú getur hengt þig upp á það.

Já, þú ert að gera þetta hérna líka, ekki satt??

Spot on, Einstein.

GELGJAN

Tíminn er ein þeirra aðferða sem Móðir náttúra notar til þess að láta ekki allt gerast í einu.

I GUESS YOU'D ENJOY IT! HEADPHONES? THE COVER? ASK THE SAME NIGHT! IT'S THE PERFECT TIME TO BOOTH!

Augljóslega, átti hún ekki ungling, bölvuð.

BARNALÁN

Mamma! Hannes rennbeytti mig alla með þessari heimskulegu vatnsbyssu!!

Ég skal tala við hann.

Ég er búin að breyta. Ég vil frekar bara hefna mín!

Með vatnsbyssunni hans Hannesar?

Nei, ég ætla að nota garðslönguna!

Passaðu bara að hafa mikinn kraft og náðu öllum óhreinindum af honum núna.

TIL LEIGU

VANDAÐAR ÍBÚÐIR Í SKIPHOLTI 11-13



MEÐ EÐA ÁN HÚSGAGNA

FRÁ OG MEÐ 15. ÁGÚST

Rúmgóðar 2ja herbergja íbúðir með suðursvölum á góðum stað í miðborginni

LEIGA Á MÁNUÐI: ÁN HÚSGAGNA KR. 240.000
MEÐ HÚSGÖGNUM KR. 340.000

Nánari upplýsingar á heimasíðu okkar:

www.leigufelagid.is

SÍMI: 571 6403- leigufelagid@leigufelagid.is

ALLTAF VIÐ HÖNDINA

Þú getur lesið Fréttablaðið í heild sinni á Vísi og í Fréttablaðs-appinu



Þú færð appið á vísir.is/fbl eða beint í gegnum App Store, Google Play og Microsoft

FRÉTTABLAÐIÐ ... allt sem þú þarft

GLAMOUR

SKRÁÐU ÞIG Í ÁSKRIFT

GLAMOUR GEFUR 10% af lausa-og áskriftasölu ágústmánaðar til góðgerðasamtakanna **EVERY MOTHER COUNTS**.



Áskrifendur GLAMOUR fá blaðið sent heim til sín einu sinni í mánuði fyrir aðeins 1.690 kr. Fullt verð á blaðinu í lausasölu er 2.150 kr.



„Ég hef gaman af að segja sögur og búa til sögur og geri það óspart í textunum mínum,“ segir Ösp sem er að gefa út eigið efni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Erfitt að vera með hjartað á tveimur stöðum

Hún heitir Ösp eftir öspunum í garðinum á Tjörn í Svarfaðardal. Starfar sem söngkona í London og er að gefa út plötu með eigin efni bæði á vinyll og asparskífum úr garðinum heima. Tales from a Poplar Tree, heitir platan.

Gunnþóra
Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Ösp Eldjárn Kristjánsdóttir svarar í heimasímann á Tjörn í Svarfaðardal þar sem hún hefur verið í löngu og góðu frii frá stórborgarlífinu í London. „Tíminn hér í Svarfaðardalnum líður öðru vísi en úti og hér er gott að eiga athvarf,“ segir hún. Kveðst hafa komið heim í byrjun ágúst til að fara í göngu með foreldrum sínum, Kristjáni Hjartarsyni og Kristjönu Arngrímsdóttur, en skroppið út aftur til að syngja á Cambridge Folk Festival, einni

stærstu þjóðlagahátíð á Englandi. „Mig dreymir um að vera hér á Tjörn hálf árið og hálf árið í London. Er að reyna að byggja þá brú. Það er svo erfitt að vera með hjartað á tveimur stöðum,“ segir hún.

Ösp hefur sungið frá því hún man eftir sér, var í kór, kom fram með foreldrum sínum, söngverkalýðssöngva með Þórnari föðurbróður sínum og sálma í kirkjunni. „Það koma margir að Tjörn út af kirkjunni og sögunni. „Farðu út í kirkju og syngdu fyrir fólkið, var oft sagt við mig og ég fór,“ rifjar hún upp hlæjandi.

Nú er Ösp að fara að gefa út disk þar sem hún syngur eigin tónsmíðar og er búin að taka upp fjögur lög af

tíu. Hann heitir Tales from a Poplar Tree. Hún semur flesta textana sjálf en stórskáld eins og Davíð Stefánsson og Páll Ólafsson eiga þar líka ljóð.

Þar sem margir kaupa frekar tónlist á netinu en geisladiska fengu hún og kærastinn, Richard, sem er vefhönnuður, þá óvenjulegu hugmynd að gefa löginn hennar út á vinyll og við. „Af því ég heiti Ösp og er mikill trúannandi datt mér í hug að saga niður skífur úr greinum sem komu illa undan vetri í garðinum á Tjörn, handskrifa nafnið mitt á þær og hafa slóð með niðurskóða hinum megin. Þá getur fólk hlaðið niður lögnum,“ útskýrir hún og bendir fólki á að hafa samband við sig gegn um heimasíðuna ospmusic.is

og kveðst vera með söfnun á Karolina Fund til að fjármagna útgáfuna.

Það var í bluegrass-hljómsveitinni Brother Grass sem Ösp fór fyrst að búa til eigin músík. Í skólanum Institut of Contemporary Music í London þar sem hún lauk BA-prófi, kveðst hún hafa fengið mikinn stuðning við að semja sjálf og lokatónleikarnir þar hafi verið með eigin efni hennar.

Ösp hefur verið búsett í London í fimm ár, fyrst við nám og síðustu tvö ár sem söngkona og kennari. „Að vera sjálfstætt starfandi í borg eins og London þýðir að maður þarf að búa sér til alls konar störf. Ég er djasssöngkona, þjóðlagasöngkona og syng í vel metnum kór, London Contemporary

Voices. Þar syngjum við lög í óhefðbundnum útsetningum. Á 800 manna tónleikum í Frakklandi í júlí söng ég lag sem ég samdi við ljóðið Ástarnetið eftir Pál Ólafsson með 50 manna kór. Ég er líka í bandi með tveimur mönnum, öðrum frá Japan og hinum frá Sri Lanka. Við köllum okkur Hrim og erum að vinna að plötu. Verðum á hátíð í Wales í september sem heitir Festival Number 6.“

Meðal þess sem Ösp fæst við er að kenna börnum undir þriggja ára aldri tónlist. „Ég bjó til prógramm með tónlist og hreyfingu, er með klúta og hristur og leik mér með krökkunum á fjölskylduvænum kaffihúsum. Þetta geri ég til að eiga fyrir húsaleigunni!“

Einfalt, kómískt, harmrænt og yndislegt

BÆKUR

Ef þú vilt

★★★★★

Helle Helle

Þýðing: Silja Aðalsteinsdóttir

Útgefandi: Mál og menning

Prentun: Oddi

Síðufjöldi: 163

Kápa: Halla Sigga

Það skyldi engan undra að Helle Helle hefur um nokkurt skeið verið á meðal allra vinsælustu skáldsagnahöfundu Dana. Hún skrifar næman, stílhreinan og fallegan texta uppfullan af dönskum húmor eins og hann gerist bestur og tekst á við hluti sem við flest þekkjum úr okkar daglegu lífi. En á sama tíma gera bækur hennar kröfu til lesandans um að lesa af næmni og

jafnvel áfergju og draga fram allt það sem undir liggur. Allt það sem er í lífi sem virðist slétt og fellt en er allt annað og meira.

Ef þú vilt, hennar nýjasta skáldsaga, er engin undantekning á þessu og það er mikið gleðiefni að hún skuli hafa ratað til íslenskra lesenda í hnökra-lausri og vandaðri þýðingu Silju Aðalsteinsdóttur. Ef þú vilt segir frá hinum 48 ára gamla Roar, sem er jafnframt sögumaður, og konunni Jeo sem er áratugnum yngri. „Þetta er ekki ég. Ég stend ekki svona á bak við tré úti í skógi.“ Þetta eru upphafsorð sögunnar, orð Roar sem er villtur í dönskum skógi, villtur og stefnulaus í lífi án tilgangs. Jeo verður á vegi hans í skóginum og saman villast þau um skóginn í tvo sólarhringa. Án símasambands, án stefnu, ráfa þau um hölt, ælandi og umkomulaus en enginn saknar

þeirra. Tvær grátbroslegar og einmana manneskjur í grátbroslegum aðstæðum. Einfalt, kómískt, harmrænt og yndislegt. Það er sérstaklega eftirtektarvert að Helle Helle skuli velja þá leið að nota karlmanninn Roar, litlausan og óspennandi starfsmann á tölvuverkstæði, sem sögumann. Það kemur því eins og ferskur andblær inn í frásögnina þegar líf Jeo tekur söguna yfir án þess að vikið sé frá sögumanni. Tilfinningin er eins og höfundurinn taki af honum valdið og það leynir sér ekki að það er sagan hennar sem skiptir máli. Sagan um líf kvenhetjunnar sem er í raun um margt venjulegt og óspennandi en verður þó í meðförum höfundar eitthvað svo óendanlega mannlegt



og hlaðið sögnum um daglegt líf okkar í nútímasamfélagi. Hlaðið meitluðum hugsunum um einmanaleika og sambönd, hlutverk kynjanna, stöðu móðurinnar í nútíma samfélagi og þannig mætti áfram telja. Og allt er brotið upp í hversdagslegum einfaldleika af ljóðrænni fegurð. Hjónaband hennar riðar til falls en lífið heldur áfram af algjöru miskunnarleysi: „Hún lærði að fylla hænu.“ Einfalt, kómískt, harmrænt og yndislegt.

Þrátt fyrir einfaldleika og meitlaðan stíl er texti Helle Helle margbrotinn, djúpur og fullur af forvitnilegum bókmenntalegum vísunum og allt of langt mál væri að elta allar

uppi. Nær er að leyfa lesendum að njóta þeirra í hverju skrefi hinna harmrænu hlaupara. Þó má nefna að efni titilsins er til að mynda að finna í þeirri látlausu athöfn að Jeo býður Roar ennisbandið sitt til þess að vefja utan um blæðandi blöðru á fæti hins óreynda hlaupara. Ennisbandið er í eigu drengsins sem Jeo gekk í móðurstað. „Þú mátt fá ennisbandið mitt, ef þú vilt, segir hún svo.“ Einföld og látlaus athöfn er orðuð hversdagslega, en er þrúngin af tilfinningu og hláðin merkingu um líf hennar og stefnu. Einfalt, kómískt, harmrænt og yndislegt. **Magnús Guðmundsson**

NIÐURSTAÐA: Einföld bók sem lætur lítið yfir sér en er í raun hláðin merkingu og dásamlegum vanga-veltum um líf okkar, sambönd og einmanaleika.

Mannakorn

í Eldborg,
1. október

Mannakorn er ein ástsælasta
hljómsveit landsins og kemur
nú fram í Eldborgarsal Hörpu
í fyrsta sinn.

Sveitinni til halds og trausts
er fantagóð strengja- og
blásturssveit sem mun
gæða öll bestu lög
sveitarinnar einstökum blæ.

Miðasala hefst 25. ágúst
kl. 10:00 á tix.is, harpa.is
og í miðasölu Hörpu.

DÆGURFLUGAN  HARPA

LAUGARÁS BÍÓ

miði.is
Miðasala og nánari upplýsingar

HELL OR HIGH WATER 16

SAUSAGE PARTY 16

NERVE 12

BADMOMS 12

TILBOÐ KL. 2

LAUGARÁS BÍÓ	Sýningartímar
HELL OR HIGH WATER	5:50, 8, 10:10
NERVE	10:10
SAUSAGE PARTY	8, 10:10
LEYNILÍF GÆLUDÝRA 2D ISL.TAL	2, 4, 6
LEYNILÍF GÆLUDÝRA 3D ISL.TAL	4
LEYNILÍF GÆLUDÝRA 2D ENS.TAL	2 (BARA SUN), 4, 6
BADMOMS	8
ÍSÖLD 2D ISL.TAL	1:40

SAMBIÓIN Sambio.is

Frá James Wan, leikstjóra The Conjuring 1 og 2, kemur einn magnaðasti spennutryllir ársins!

77% RÖGEBERT.COM

5★ LOS ANGELES TIMES

5★ VARIETY

86% WASHINGTON POST CHICAGO TRIBUNE

lights out Porir þú? 16

Frá þeim sömu og færðu okkur The Jungle Book

Fullkomin mynd fyrir alla fjölskylduna

PETE'S DRAGON Stærsta mynd sumarsins er komin

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA		SAMBÍÓIN EGILSHÖLL	
LIGHTS OUT	KL. 6-8-10-10:40	LIGHTS OUT	KL. 6-8-10
